



skoðun 20

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn





DOMTI
Þín innkaup á einstöku verði
Smáratorgi


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Miðvikudagur
1. desember 2010
282. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




**Jólastemning í Svíþjóð**
*Jóhanna Guðrún syngur inn jólin hjá frændum vorum.*
fólk 58

**Uppsögn óhjákvæmileg**
*Félagsmálaráðuneytið taldi óhjákvæmilegt að segja upp samningi við meðferðarheimilið Árbót.*
fréttaskýring 18



**Haukarnir hefndu**
*Haukar unnu níu marka stórsigur á FH-ingum í Kaplakrika í gærkvöldi.*
sport 52

**veðrið í dag**





**ÞURRT AÐ MESTU** Í dag verða suðvestan eða vestan 5-13 m/s, hvassast NV-til. Dálítil væta V-til en annars bjart. Hiti 0-8 stig.
VEÐUR 4



**RÓLEGT Á TJÖRNINNI** Fuglarnir spásseruðu létt um ísilagða Tjörnina í gær. Veður var milt og áfram er spáð þannig veðri um allt land þar til á morgun þegar aftur fer að kólna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tugþúsunda gjöld lögð á borgarbúa

**Skattar og þjónustugjöld Reykjavíkurborgar hækka samkvæmt fjárhagsáætlun. Meirihlutinn segir álögur á fjögurra manna fjölskyldu hækka um 50.000 krónur á ári. Sjálfstæðismenn segja að hækkunin geti numið allt að 150.000.**

**REYKJAVÍK** Fjárhagsáætlun meirihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur gerir ráð fyrir talsverðum hækkunum á sköttum og þjónustugjöldum til íbúa, þar sem útsvarsprósenta hækkar til dæmis úr 13,03 prósentum upp í 13,20.

Samkvæmt útreikningi meirihlutans munu útgjöld fjögurra manna fjölskyldu hækka um tæpar 50.000 krónur á ári, þegar litið er til útsvars, fasteignaskatts, lóðarleigu, leikskólagjalda og kostnaðar við skólamat og frístundaheimila. Sjálfstæðismenn telja hins vegar að hækkunin til barnafjölskyldu geti aukist um allt að 150.000 krónur á ársgrundvelli.

Meirihluti og sjálfstæðismenn miða hins vegar við mismunandi fjölskyldumynstur og sjálfstæðismenn taka fleiri þætti með í reikninginn, líkt og hækkun gjaldskrár Orkuveitu Reykjavíkur sem gæti numið 30.000 krónum á mánuði.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, sagði í samtali við Fréttablaðið að markmið meirihlutans hafi verið að ná jafnvægi í hagræðingaraðgerðum.

### Breytingar milli ára

| | 2010 | 2011 |
|---|---|---|
| Útsvar | 1.250.880 | 1.267.200 |
| Fasteignaskattur | 47.251 | 45.000 |
| Lóðarleiga | 2.650 | 4.950 |
| Leikskólagjöld | 247.860 | 261.121 |
| Skólamatur | 45.000 | 49.500 |
| Frístundaheimili | 75.285 | 90.342 |
| Útgjöld alls | 1.668.926 | 1.718.113 |
| Útgjaldahækkun á mánuði | | 4.099 |

Útgjaldahækkun fjögurra manna fjölskyldu verður um 50.000 krónur á næsta ári samkvæmt útreikningum meirihlutans. Þá er miðað við heimilistekjur upp á 800.000 krónur fyrir skatta, annað barnið er á leikskóla, hitt í grunnskóla og á frístundaheimili. Fasteignamat húsnæðis og lóðar er 20 milljónir króna og þar af er fasteignamat lóðar 3 milljónir.

Heimild: Reykjavíkurborg

„Við reyndum því að hlífa fjölskyldunum við álögum, en um leið vildum við ganga úr skugga um að þetta yrði varanlegur sparnaður.“

Dagur sagði að ekkert ætti í raun að koma á óvart við þessa fjárhagsáætlun.

„Nema það að við gætum náð þessu án þess að setja útsvarið í botn og án þess að grípa til enn frekari gjaldskrárhækkana.“

Hann segir að eftir fyrirhugaðar hækkanir á gjaldskrá séu þær þó sambærilegar við það sem gerist í öðrum sveitarfélögum, og jafnvel lægri, og þau ættu jafnvel eftir að hækka álögur fyrir næsta ár.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna, gefur þó lítið fyrir þau rök.

„Það að búa í stærsta sveitarfélagi landsins á að fela í sér þannig hagræðingu að það á að vera ódýrara að búa hér en annars staðar. En með þessum hækkunum er meirihlutinn að breyta lífsskilyrðum í borginni og þetta mun lenda mjög hart á borgarbúum og sérstaklega barnafólki.“

Hanna Birna segir að í raun sé ekki þörf til að fara út í aðgerðir með þessum hætti, þó að hóflegar hækkanir á gjaldskrá, vegna verðlags, hefðu verið eðlilegar. Hún segir stöðu borgarsjóðs vera sterka þar sem lausafjárstaðan sé um 18 milljarðar og á þeim tímum eigi ekki að sækja meira fjármagn til borgarbúa.

- þj / sjá síðu 8

Stjórnlagaþing skipað:

## Þrír af 25 af landsbyggðinni

**STJÓRNLAGAÞING** Þjóðkjörnir fulltrúar á stjórnlagaþingi verða 25. Tíu þeirra eru konur en ekki kom til þess að beita þyrfti lagaákvæði til að jafna kynjahlutföll þingmanna. Aðeins þrír þingmannanna eru landsbyggðarmenn.

Þingmennirnir eru að stærstum hluta þekktir einstaklingar. Einn frambjóðandi er óumdeildur sigurvegari kosninganna en það er Þorvaldur Gylfason prófessor.

Áreiðanleikakönnun bendir til að ástæðulaust sé að efast um niðurstöðu kosninganna, að sögn sérfræðings Landskjörstjórnar.

- shá / sjá síðu 10

fyrir jólin
Jólabæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is





Jólabónus
AMERICAN EXPRESS



2xfleiri Vildarpunktar
Skráðu þig á americanexpress.is og fáðu tvöfalda Vildarpunkta Icelandair af allri veltu fram að jólum!

## SPURNING DAGSINS



*Sölvi, er ekki einfaldara að sleppa bara jólahlaðborðinu?*

„Þegar ég var sextán sagði ég við mömmu að ef ég vildi lifa eins og munkur þá gengi ég í klaustur.“

Sölvi Fannar Viðarsson einkaþjálfari er nú með fyrirlestra undir nafninu Á jólahlaðborð með góðri samvisku. Þar fjallar hann meðal annars um hvernig auka megi aðdráttarafl og kynþokka.

Skiptastjóri þrotabús Fons hafnar kröfum frá slitastjórn Glitnis vegna framvirkra samninga:

# Tíu milljarðar greiddir án undirritunar samninga

**VIÐSKIPTI** Skiptastjóri þrotabús Fons hefur hafnað tveimur kröfum slitastjórnar Glitnis í búið, sem nema samtals 10,8 milljörðum króna. Kröfurnar eru vegna framvirkra samninga um hlutabréfa- og gjaldeyrisviðskipti sem skiptastjórinn telur að séu ekki undirritaðir með fullnægjandi hætti.

Dómsmál hefur verið höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur vegna ágreinings um kröfurnar.

Kröfurnar nema 8,35 milljörðum og 2,43 milljörðum og eru vegna sjö framvirkra samninga um hlutabréfaviðskipta og átta framvirkra samninga um gjaldeyrisviðskipti.

Í greinargerð skiptastjórans sem lögð hefur verið fyrir dóminn segir að einungis einn samningur úr hvorum bunka hafi verið undirritaður af Pálma Haraldssyni og Guðnýju Reimarsdóttur. Það sé ófullnægjandi, auk þess sem vafi sé um að þau hafi haft umboð til að skuldbinda félagið með þeim hætti þar sem viðskiptin teldust óvenjuleg eða mikils háttar.



PÁLMI HARALDSSON

Glitnir hefur mótmælt afstöðunni og sagt að samningarnir séu lögmætir og ekki hafi þurft undirritun. **- sh**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Ágreiningur um milljarðaviðskipti Glitnis og Fons kemur til kasta dómara.

Rannsakar talfæri kynjanna:

## Konur byggðar til að tala skýrt

**VÍSINDI Bart de Boer, vísindamaður við Háskólann í Amsterdam, heldur því fram að talfæri kvenna séu sérlega vel hönnuð til þess að tala skýrt. Talfæri karla henti ekki jafnvel til þess að koma frá sér skýru máli. Talfæri apa séu þó sýnu óhentugust.**

**De Boer gerði tölvulíkan af ólíkum talfærum og prófaði hvernig þau hentuðu til að mynda hljóð. Í ljós kom að barkakýli kvenna er staðsett alveg mátulega hátt til að framleiða skýr talhljóð, en barkakýli karla er aðeins of neðarlega.**

**Niðurstöður rannsókna de Boers eru birtar í tímaritinu Journal of Phonetics. - gb**

Lánasjóður landbúnaðarins:

## Fjórtán milljarða lán afskrifað

**EFNAHAGSMÁL** Til stendur að afskrifa 13,8 milljarða vegna Lánasjóðs landbúnaðarins samkvæmt framhaldsnefndaráliti um fjáraukalög fyrir árið 2010. Sjóðurinn var vistaður hjá Landsbankanum en alls er ætlunin að afskrifa ýmsar skuldbindingar ríkisins hjá Landsbankanum um rúma 22 milljarða króna.



BJÖRN VALUR GÍSLASON

Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna í fjárlaganefnd, segir að í hinu „mikla óðagoti“ sem fylgdi einkavæðingu Landsbankans á sínum tíma tóku Björgólfur Guðmundsson og félagar Lánasjóð landbúnaðarins með í kaupunum. Hann segir að „gleymst“ hafi að aflétta ríkisábyrgðinni á þeim tíma. Skuldbindingin lenti því á ríkissjóði þegar Landsbankinn féll.

# Húsgagnasmíði slær í gegn hjá nýnemum

**Í hámarki uppsveiflunnar var aðsókn að námi í húsgagnasmíði í Tækniskólanum í lágmarki. Eftir hrunið flykkjast nýnemar í deildina. Nýnemar eru tíu að jafnaði en 22 vilja hefja nám eftir jól. Konur eru nú fleiri en karlar í deildinni.**

**MENNTUN** Guðmundur Hreinsson, skólastjóri Byggingartækniskólans, segir ásókn í húsgagnasmíði hafa sprungið út síðustu misseri. Alls sóttu 22 um að byrja í húsgagnasmíði á komandi vorönn. Undanfarið hafa nýnemar hverju sinni verið tíu talsins.

Guðmundur segir aðsóknina að húsgagnasmíðinni sveiflast talsvert eins og tískubylgjur. Stundum hafi hún farið „undir frostmark“ eins og hann orðar það.

„Þegar uppsveiflan í þjóðfélaginu var sem mest var minnsti spenningurinn fyrir þessu námi en upp úr hruni byrjaði einhver undiralda í hina áttina og núna virðist þetta vera alveg í þveröfuga stefnu,“ segir Guðmundur, sem kveður námið í húsgagnasmíði reyndar hafa tekið nokkrum breytingum. Það hafi færst meira í áttina að hönnun og því sæki fleiri listanemendur í deildina.

„Nú leyfum við nemendum að hanna sín eigin húsgögn og smíða eða þá að velja sér húsgögn eftir einhverja fræga hönnuði og smíða þau. Þar af leiðandi höfum við verið að fá nemendur sem hyggja á framhaldsnám í einhverju tengdu listum,“ útskýrir Guðmundur.

Þótt sumir hyggi á framhaldsnám að loknu námi í húsgagnasmíði ætla aðrir að róa á önnur mið. „Það er kostur að geta bæði hannað og smíðað sína gripi. Margir hafa hug á því að selja sína eigin hönnun og ég hef verið að segja við þessa nemendur að það sé aldrei að vita nema grundvöllur sé fyrir því að fólk hafi litla verslun og verkstæði á bak við – eins og þetta var hérna áður fyrr,“ segir Guðmundur.



**GUÐMUNDUR HREINSSON OG MAGNÚS ÓLAFSSON KENNARI ÁSAMT NEMENDUM** Skólastjóri Byggingartækniskólans og fyrsta árs nemar í húsgagnasmíði á sýningu á skápum og borðum sem nemendur smíðuðu. Sýningin hófst í gær og lýkur í dag í Tækniskólanum á Skólavörðuholti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Þegar uppsveiflan í þjóðfélaginu var sem mest var minnsti spenningurinn fyrir þessu námi en upp úr hruni byrjaði einhver undiralda í hina áttina og núna virðist þetta vera alveg í þveröfuga stefnu.
>
> GUÐMUNDUR HREINSSON SKÓLASTJÓRI

Í gær og í dag sýna fyrsta árs nemar smíði sína á skápum og borðum í Tækniskólanum á Skólavörðuholti og er öllum heimill aðgangur að sýningunni. Skólastjórinn segir samsetningu nemendahópsins hafa breyst gríðarlega. Þótt húsgagnasmiðir séu ekki alveg orðnir að kvennastétt sé yfir helmingur nemendanna konur.

„Eftir að þetta varð vinsælt hefur kynjahlutfallið verið næstum jafnt og það er virkilega gaman að því og mjög ánægjulegt að líta inn í kennslustofuna,“ segir Guðmundur Hreinsson.

gar@frettabladid.is

Atvinnuleysistryggingasjóður:

## 280 milljónir í jólabónus fyrir atvinnulausa

**ATVINNULEYSI** Þeir sem hafa verið á atvinnuleysisskrá í samtals tíu mánuði þetta ár fá greiddar tæpar 45.000 krónur í desember í uppbót úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Ríkisstjórnin samþykkti í gær að auka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs um 280 milljónir króna í þessu skyni.

Atvinnulausir þurfa ekki ð sækja sérstaklega um uppbótina, sem verður greidd út fyrir gamlársdag.

Fjárhæð sem greidd verður til hvers og eins ræðst af fjölda atvinnuleysisdaga. Uppbótin verður lægst 11.214 krónur miðað við óskertar bætur. **- pg**

Úthafsrækjuveiðar frjálsar:

## Rammi stefnir íslenska ríkinu

**DÓMSMÁL Útgerðarfélagið Rammi hf. hefur stefnt íslenska ríkinu vegna þeirrar ákvörðunar Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að gefa ekki út úthafsrækjukvóta á yfirstandandi fiskveiði. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir helgi og fær flýtimeðferð.**



JÓN BJARNASON

**Hafrannsóknastofnunin lagði til að heildarafli í úthafsrækju yrði 7.000 tonn. Jón Bjarnason ákvað hins vegar með reglugerð um miðjan júlí að úthafsrækjuveiðar yrðu gefnar frjálsar á þessu fiskveiðári. Rammi telur meðal annars að ákvörðun ráðherra brjóti í bága við meginreglur stjórnsýsluréttar og gegn eignarréttarákvæði 72. greinar stjórnarskrárinnar.**






Hringli með nafn Hagkaups lokið með leiðbeiningum frá Íslenskri málnefnd:

# Hagkaup framvegis í eintölu

**VERSLUN** Eftir talsvert hringl í gegnum fimmtíu ára sögu Hagkaups var skarið tekið af í fyrra um rétta notkun á nafni fyrirtækisins. „Við erum í eintölu,“ segir Gunnar Ingi Sigurðsson framkvæmdastjóri.

Eftir að ýmsar matreiðslubækur hafa ýmist verið nefndar Kökubók Hagkaups eða Hagkaupa eftir stefnu stjórnenda hverju sinni leitaði fyrirtækið til Íslenskrar málnefndar eftir leiðbeiningum.

„Í fyrra talaði ég við mikinn speking þar, mér fróðari, sem sagði að í raun væri hvort tveggja alveg rétt. En hann útskýrði þó að í raun væru þetta ein kaup,“ segir Gunnar um aðdraganda þess að ákveðið var fyrir um ári að nafnið yrði framvegis í eintölu. Vitnaði ráðgjafi hjá málnefndinni meðal annars í orðabókar Johans Fritzner frá nítjándu öld um fornízlensku og fornnorsku.

Nú hefur allt kynningarefni og annað sem ber nafn Hagkaups verið samræmt. „Okkur fannst dálítið kjánalegt að segja Hagkaupapokum. Það eina sem er kannski ljótt í eintölunni er þágufallið – frá Hagkaupi – en það venst. Og þannig verður það, að minnsta kosti á meðan þeir eru sáttir við okkur hjá málnefndinni,“ segir framkvæmdastjórinn. **- gar**




**LIÐIN TÍÐ** Ekki er von á fleiri Hagkaupabókum. Hér eftir verða þær allar Hagkaupsbækur í eintölu eins og allt annað sem tengist nafni fyrirtækisins.




# 3ja ára í dag!

## Við gefum öllum 84.674 viðskiptavinum okkar afmælispakka í tilefni dagsins!

Þín bíður skemmtileg afmælisplata með vinsælum íslenskum flytjendum á **nova.is** og **m.nova.is:**

**Hjálmar** – Gakktu þína leið
**Cliff Clavin** – As it seems
**Dikta** – Goodbye
**Hjaltalín** – Suitcase man
**Páll Óskar og Memfismafían** – Gordjöss
**Retro Stefson** – Kimba
**Feldberg** – You and me
**Hjálmar og Mugison** – Ljósvíkingur
**Cliff Clavin** – This is where we kill more than time
**Dikta** – Warnings
**Hjaltalín** – Hooked on chili
**Retro Stefson** – Salvatore

Safnplatan inniheldur lög með broti af því besta frá tónleikaröðinni Reykjavíkurnætur Nova.

Afmælisplötu Nova er hægt að sækja til og með 20. desember 2010.



**Þú átt afmælispakka á nova.is og m.nova.is!**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

## GENGIÐ 30.11.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,07 | 117,63 |
| Sterlingspund | 181,81 | 182,69 |
| Evra | 152,44 | 153,30 |
| Dönsk króna | 20,451 | 20,571 |
| Norsk króna | 18,872 | 18,984 |
| Sænsk króna | 16,634 | 16,732 |
| Japanskt jen | 1,3968 | 1,4050 |
| SDR | 178,55 | 179,61 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

206,7345

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fleiri konur ásaka Gunnar Þorsteinsson í Krossinum um kynferðislega áreitni:

# Sjö konur stíga fram og þar af sex undir nafni

**SAMFÉLAGSMÁL** Fleiri ásakanir um kynferðisbrot gegn Gunnari Þorsteinssyni, kenndum við Krossinn, berast nú fjölmiðlum. Pressan birti í gær yfirlýsingar frá tveimur konum, sem báðar koma fram undir nafni og segja Gunnar hafa áreitt þær. Alls hafa þá sjö konur borið Gunnar sökum, þar af sex undir nafni.

Önnur kvennanna tveggja, Ólöf Dóra Bartels Jónsdóttir, segir í yfirlýsingu sinni að Gunnar hafi leitað á sig kynferðislega og vísar meðal annars í dagbók sína frá árinu 1986 þar sem hún skráði niður atvikin.

Gunnar er sagður hafa gert óviðeigandi athugasemdir um líkamsvöxt hennar, káfað á brjóstum hennar og lendum, kysst hana ítrekað á munninn og rennt fingrum sínum inn undir nærbuxur hennar. Hin konan, Helga Björk Óskarsdóttir, segir Gunnar meðal annars hafa beitt hana ofbeldi og snúið upp á hendur hennar þegar hún var ólétt. Gunnar neitar sök en hefur ákveðið að víkja sem forstöðumaður Krossins. Brotin sem hann er sakaður um eru öll fyrnd að lögum.

Ásta Knútsdóttir, talskona kvennanna, fagnar því að Gunnar hafi vikið úr sæti en finnst ákaflega sorglegt að hann kalli það „gjörningaveður“, eins og hann orðaði það í yfirlýsingu sinni, þegar konur komi fram með sannleika af sárri reynslu sem þær hafi borið í mörg ár.

Ásta segir vitnisburð Ólafar sérstakan að því leyti að hún hafi sett sig í samband við hinar eftir að hún hafi séð fjallað um málið í fjölmiðlum. Hún sé ekkert tengd konunum fimm að öðru leyti. - sv



**GUNNAR ÞORSTEINSSON** Sjö konur hafa nú ásakað Gunnar í Krossinum um kynferðislega áreitni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kominn af gjörgæsludeild:

## Ólafur á hægum batavegi

**FÓLK Ólafur Þórðarson tónlistarmaður er kominn af gjörgæsludeild. Ólafur slasaðist illa þegar hann varð fyrir fólskulegri árás um miðjan síðasta mánuð.**



ÓLAFUR ÞÓRÐARSON

**Ólafur dvaldi á gjörgæsludeild Landspítalans eftir árásina en hefur nú verið færður á heila- og taugadeild Landspítalans.**

**Sonur Ólafs hefur játað á sig verknaðinn. Hann hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan árásin var gerð. Gæsluvarðhald yfir honum hefur verið framlengt og er honum gert að sæta varðhaldi til 27. desember næstkomandi.** - sv

Helga Sigríður enn í Svíþjóð:

## Ekkert ákveðið með framhald

**FÓLK** Óvíst er hvort Helga Sigríður Sigurðardóttir, tólf ára stúlka frá Akureyri, þarf á hjartaígræðslu að halda en í ljós hefur komið að hún þjáist af kransæðastíflu.

Helga Sigríður var flutt til Svíþjóðar í síðustu viku eftir að hún missti meðvitund í sundtíma. Hún var flutt til Reykjavíkur, þar sem hún var tengd við hjarta- og lungnavél á gjörgæsludeild Landspítalans í fyrstu, en síðan var flogið með hana til Gautaborgar þar sem hún var tengd við gervihjarta.

Skýrast mun á næstu dögum hvaða meðferð verður fyrir valinu og hvort Helga Sigríður þarf nýtt hjarta.

Söfnunarnúmer fyrir Helgu Sigríði og fjölskyldu hennar er 0565-26-110378 og kennitala er 180470-3449. - sv

# Skortur á kjúklingi í verslunum enn á ný

**Síendurtekið salmonellusmit hjá kjúklingaframleiðendum hefur leitt til viðvarandi skorts á kjúklingi í verslunum. Landbúnaðarráðherra telur ekki ástæðu til að rýmka innflutningskvóta. Segir íslenska framleiðslu heilbrigðasta.**

**LANDBÚNAÐUR** Salmonellusmit hjá kjúklingaframleiðendum á þessu ári hefur leitt til viðvarandi skorts á kjúklingi í verslunum, að mati framkvæmdastjóra Bónuss og Krónunnar. Upp kom smit í kjúklingum frá Matfugli og Reykjagarði í síðustu viku á ný og voru vörur innkallaðar úr verslunum í kjölfarið.

Kristinn Skúlason, framkvæmdastjóri Krónunnar, segir ástandið mjög slæmt.

„Þetta er búið að vera vandamál í marga mánuði, en núna er þetta sérstaklega slæmt,“ segir Kristinn. „Við fáum ekki nema brotabrot af því sem við pöntum.“ Kristinn segir ótrúlegt að ekki sé hægt að auka innflutningskvóta á erlendum kjúklingi til þess að anna eftirspurn á markaðnum.

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir enga ástæðu til þess að auka innflutningskvóta á erlendum kjúklingi. Ráðuneytinu hafi hvorki borist formlegar fyrirspurnir um rýmkun á kvóta né athugasemdir varðandi skort á markaði.

Jón segir málið fyrst og fremst snúa að því að uppræta salmonellusmit í innlendri framleiðslu til þess að halda henni heilbrigðri.

„Það er mjög strangt heilbrigðiseftirlit hér á landi og fólk þarf ekki að óttast að í búðum séu smitaðir kjúklingar,“ segir Jón. „Við höfum státað af því að vera með heilbrigðustu kjúklingaframleiðsluna miðað við nágrannalöndin. Það fer ekkert á markað sem er smitað.“

Jón segir að innfluttum kjúklingi fylgi ekki heilbrigðisvottorð varðandi salmonellu.

„Erlendur kjúklingur er ekkert endilega laus við salmonellu,“ segir hann. „Það fylgir ekkert vottorð með innfluttum kjúklingi hvort hann er salmonellufrír eða ekki.“

Þorvaldur H. Þórðarson, framkvæmdastjóri innflutningsmála hjá Matvælastofnun, fullyrðir þó að innfluttum kjúklingi fylgi vottun um að hann sé salmonellufrír. Hann vísar þó á ráðuneytið hvað varðar rýmkun á innflutningstollum sökum mögulegs skorts á innlendum kjúklingi.

Um 250 tonn af kjúklingi voru urðuð í sumar vegna salmonellusýkingar sem upp kom í eldishúsum Reykjagarðs og Matfugls.

sunna@frettabladid.is



**JÓN BJARNASON** „Það fylgir ekkert vottorð með erlendum kjúklingi,“ segir landbúnaðarráðherra.



**KJÚKLINGAFRAMLEIÐSLA** Eftir endurtekið salmonellusmit hjá kjúklingaframleiðendum segja framkvæmdastjórar verslana að skortur sé á markaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

### Innköllun vara

Ef fugl greinist jákvæður með salmonellu á eldistíma og nokkrum vikum fyrir slátrun er honum slátrað og fargað ásamt öllu eldishúsinu. Þeir kjúklingahópar sem hafa nú verið innkallaðir voru fuglar sem reyndust neikvæðir við slátrun, en jákvæðir við endurtekna sýnatöku í sláturhúsi.

Sá kjúklingur er þá innkallaður úr verslunum og er settur aftur á markað eftir hitameðhöndlun hjá framleiðanda. Salmonella er viðkvæm fyrir hita og á að eyðast við 72 gráðu kjarnhita.

Fjárútlát samþykkt í ríkisstjórn:

## 67 milljónir vegna eldgosa

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gærmorgun 67 milljóna króna framlag til verkefna í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi.

27 milljónir króna verða veittar til greiðslu kostnaðar við átaksverkefni á gossvæðinu þar sem einstaklingar voru ráðnir af atvinnuleysisskrá til ýmissa verkefna og 12 milljónum króna verður varið til að mæta kostnaði við viðgerðir á varnargörðum í Markarfljóti. Þá var samþykkt að veita 17 milljónir króna til þess að endurbæta bæjarhlöð og heimreiðar. Jafnframt verða 11 milljónir veittar til Veðurstofunnar vegna sérfræðivinnu. - sh

Meirihluti fjárlaganefndar:

## Ríkið greiði 33 milljarða inn í Íbúðalánasjóð

**ALÞINGI Meirihluti fjárlaganefndar Alþingis leggur til að ríkissjóður leggi Íbúðalánasjóði til 33 milljarða króna á fjáraukalögum ársins 2010.**

**Með framlaginu verði tryggt að eigið fé Íbúðalánasjóðs uppfylli kröfur og verði meira en 5% af áhættugrunni við lok ársins.**



SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR

**RÚV hafði eftir Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, formanni félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, að fara þurfi betur ofan í meirihluta fjárlaganefndar áður en Alþingi samþykki að ríkið að leggja svo háar fjárhæðir fram til Íbúðalánasjóðs.**




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**KÓLNAR NÆSTU DAGA** Það gengur í hæga norðlæga átt á morgun og fer þá hægt kólnandi á landinu. Á föstudag má búast við frosti á bilinu 1-10 stig víðast hvar. Það verður lítið um úrkomu en horfur á stöku éljum úti fyrir austurströndinni einkum.



Á MORGUN 5-13 m/s.

FÖSTUDAGUR 5-10 m/s, en 8-13 SA-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 0° |
| Berlín | -11° |
| Billund | -1° |
| Frankfurt | -7° |
| Friedrichshafen | -4° |
| Gautaborg | -1° |
| Kaupmannahöfn | -1° |
| Las Palmas | 21° |
| London | -1° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 14° |
| Orlando | 18° |
| Ósló | -10° |
| París | -5° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -10° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

# MEST SELDA SKÁLDVERKIÐ

Skv. Metsölulista BMM 22.-28. nóvember.



„Mögnuð og hrollvekjandi ... stundum er gaman að vera hræddur þegar maður les bækur. Það á við um þessa bók.“

– Kolbrún Bergþórsdóttir, Morgunblaðinu




## „Mögnuð – Besta bók Yrsu“

**Árni Matthíasson,** blaðamaður á Morgunblaðinu

Ungt fólk sem er að gera upp hús á Hesteyri í Jökulfjörðum um miðjan vetur fer að gruna að þau séu ekki einu gestirnir í þessu eyðiþorpi. Á sama tíma dregst ungur læknir á Ísafirði inn í rannsókn á sjálfsmorði eldri konu. Hún virðist hafa verið hugfangin af syni hans sem hvarf fyrir þremur árum – og fannst aldrei. Þessir ólíku þræðir fléttast saman í grípandi sögu þar sem rómaðir hæfileikar Yrsu til að kveikja spennu og magna upp dulúð njóta sín til hins ítrasta.

*„Ég var því bæði sæl og glöð þegar ég hafði lokið lestrinum og vona sannarlega að Yrsa bjóði í framtíðinni upp á meira af þessu tagi.“*
*– Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is*

VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK

**KJÖRKASSINN**



*Ferð þú í verslunarferð erlendis fyrir þessi jól?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 12,6% |
| NEI | 87,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu ánægð(ur) með niðurstöðu stjórnlagaþingskosninganna?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir


Mikill munur á umfjöllun blaðanna um fimm menn sem voru í forystu fyrir fjármálafyrirtæki í bankahruninu:

# Fréttablaðið fjallar oftast um Jón Ásgeir

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið hefur birt mun fleiri fréttir um Jón Ásgeir Jóhannesson en fjóra aðra viðskiptamenn sem voru í forystu fjármálafyrirtækja í aðdraganda bankahrunsins á sex mánaða tímabili. Þetta kemur fram í samantekt sem Creditinfo vann fyrir Björgólf Thor Björgólfsson.

Að beiðni Björgólfs var tekið saman hversu mikið var fjallað um mennina fimm í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu, DV og Viðskiptablaðinu. Mennirnir eru: Jón Ásgeir Jóhannesson, Björgólfur Thor Björgólfsson, Sigurður Einarsson, Hreiðar Már Sigurðsson og Pálmi Haraldsson.

Kannað var sex mánaða tímabil frá því snemma í mars fram í aðra viku september.

Eins og lesa má úr meðfylgjandi töflu fjallaði Fréttablaðið oftast um Jón Ásgeir af mönnunum fimm. Alls birtust 88 fréttir um Jón Ásgeir í blaðinu, sem er ríflega þriðjungur frétta um mennina fimm. Næstmest var fjallað um Björgólf Thor, í samtals 57 skipti á tímabilinu.

Jón Ásgeir er eiginmaður Ingibjargar Pálmadóttur, aðaleiganda 365, útgáfufélags Fréttablaðsins.

Langsamlega mest var fjallað um Jón Ásgeir í Morgunblaðinu. Þar birtust 111 fréttir um hann á tímabilinu, sem var ríflega 46 prósent frétta um mennina fimm.

DV sker sig nokkuð úr, en blaðið hefur birt mun fleiri fréttir um mennina fimm en nokkurt hinna blaðanna, þrátt fyrir að blaðið komi aðeins út þrisvar í viku. **- bj**

**Misjöfn umfjöllun um umdeilda viðskiptajöfra**

| | DV | | Fréttabl. | | Morgunbl. | | Viðskiptabl. | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Jón Ásgeir | 164 | 38,7% | 88 | 33,8% | 111 | 46,3% | 50 | 39,1% | 413 | 39,3% |
| Björgólfur Thor | 81 | 19,1% | 57 | 21,9% | 36 | 15,0% | 22 | 17,2% | 196 | 18,6% |
| Sigurður Einarsson | 60 | 14,2% | 47 | 18,1% | 38 | 15,8% | 18 | 14,1% | 163 | 15,5% |
| Hreiðar Már | 64 | 15,1% | 40 | 15,4% | 27 | 11,3% | 17 | 13,3% | 148 | 14,1% |
| Pálmi Haraldsson | 55 | 13,0% | 28 | 10,8% | 28 | 11,7% | 21 | 16,4% | 132 | 12,5% |

HEIMILD: CREDITINFO


Fiskfars 550 kr.kg

Fiskhakk 790 kr.kg

Fiskbollur 899 kr.kg

Sjáumst eldhress á eftir.

Siginn fiskur frá Bolungarvík.

Humarsoðið frá Hornafirði er komið, alvöru humarsoð, engin aukaefni né litarefni.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755




**EKKI HRIFIN** Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, fór ekki dult með andúð sína á framtaki Wikileaks. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Kínastjórn vill sameiningu Kóreuríkja

**Kínverskir embættismenn í Evrópu staðfestu í gær, eftir birtingu skjala á Wikileaks, að Kínastjórn vildi friðsamlega sameiningu ríkjanna á Kóreuskaga. Í skjölunum kemur fram að Kínverjar skilja lítið í ráðamönnum Norður-Kóreu.**

**BANDARÍKIN** Í leyniskjölum bandarísku utanríkisþjónustunnar, sem birt hafa verið á vegum vefsíðunnar Wikileaks, er að finna upplýsingar um að kínversk stjórnvöld hafi þá stefnu að Norður-Kórea sameinist Suður-Kóreu með friðsamlegum hætti.

Breska dagblaðið The Guardian segir að kínverskir embættismenn í Evrópu, sem ekki eru nafngreindir, hafi staðfest þetta í gær. Embættismennirnir segja að Kínastjórn geti ekki leyft Norður-Kóreumönnum að halda að þeir geti hagað sér eins og þeim sýnist.

Í leyniskjölunum kemur fram að kínverskir ráðamenn í Norður-Kóreu stundum haga sér eins og ofdekraðir krakkar. Þar kemur einnig fram að kínversk stjórnvöld vita minna um ráðamenn í Norður-Kóreu en almennt er talið. Kínverjar hafa lengi vel verið helstu, og upp á síðkastið, nánast einu bandamenn Norður-Kóreu, en virðast þó harla lítið hafa vitað um kjarnorkuáform Norður-Kóreumanna eða hugsanleg leiðtogaskipti.

The Guardian hefur eftir embættismönnunum að Kínverjar vilji áfram vera vinveittir Norður-Kóreu, en vilji þó ekki láta teyma sig á asnaeyrunum. Þannig hafi Kínverjar látið ýmsar athafnir Norður-Kóreumanna undanfarið fara í taugarnar á sér, svo sem tilraunir með flugskeyti og kjarnorkusprengjur og árásina á eyju í Gulahafi í síðustu viku.

Víðs vegar um heim hafa utanríkisráðherrar og önnur stjórnvöld keppst við að fordæma veflekasíðuna Wikileaks fyrir að birta opinberlega meira en 250 þúsund skjöl frá bandarísku utanríkisþjónustunni, þar sem starfsmenn sendiráða og aðrir stjórnarerindrekar tala hreint út um ráðamenn fjölmargra landa og segja frá misjafnlega saferíkum samskiptum sínum við þá.

Í gær höfðu reyndar einungis verið birt á síðunni innan við 300 þeirra 250 þúsund skjala sem Wikileaks hefur boðað birtingu á. Nokkur stórblöð vestan og austan hafs, þar á meðal breska blaðið The Guardian, hafa hins vegar haft aðgang að öllum skjölunum og hafa þau verið að vinna upp úr þeim efni sem birt hefur verið í blöðunum og á vefsíðum þeirra.

Margt sem þar kemur fram hefur vakið athygli, svo sem upplýsingar um að Hamid Karzai Afganistansforseti hafi náðað fíkniefnasala og hættulega fanga vegna tengsla þeirra við áhrifamikla einstaklinga.

Julian Assange, stofnandi Wikileaks, upplýsir í viðtali við tímaritið Forbes að næsti stóri lekinn á síðunni verði frá stórum bandarískum bönkum. Þar verði afhjúpuð ólögleg starfsemi bankanna og annað vafasamt athæfi þeirra. **gudsteinn@frettabladid.is**

## Tilnefndur sem maður ársins hjá Time



**JULIAN ASSANGE** Höfuðpaur Wikileaks-síðunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þótt Julian Assange, stofnandi lekasíðunnar Wikileaks, reyni að halda sér fjarri sviðsljósinu meðan fjölmiðlar fjalla um efni lekanna hefur persóna hans engu að síður verið til umfjöllunar nú, rétt eins og fyrr þegar mikilvægar upplýsingar sem áttu að fara leynt hafa verið gerðar opinberar.

Þannig skýrir tímaritið Time frá því að hann komi sterklega til greina sem maður ársins 2010, en tímaritið hefur frá því á fyrri hluta síðustu aldar valið einstakling sem þykir hafa haft meiri áhrif til góðs eða ills eða í það minnsta verið meira áberandi en aðrir það árið.

Þá er bandaríska dómsmálaráðuneytið að kanna hvort hægt verði að lögsækja hann, og þykja þá helst koma til greina bandarísku njósnalögin frá 1917, sem sumir sérfræðingar segja reyndar að séu orðin úrelt.

Í Ástralíu, heimalandi Assanges, hefur lögreglan einnig hafið rannsókn á því hvort hægt verði að lögsækja hann fyrir að leka viðkvæmum upplýsingum.

Fáir virðast hins vegar vita hvar Assange er niðurkominn, en í Svíþjóð er hann eftirlýstur vegna ákæru fyrir kynferðisbrot.

Stjórnvöld í Ekvador hafa síðan boðið honum hæli, ef á þyrfti að halda, og segjast hvenær sem er taka honum fagnandi. **- gb**




# Styrkir til náms og rannsókna í umhverfis– og orkumálum

**Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar auglýsir eftir umsóknum um náms– og verkefnastyrki:**

**Styrkir til nemenda í meistara– eða doktorsnámi**
Styrkir til efnilegra nemenda sem áforma eða stunda meistara– eða doktorsnám á sviði umhverfis– eða orkumála.

**Styrkir til rannsókna á sviði umhverfis– og orkumála**
Almenn rannsóknarverkefni á sviði umhverfis og orkumála.

*Fyrirspurnir má senda á netfangið **orkurannsoknasjodur@lv.is**. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Umsóknarfrestur er til **10. janúar 2011**.*

Markmið sjóðsins er að veita styrki til námsmanna, rannsóknarverkefna á vegum háskóla, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga. Styrkveitingar sjóðsins miða að því að gera fjárframlög Landsvirkjunar til rannsókna skilvirkari og sýnilegri, og tryggja að þær rannsóknir sem sjóðurinn styrkir samrýmist umhverfisstefnu Landsvirkjunar.

**Eitt af markmiðum Landsvirkjunar er að styðja við rannsóknir, nýsköpun og tækniþróun.**

Upplýsingar um umsóknarferli og eyðublöð eru á **www.landsvirkjun.is**.

Landsvirkjun

PIPAR\TBWA • SÍA • 102996

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is



## VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

**Einstakt verð!**

# Tenerife 4. janúar

### Flugsæti

**Verð frá 66.700 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

4. jan. Tenerife

Innifalið: Flug fram og til baka með sköttum.

*Verð án Vildarpunkta 76.700 kr.



### Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

*Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar VITA fljúgi með Icelandairvél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.*




## Bouganville Playa ★★★★

Bouganville Playa er gott 4 stjörnu hótel við Playa del Bobo ströndina sem er á mótum Costa Adeje og Las Americas. Líflegt dagskrá, fallegur sundlaugargarður og stutt á veitingastaði, bari, í verslanir og fjölbreytt strandlíf.

**Verð frá 139.900 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli m. hálfu fæði í 14 nætur 4. janúar.

* Verð án Vildarpunkta 149.900 kr.



## Paraiso del Sol ★★

Sambyggð smáhýsi eða raðhús á Playa de las Américas um 500 metra frá strönd og í göngufæri við veitingastaði, verslanir og bari.

**Verð frá 108.900 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í stúdíó í 14 nætur 4. janúar.

* Verð án Vildarpunkta 118.900 kr.



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 52516 11/10




EVEREST
FERÐA-OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 - Sími: 533 4450 - www.everest.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN
Meiri Vísir.
vísir.is



**KYNNA ÁFORM** Jón Gnarr borgarstjóri kynnir fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þurftu að fylla upp í fimm milljarða gat

**Borgaryfirvöld stoppa í fimm milljarða gat með hagræðingu og hækkunum. Leikskólagjöld eru meðal þess sem hækkar á næsta ári. Formaður borgarráðs segir horft til framtíðar. Minnihlutinn átelur forgangsröðun í fjárhagsáætlun.**

**REYKJAVÍK** Borgaryfirvöld í Reykjavík gera ráð fyrir nær tveggja milljarða hækkun á þjónustugjöldum og sköttum í fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir næsta ár. Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingar lagði áætlunina fram á borgarstjórnarfundi í gær.

Jón Gnarr borgarstjóri sagði að stoppa hafi þurft í fimm milljarða gat í fjármálum borgarinnar, en við gerð áætlunarinnar hafi takmarkið verið að verja velferðarþjónustu borgarinnar og barnafjölskyldur. Í þeim tilgangi hafi verið farin leið sem hafi í för með sér hagræðingu í rekstri upp á 2,9 milljarða og hækkun skatta og þjónustugjalda um tæpa tvo milljarða.

Útsvarsprósenta hækkar upp í 13,2 prósent, en auk þess hækka fasteignagjöld og lóðaleiga. Meðal gjaldskrárhækkana má nefna sorphirðugjöld sem munu hækka um allt að 260 milljónir á næsta ári.

Auk þess er gjaldskrá leikskóla hækkuð um 5,35 prósent og ýmis afsláttur lækkaður eða lagður af.

Þó hefur verið aukið við fjárveitingar til leikskólasviðs, meðal annars til að mæta fyrirsjáanlegri fjölgun og eins mun fjárhagsaðstoð borgarinnar hækka.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir að í þessari áætlun sé lagður grunnur að vexti borgarinnar til framtíðar.

„Þess vegna held ég að þessi fjárhagsáætlun marki tímamót. Við erum að bæta verulega í atvinnumálin þar sem við setjum verulegar fjárhæðir í mannaflsfrekar framkvæmdir og erum þannig að senda skilaboð um að samfélagið komi með okkur upp úr kreppunni.“

Sóley Tómasdóttir, fulltrúi Vinstri grænna, segir áætlun meirihlutans vera miðjumoð. „Það sem mér finnst alvarlegast er að þeir ákveði að skilja eftir örlitla prósentu af útsvarsheimildum, sem gæti aflað okkur 230 milljóna í tekjur, en sækja þess í stað 250 milljónir í gegnum gjaldskrárhækkanir á þjónustu við börn. Það leiðir til þess að stærsti hluti þeirra byrða sem lagðar verða á borgarbúa á næsta ári mun hvíla á herðum barnafjölskyldna.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna, segist einnig ósátt við þá leið sem meirihlutinn hefur valið.

„Við hefðum viljað draga enn frekar saman í miðlægri þjónustu, fresta nýjum útgjaldaliðum og nýta reynslu og þekkingu starfsfólks og íbúa, en tillögur þeirra spöruðu á síðasta ári hærri fjárhæðum en skattahækkanir meirihlutans gera nú og velta öllum vandanum yfir á borgarbúa.“

**thorgils@frettabladid.is**

## Hækkanir 2011

**Skattahækkanir:**
Útsvar: 13,03% í 13,20%
Fasteignaskattar: 0,214% í 0,240%
Lóðarleiga: 0,08% í 0,20%

**Gjaldskrárhækkanir:**
Sorphirðugjald 260 milljónir

**Leikskólar:**
- Gjaldskrá hækkar um 5,35 prósent
- Námsgjald elsta árgangs verður sama og annarra árganga
- Hjón og sambúðarfólk þar sem annar er í námi fá ekki afslátt af leikskólagjöldum
- Systkinaafsláttur vegna annars og þriðja barns lækkar úr 100 prósentum niður í 75.

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA
www.lyfja.is
LYFJA
– Lifið heil



Kannski er
jólagjöfin í Lyfju



Jólin eru tími til að gefa.
Í Lyfju finnurðu úrval af gjafavöru í pakkana til þeirra sem þér þykir vænst um. Við erum aldrei langt undan.

Mundu eftir jólahandbók Lyfju.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík




Andrés Önd Áskriftarkassinn, gjöf í hverri viku.

Það þarf ekki að bíða eftir Andrési Önd!
Með kassanum fylgja Andrésblöð og spennandi Andrésardót þannig að nýir aðdáendur Andrésar þurfa ekkert að bíða og geta strax byrjað að skemmta sér konunglega.

## Hvernig virkar Áskriftarkassinn?

Hægt er að velja milli þriggja áskriftaleiða; 3ja, 6 og 12 mánaða sem greiddar eru fyrirfram. Sá sem fær gjöfina virkjar áskriftina á netinu í einföldu skráningarferli og um leið og því er lokið berast ný Andrésblöð vikulega.

Svona einfalt er það!

Þú færð Áskriftarkassana í verslunum Eymundsson og á edda.is

WWW.ANDRÉSÖND.IS






eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

## FRÉTTASKÝRING: Úrslit kosninga til stjórnlagaþings

### Þjóðkjörnir fulltrúar á stjórnlagaþing

♂ 15 ♀ 10



**01**
**Þorvaldur Gylfason**
prófessor
fæddur 1951
REYKJAVÍK



**02**
**Ómar Ragnarsson**
fjölmiðlamaður
fæddur 1940
**Stjórnmálaþátttaka:**
S - Íslandshreyfingin
REYKJAVÍK



**03**
**Salvör Nordal**
forstöðumaður Siðfræðistofnunar HÍ
fædd 1962
REYKJAVÍK



**04**
**Andrés Magnússon**
læknir
fæddur 1956
**Stjórnmálaþátttaka:**
V - í framboði
KÓPAVOGI



**05**
**Illugi Jökulsson**
blaðamaður
fæddur 1960
REYKJAVÍK



**06**
**Þorkell Helgason**
stærðfræðingur
fæddur 1942
ÁLFTANESI



**07**
**Freyja Haraldsdóttir**
framkvæmdarstjóri, nemi
fædd 1986
GARÐABÆ



**08**
**Ari Teitsson**
bóndi
fæddur 1943
**Stjórnmálaþátttaka:**
B - í framboði
ÞINGEYJASVEIT



**09**
**Pétur Gunnlaugsson**
lögmaður, útvarpsmaður
fæddur 1948
REYKJAVÍK



**10**
**Silja Bára Ómarsdóttir**
alþjóðastjórnmálafræðingur
fædd 1971
**Stjórnmálaþátttaka:**
V - í framboði
REYKJAVÍK



**11**
**Eiríkur Bergmann Einarsson**
dósent í stjórnmálafræði
fæddur 1969
**Stjórnmálaþátttaka:**
S - í framboði
REYKJAVÍK



**12-25**
**Arnfríður Guðmundsdóttir**
prófessor
fædd 1961
KÓPAVOGI



**12-25**
**Ástrós Gunnlaugsdóttir**
nemi, stjórnmálafræðingur
fædd 1986
GARÐABÆ



**12-25**
**Dögg Harðardóttir**
deildarstjóri
fædd 1965
AKUREYRI



**12-25**
**Erlingur Sigurðarson**
kennari við MA
fæddur 1948
AKUREYRI



**12-25**
**Gísli Tryggvason**
talsmaður neytenda
fæddur 1969
**Stjórnmálaþátttaka:**
B - í prófkjöri
KÓPAVOGI



**12-25**
**Guðmundur Gunnarsson**
form. Rafís
fæddur 1945
**Stjórnmálaþátttaka:**
D - varaborgarfulltrúi '94-'98
REYKJAVÍK



**12-25**
**Inga Lind Karlsdóttir**
fjölmiðlamaður, háskólanemi
fædd 1976
**Stjórnmálaþátttaka:**
D - þátttaka í flokksstarfi
GARÐABÆ



**12-25**
**Katrín Fjeldsted**
læknir
fædd 1946
**Stjórnmálaþátttaka:**
D - fv. þingmaður
REYKJAVÍK



**12-25**
**Katrín Oddsdóttir**
lögfræðingur
fædd 1977
REYKJAVÍK



**12-25**
**Lýður Árnason**
læknir, kvikmyndagerðarmaður
fæddur 1962
**Stjórnmálaþátttaka:**
F - í framboði
HAFNARFIRÐI



**12-25**
**Pawel Bartoszek**
stærðfræðingur
fæddur 1980
**Stjórnmálaþátttaka:**
D - í framboði
REYKJAVÍK



**12-25**
**Vilhjálmur Þorsteinsson**
stjórnarformaður CCP
fæddur 1965
**Stjórnmálaþátttaka:**
S - í framboði
REYKJAVÍK



**12-25**
**Þórhildur Þorleifsdóttir**
leikstjóri
fædd 1945
**Stjórnmálaþátttaka:**
S - í prófkjöri; fv. þingmaður fyrir Kvennalista
REYKJAVÍK



**12-25**
**Örn Bárður Jónsson**
sóknarprestur
fæddur 1949
REYKJAVÍK

# Stjórnlagaþing þeirra þjóðkunnu

**Niðurstaða stjórnlagaþingskosninganna var kynnt í gær og nöfn 25 þingmanna liggja fyrir. Stjórnmálafræðingar eru sammála um að niðurstaðan komi ekki á óvart; þjóðþekktir einstaklingar af höfuðborgarsvæðinu eru einkenni hópsins.**

Ástráður Haraldsson, formaður landskjörstjórnar, greindi í gærdag frá því hvaða frambjóðendur til stjórnlagaþings hefðu náð kjöri sem þjóðkjörnir fulltrúar á stjórnlagaþingi. Ekki kom til þess að beita þyrfti lagaákvæði til að jafna kynjahlutfall meðal þingmanna, en þeir hefðu flestir orðið 31 ef til þess hefði komið. Stjórnlagaþingmenn eru fimmtán karlmenn og tíu konur. Lög um stjórnlagaþing reikna ekki með varamönnum fyrir þá sem kosnir voru. Ef einhver hinna 25 þingmanna þarf að víkja af þingi fækkar þeim um einn.

Kjósendur á kjörskrá voru 232.374. Alls greiddi 83.531 atkvæði í kosningunum, eða 35,9 prósent. Ógild atkvæði voru 1.196, eða 1,4 prósent. Það á við atkvæði sem voru alveg ógild og höfðu engin áhrif á kosningarnar.

### Hlutur landsbyggðar rýr

Það blasir við, sem margir höfðu spáð, að þingmennirnir eru að stærstum hluta þekktir einstaklingar. Eins að hlutur landsbyggðarinnar er rýr, en aðeins þrír þingmenn koma af landsbyggðinni og 22 af höfuðborgarsvæðinu. Eins virðist aðeins einn frambjóðandi vera óumdeildur sigurvegari kosninganna en það er Þorvaldur Gylfason.

Ástráður segir að þó svo að Þorvaldur hafi mest kjörfylgi veiti það honum enga sérstöðu á þinginu eða við störf þess. „Ef fullyrða á eitthvað um hversu mikils fylgis frambjóðendur nutu þá er það háð mörgum þáttum sem er erfitt að reikna út. Það er ekki hlutverk landskjörstjórnar.“ Ástráður sagði í gær að engin ástæða væri til að efast um úrslit kosninganna þó að talning hefði tafist.

Jóhann Malmquist, prófessor og sérfræðingur landskjörstjórnar, segir að áreiðanleikakönnun á úrslitum kosninganna hafi komið ákaflega vel út. Nokkur hundruð atkvæðaseðlar voru teknir af handahófi og skoðaðir sérstaklega.

### Erfitt að túlka niðurstöðuna

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir erfitt eða útilokað að túlka niðurstöðuna. „Listinn segir mér afskaplega lítið. Það er eiginlega engin leið að túlka þessar kosningar eða þennan lista sem ósk kjósenda um tilteknar breytingar á stjórnarskránni. Þetta er óútfyllt ávísun.“

Gunnar telur að umboð stjórnlagaþingmanna sé ekki sterkt. Fá atkvæði séu á bak við hvern og einn. „Kosningakerfið bauð ekki upp á það að fólk gæti vegið atkvæði sitt eftir sjónarmiðum eða hópum. Þess vegna er erfitt að meta hvað þessi niðurstaða segir í raun.“

### Hin talandi stétt

Birgir Guðmundsson, stjórnmálafræðingur við Háskólann á Akureyri, segir blasa við að þjóðþekkt fólk hafi náð í gegn. „Það sem hefur gert gæfumuninn er að viðkomandi hafi fengið einhverja kynningu í fjölmiðlum eða sé þekktur í samfélaginu. Það er jafnframt sláandi að þetta fólk er hópur sérfræðinga; háskólafólk. En það er ekki óeðlilegt í kosningu sem þessari þar sem valið er svo mikið að það er orðið merkingarlaust.“

Birgir segir að niðurstaðan sé snautleg fyrir landsbyggðina og segi kannski til um hversu mikið landsbyggðarfólk hafi sig í frammi í opinberri umræðu. „Þetta er hin talandi stétt sem hefur haft sterkar skoðanir á hlutum í þjóðfélagsumræðunni upp á síðkastið. Mér kæmi því ekki á óvart, ef þessi hópur nær saman, að tillögur þingsins um breytingar gætu orðið nokkuð miklar og róttækar. Alþingi, sem er íhaldssamara, er þess vegna kannski ólíklegra til að skrifa undir þær tillögur. Þetta gæti skapað núning um hver hefur sterkara umboð, Alþingi eða stjórnlagaþing.“

### Samhljómur líklegri en hitt

Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur segir að í ljósi prófkjara á undanförnum árum komi ekki á óvart að þjóðþekktir einstaklingar hafi orðið fyrir valinu. „Nokkrir hafa ekki verið í sviðsljósinu. Dæmi er Ástrós Gunnlaugsdóttir en hún var hins vegar ein þeirra sem auglýstu. Annað dæmi er Erlingur Sigurðsson sem fólk þekkir af sjónvarpsskjánum úr Útsvari.“

Í þessu ljósi verður að skoða samsetningu þingmanna á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. „Það er einfaldlega sjaldgæfara að fólk af landsbyggðinni sé mikið í fjölmiðlum. Ari Teitsson, sem er einn þriggja af landsbyggðinni, er þjóðþekktur sem talsmaður bænda.“

Áherslur hópsins telur Stefanía gefa til kynna að samstaða innan þingsins sé líklegri en hitt. Þeir íhaldssamari hafi lotið í lægra haldi fyrir þeim sem vilji tilteknar breytingar. Hún telur að fylgjendur stjórnarflokkanna hafi frekar kosið en þeir sem fylgi stjórnarandstöðuflokkunum að málum. „Kannski er líklegt að það verði þess vegna frekar samhljómur með ríkisstjórn og stjórnlagaþinginu.“

### Fyrstir út

| Nafn | Lota | Atkvæði |
|---|---|---|
| Rúnar Þór Jónsson | 3 | 1 |
| Ægir Geirdal Gíslason | 4 | 6 |
| Ólafur Torfi Yngvason | 5 | 7 |
| Elinborg Skúladóttir | 6 | 10 |
| Guðni Karl Harðarson | 7 | 11 |
| Jóhannes Jónsson | 8 | 11 |
| Ásgeir Baldursson | tapar í hlutkesti í lotu 9 | 12 |
| Bergsveinn G. Guðmundsson | tapar í hlutkesti í lotu 10 | 12 |
| Daði Már Jónsson | tapar í hlutkesti í 11 lotu | 13 |
| Úlfur Einarsson | tapar í hlutkesti í tólftu lotu | 13 |

### Næstir inn

1. Íris Lind Sæmundsdóttir
2. Stefán Gíslason
3. Þorgeir Tryggvason
4. Jón Ólafsson
5. Magnús Thoroddsen
6. Birna Þórðardóttir
7. Gunnar Hersveinn Sigursteinsson
8. Guðrún Högnadóttir
9. Þorsteinn Arnalds
10. Árni Indriðason


**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is





THE BODY SHOP
Jólagjöfina færðu í Body Shop
Gjafakubbur með dekurvörum 1490 kr.
Askja með "Love etc..."-ilmvatni og -sturtusápu 3290 kr.
Askja með "Coconut"-dekurvörum 3990 kr.
Farðaburstar í fallegri buddu 4990 kr.
Kassi með "Cranberry"-dekurvörum 3990 kr.
"Of a man"-herrasnyrtivörur í öskju 2990 kr.
E-vítamín-andlitsvörur í öskju 3990 kr.
Gott í skóinn! 5 dýrasápur saman í poka 1090 kr.
Kassi með "Strawberry"-dekurvörum 5990 kr.
"Shimmer"-freyðibað í fallegri flösku 1890 kr.
"Maca root"-herrasnyrtivörur í öskju
Stærri gerð 4290 kr. Minni gerð 1490 kr.
Askja með "Japanese cherry blossom"-ilmvatni og -sturtusápu 3790 kr.
5 teg. af varasalva í frumlegri öskju 2790 kr.
THE BODY SHOP
Mikið úrval af jólagjafapokum Verð frá 250 til 460 kr.
KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GLERÁRTORGI
Nemendur í framhaldsskóla og félagar í Landssambandi eldri borgara fá 10% afslátt gegn framvísun gildra skírteina



**KLÆDDUR EINS OG SÍMI** Japanskt símafyrirtæki kynnti nýja tegund snjallsíma í Tókýó og lét einn starfsmanna sinna spranga um í gervi símans. NORDICPHOTOS/AFP

Saksóknari fékk ekki frumvarp til breytinga á landsdómslögum til umsagnar:

# Vangaveltur um túlkun eins ákvæðis

**LANDSDÓMUR** Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, fékk ekki frumvarp til breytinga á lögum um landsdóm til umsagnar og átti engin samskipti við forseta dómsins vegar frumvarpsins.

Þetta segir í yfirlýsingu sem Sigríður sendi frá sér í gær í tilefni af umfjöllun og bréfum Geirs H. Haarde um málið.

Sigríður getur þess hins vegar að 4. nóvember hafi skrifstofustjóri í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu hringt í hana til að ræða eitt ákvæði frumvarpsins, sem reyndist vera 3. grein þess.

„Vegna aðstæðna gat ég ekki rætt þetta í síma og úr varð að viðkomandi sendi tölvupóst sem ég svaraði s.d. Í þeim tölvupóstsamskiptum koma fram vangaveltur okkar um túlkun þessa eina ákvæðis. Frumvarpið í heild sinni sá ég ekki fyrr en það var komið inn á vef Alþingis,“ segir Sigríður í yfirlýsingunni.

Umrætt ákvæði í frumvarpinu er svohljóðandi: „Ef kveða þarf upp úrskurð um rannsóknaraðgerðir eða um atriði varðandi rekstur máls skal forseti dómsins kveðja til tvo aðra úr röðum hinna löglærðu dómara til að standa að því með sér.“ - bþs



**SIGRÍÐUR FRIÐJÓNSDÓTTIR** Saksóknari Alþingis fékk frumvarp Alþingis um breytingar á lögum um landsdóm ekki til umsagnar og átti engin samskipti við forseta landsdóms vegna frumvarpsins.



**MÓTMÆLI Í RÓM** Til átaka kom um stund í gær fyrir utan þinghúsið. NORDICPHOTOS/AFP

Stúdentar mótmæla í Róm:

## Mótmæli snerust upp í átök

**ÍTALÍA, AP** Mótmæli námsmanna í Róm snerust í gær um stund upp í harkaleg átök við lögreglu, sem beitti táragasi á mótmælendur, sem köstuðu eggjum, tómötum og reyksprengjum í lögregluna.

Stúdentar í Róm hafa undanfarið mótmælt niðurskurði til háskóla á fjárlögum.

Fjölmennt lið lögreglu var á torginu fyrir utan þinghúsið í Róm til að koma í veg fyrir að mótmælendur kæmust að þinghúsinu.

Þar fyrir innan sátu þingmenn og ræddu nýtt fyrirkomulag háskóla, sem margir hafa gagnrýnt fyrir að gera ráð fyrir of mikilli þátttöku einkafyrirtækja. - gb

# Um 60 vistmenn í Breiðavík hafa sótt um sanngirnisbætur

**Þegar hefur verið gengið frá um sextíu umsóknum um sanngirnisbætur vegna illrar meðferðar og ofbeldis á Breiðavíkurheimilinu. Búist er við að þær verði um níutíu. Úrskurðað verði um bæturnar í febrúar.**

**STJÓRNSÝSLA** Búist er við að um níutíu vistmenn á Breiðavíkurheimilinu krefjist bóta á grundvelli laga um sanngirnisbætur.

Lögin voru samþykkt í maí. Í fyrri hluta október var í auglýsingum skorað á þá er dvöldu á Breiðavík á árunum 1952 til 1979 og urðu fyrir illri meðferð eða ofbeldi að lýsa kröfu um skaðabætur. Kröfufrestur er til 26. janúar.

Guðrún Ögmundsdóttir, tengiliður vegna vistheimila, hefur leiðbeint fjölda manna við að útbúa umsóknir um bætur frá því að hún tók til starfa undir lok september. „Ég er þegar búin að ganga frá um sextíu umsóknum og býst við að um það bil tíu bætist við hjá mér. Svo má reikna með að um tuttugu sendi sínar umsóknir beint til sýslumanns,“ segir Guðrún, en sýslumaðurinn á Siglufirði tekur afstöðu til krafna fyrir hönd ríkisins.

158 dvöldu á Breiðavíkurheimilinu á umræddu tímabili. 81 kom í viðtal við nefnd forsætisráðherra sem rannsakaði starfsemi þess. Talið er að 35 séu látnir.

Guðrún segir ekki við því að búast að allir eftirlifandi sæki bætur. „Sumir vilja gleyma og ekkert aðhafast. Ég mun ekki hafa frumkvæði að því að hafa samband við menn. Það er misjafnt hvernig þeir vilja vinna úr þessum atburðum.“

Reiknað er með að sýslumaður úrskurði um bætur fljótlega í febrúar. Uni menn ekki úrskurði sýslumanns geta þeir vísað kröfu sinni til úrskurðarnefndar. Fá þeir lögfræðiaðstoð til að reka mál sitt fyrir nefndinni.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að 235 milljónum króna verði varið til sanngirnisbóta á næsta ári. Í lögum um bæturnar er gert ráð fyrir að fjárhæðir allt að tveimur milljónum króna greiðist út í einu lagi. Bætur umfram tvær milljónir og allt að fjórum milljónum greiðast einu og hálfu ári eftir fyrstu útborgun og bætur umfram fjórar milljónir þremur árum eftir fyrstu útborgun.

Guðrún segir að þegar lokið verði við að innkalla og úrskurða um bætur vegna Breiðavíkurheimilisins fari sama ferli í gang vegna Heyrnleysingjaskólans og Kumbaravogs. bjorn@frettabladid.is



**GREITT ÚR MÁLUM** Guðrún Ögmundsdóttir, tengiliður vegna vistheimila, hefur leiðbeint fjölda manna við að útbúa umsóknir um bætur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Mest sex milljónir

Samkvæmt lögunum geta hámarksbætur orðið sex milljónir króna. Við ákvörðun um fjárhæð til hvers og eins á sýslumaður að líta til: 1) alvarleika ofbeldis eða illrar meðferðar, þar með talið með tilliti til tímalengdar vistunar og annarra aðstæðna sem kunna að hafa gert reynsluna sérlega þungbæra, 2) alvarleika afleiðinga ofbeldis eða illrar meðferðar, bæði afleiðinga sem unnt er að leggja læknisfræðilegt mat á og annarra erfiðleika og missis tækifæra sem rekja má til hinna bótaskyldu atvika.



Iceland Express til Flórída:

# Hefur flug til Orlando í mars

**SAMGÖNGUR** Iceland Express hyggst hefja flug til Orlando á Flórída í mars og apríl á næsta ári. Orlando verður fjórði áfangastaður félagsins í Bandaríkjunum. Þegar er flogið til New York og munu Boston og Chicago bætast við í sumar.

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, segir félagið hafa flogið til Orlando í október og það hafi gengið mjög vel. Verði viðtökurnar nú svipaðar eða betri komi vel til greina að framhald verði á fluginu til Orlando. - sv

Póst- og fjarskiptastofnun segir í úrskurði að Síminn hafi nýtt sér upplýsingar um viðskiptavini keppinauta:

# Síminn braut gegn trúnaðarskyldum

**FJARSKIPTI** Síminn braut gegn trúnaðarskyldum með því að nýta sér upplýsingar um viðskiptavini keppinauta sinna, Nova og Vodafone.

Eru þetta niðurstöður Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) eftir að Nova lagði fram formlega kvörtun vegna meintra brota Símans á trúnaðarskyldum sínum samkvæmt samtengisamningi með því að nota upplýsingar í markaðslegum tilgangi.

Í rannsókn PFS, þar sem stuðst var við gögn sem Samkeppniseftirlitið lagði hald á við húsleit hjá Símanum, kom í ljós að umfangsmiklir úthringilistar með persónuupplýsingum þúsunda viðskiptavina keppinautanna höfðu verið unnir. Listarnir höfðu meðal annars að geyma símanúmer, kennitölur og í sumum tilvikum starfsheiti. Einnig voru útlistuð lengd og fjöldi símtala hvers og eins einstaklings.

Síminn hefur viðurkennt að sölumenn sínir hafi ekki haft heimild til að nýta upplýsingarnar í markaðstilgangi. Þó hafnaði fyrirtækið því að geta ekki átt rétt á upplýsingunum vegna ýmissa annarra ástæðna.

PFS mun framkvæma úttekt á samskiptum heildsölu og smásölu Símans í kjölfarið og er fyrirtækinu gert að setja sér verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna. - sv




**BRAUTTRÚNAÐ** Síminn nýtti sér sundurliðaðar persónuupplýsingar viðskiptavina keppinauta í markaðslegum tilgangi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**PARIÐ** Helga Ingvarsdóttir og Vickram Bedi sitja í gæsluvarðhaldi.

Hæstiréttur New York segir nei:

# Fær tryggingu ekki lækkaða

**BANDARÍKIN Hæstiréttur í New York ríki í Bandaríkjunum hefur hafnað beiðni Vickrams Bedi um að fá tryggingu sína lækkaða, en hann situr nú í gæsluvarðhaldi ásamt Helgu Ingvarsdóttur, unnustu sinni.**

**Þau eru grunuð um að hafa svikið milljónir dala út úr þekktum píanóleikara og milljarðaerfingja.**

**Í Bandaríkjunum er hægt að reiða fram tryggingarfé til þess að þurfa ekki að sitja í varðhaldi og er tryggingin þrjár milljónir dala hjá þeim Vickram og Helgu. Helga mun ekki hafa farið fram á lækkun.**

Samfylkingin og bankahrunið:

# Tillögur að umbótum kynntar

**STJÓRNMÁL** Skýrsla og tillögur umbótanefndar Samfylkingarinnar verða kynntar og ræddar á flokksstjórnarfundi á laugardag.

Verkefni nefndarinnar, sem tók til starfa í maí, var að leiða umræður og skoðanaskipti um störf, stefnu, innri starfshætti og ábyrgð Samfylkingarinnar í aðdraganda bankahrunsins.

Sextán sátu í nefndinni en með verkefnisstjórn fóru Ásgeir Beinteinsson skólastjóri, Hólmfríður Sveinsdóttir stjórnsýslufræðingur, Jón Ólafsson heimspekingur og Kolbrún Benediktsdóttir lögfræðingur. - bþs

## DÓMSMÁL

### Skilorð fyrir líkamsárás

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt karl á þrítugsaldri í sjö mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás. Maðurinn er sakfelldur fyrir að ráðast á annan mann við söluturninn Krílið á Ísafirði í apríl á þessu ári og veita honum varanlega áverka. Þá þarf hinn sakfelldi að greiða málskostnað og 400 þúsund krónur í miskabætur til handa fórnarlambinu.

### Tók lögregluþjón hálstaki

Rúmlega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni, en honum er gefið að sök að hafa veist að lögregluþjóni árla að laugardagsmorgni í október í fyrra við skemmtistaðinn Glaumbar í Tryggvagötu. Hann er sagður hafa tekið lögregluþjóninn hálstaki með þeim afleiðingum að laganna vörðurinn tognaði.





★ GULLTILBOÐ 1

# FERÐ TIL FLÓRÍDA

Ferð með Icelandair á einstöku verði.
**7 nætur, 1. – 8. febrúar**

FULLT VERÐ 131.900 KR.

**96.900 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallaskattar og gisting á Staybridge á Int. drive.

Eingöngu fáanlegt á n1.is.
*Verð á mann. ATH! Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

PUNKTAR GILDA x35

ICELANDAIR

★ GULLTILBOÐ 2

# FERÐ TIL KANARÍ

Sólarferð til Kanarí með Heimsferðum.
**13 nætur, 5. – 18. janúar**

FULLT VERÐ 139.800.

**79.800 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

Heimsferðir

x60

**Innifalið:** Flug, flugvallaskattar og gisting á Vistaflor.
Eingöngu fáanlegt á n1.is. *Verð á mann. ATH! Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

★ GULLTILBOÐ 3

# FLUGSÆTI TIL KANARÍ

**13 nætur, 5. – 18. janúar**

FULLT VERÐ 89.980.

**29.980 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

x60

**Innifalið:** Flug og flugvallaskattar
Eingöngu fáanlegt á n1.is.

# JÓLIN KOMA SN
# FYRIR N1 KORTH



x13

★ SILFURTILBOÐ 1

## PSP LEIKJATÖLVA

Nýjasta útgáfan af þessari vinsælu leikjatölvu frá Sony.

FULLT VERÐ 42.900 KR.

**29.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

★ SILFURTILBOÐ 2

## APPLE iPad

Nýjasta undratækið frá Apple. 16 GB. 9,7" LED skjár, 1024x768 punkta upplausn, 1GHz Apple A4 Custom-Design örgjörvi, Wi-Fi.

FULLT VERÐ 109.900

**89.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**



**Kaupauki fylgir með:** 2.000 kr. inneign og áskrift í 1 mánuð á tónlist.is.

x20



Zen bókin fylgir með
20 fyrstu iPad tölvunum. Sjá nánar á edda.is/itunes.

★ N1TILBOÐ

Vr: A891 85060702

### SAMSUNG MYNDAVÉL

FULLT VERÐ
KR. 26.990

**19.990 KR.**

**+1.000 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x7



PUNKTAR GILDA x11

★ N1TILBOÐ

Vr: 063 BE0913690

### VERKFÆRASETT

FULLT VERÐ
KR. 9.990

**4.990 KR.**

**+1.000 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x5

★ N1TILBOÐ

Vr: A891 85060712

### DVD SPILARI

FULLT VERÐ
KR. 29.990

**18.990 KR.**

**+1.000 PUNKTAR**

★ N1TILBOÐ

Vr: A312 85060738, A312 85060740, A312 85060739, A900 85060741

### GEISLADISKAR

FULLT VERÐ
KR. 2.490

**490 KR. PR. STK.**

**+1.000 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x2





PUNKTAR GILDA x2

FULLT VERÐ
KR. 3.490

**1.490 KR.**

**+1.000 PUNKTAR**

★ N1TILBOÐ

Vr: A900 85060735

### BUBBI – SAMTALSBÓK

FULLT VERÐ
KR. 2.490

**490 KR.**

**+1.000 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x2




★ N1TILBOÐ

Vr: A900 85060691

### SODASTREAM

FULLT VERÐ
KR. 24.990

**13.990 KR.**

**+1.000 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x11






# SVONA NÝTIR ÞÚ ÞÉR TILBOÐIN

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á heimasíðu okkar, www.n1.is. Þar er að finna allar nánari leiðbeiningar. ATH! Takmarkað magn í boði. N1 tilboðin fást á N1 um allt land.

VISA Tengdu N1 kortið við Visa kortið þitt

# EMMA AFA

**SALA HEFST Í DAG KL.12:00 Á N1.IS**



## SILFURTILBOÐ 3

## APPLE iPod SHUFFLE

Nýjasta kynslóð Apple iPod Shuffle, 2GB. Fæst silfraður, blár, grænn og appelsínugulur.

FULLT VERÐ 11.900 KR

**8.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

Kaupauki fylgir með: 2.000 kr. inneign og áskrift í 1 mánuð á tónlist.is.

PUNKTAR GILDA x3

Haier

Full HD 1080p



## SILFURTILBOÐ 4

## 42" SJÓNVARP

x20

42" Haier LCD sjónvarp, Full HD, 1920*1080 upplausn, 450c d/m2 birta, dynamic skerpa, 4000:1, 3 x HDMI tengi, 2 skarttengi, RF tengi, composite, component, 15 pinna D-sub (VGA/PC), Digital Audio out (SPDIF), PCMCIA, Nicam Stereo 2x5w. Standur fylgir.

FULLT VERÐ 129.900 KR.

**109.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

### N1TILBOÐ

Vr: A703 85060730, A703 85060729

**ALIAS / JUNIOR ALIAS**

PUNKTAR GILDA x2

FULLT VERÐ KR. 6.490

**4.490 KR. PR. STK.**

**+1.000 PUNKTAR**




### N1TILBOÐ

Vr: A156 85060669

**REMINGTON SLÉTTUJÁRN**

PUNKTAR GILDA x6

FULLT VERÐ KR. 8.990

**2.990 KR.**

**+1.000 PUNKTAR**




### N1TILBOÐ

Vr: A703 85060731, A312 85060737, A312 85060736

**DVD MYNDIR**

FULLT VERÐ KR. 2.690

**690 KR. PR. STK.**

**+1.000 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x2



### N1TILBOÐ

Vr: A900 85060728

**VAXI-n OG KENNSLUMYNDBAND Í FÖRÐUN**

FULLT VERÐ KR. 6.990

**2.990 KR.**

**+1.000 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x4




### N1TILBOÐ

Vr: A642 453014

**ANTHON BERG**

FULLT VERÐ KR. 2.790

**790 KR.**

**+1.000 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x2







### N1TILBOÐ

Vr: A850 7942, A862 85060733, A149 85060732

**LEIKFÖNG**

FULLT VERÐ KR. 2.590

**590 KR. PR. STK.**

**+1.000 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x2



N1



**LENTIR Á JÖRÐU** Þrír geimfarar úr alþjóðlegu geimstöðinni lentu í Úkraínu í síðustu viku eftir sex mánaða dvöl í geimnum. NORDICPHOTOS/AFP

Forseti Rússlands leggur áherslu á samstarf við Vesturlönd um sameiginlegar eldflaugavarnir:

# Medvedev varar við nýju vopnakapphlaupi

**RÚSSLAND, AP** Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti lagði í stefnuræðu sinni þetta árið sérstaka áherslu á nauðsyn þess að rússneskum stjórnvöldum tækist að semja við Vesturlönd um sameiginlegar eldflaugavarnir.

„Næstu tíu árin bíða okkar þessir valkostir,“ sagði hann í þingsalnum í Kreml. „Annaðhvort náum við samkomulagi um eldflaugavarnir og búum til sameiginlegan vettvang fyrir samstarf, eða þá, ef okkur tekst ekki að komast að sameiginlegri og uppbyggilegri afstöðu, að nýtt vopnakapphlaup fer af stað.“

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Portúgal í síðasta mánuði samþykktu leiðtogar NATO nýja áætlun um eldflaugavarnir og buðu jafnframt Rússum að taka þátt. Vitað er að mikil andstaða er við þau áform meðal margra áhrifamanna í Rússlandi, ekki síst innan hersins.

Medvedev hefur hins vegar fyrir sitt leyti fallist á boð Atlantshafsbandalagsins, þótt óljóst sé nákvæmlega hvernig samstarfinu við Rússa verði háttað. **- gb**



**DMITRÍ MEDVEDEV** Flutti stefnuræðu sína á sameinuðu þingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Færri kvörtuðu til landlæknis í fyrra

**Landlæknisembættinu bárust 237 kvartanir á síðasta ári. Kvörtunum fækkaði milli ára. Röng eða ófullnægjandi meðferð var tilefni flestra kvartana. Einn heilbrigðisstarfsmaður var sviptur starfsleyfi í fyrra og tveimur veitt áminning.**

**STJÓRNSÝSLA** Nokkuð færri kvartanir bárust landlæknisembættinu í fyrra en árin tvö þar á undan.

Alls bárust embættinu 237 kvartanir í fyrra en árið 2008 voru þær 282 og árið 2007 voru þær 274.

Þetta kemur fram í ársskýrslu landlæknisembættisins fyrir árið 2009.

Kvartanirnar lúta að samskiptum almennings við þá sem veita heilbrigðisþjónustu. Málin sem um ræðir eru misjafnlega umfangsmikil og alvarleg, allt frá hnökrum í samskiptum til alvarlegra mistaka.

Röng eða ófullnægjandi meðferð var tilefni flestra kvartana árið 2009 eins og verið hefur mörg undanfarin ár. 58 kvartanir beindust að Landspítalanum en það eru talsvert færri tilvik en árin á undan. Af þeim voru fimmtán á hendur bráða- og slysalækningadeild, tíu á hendur geðdeild, tíu lyflækningadeild og átta á hendur skurðlækningadeild.

Kvartanir á hendur einkastofum lækna voru 44 og fækkaði umtalsvert frá árinu áður, þegar þær voru 71, en fjöldinn var svipaður og árið 2007 þegar 49 kvartanir bárust.

Fram kemur í ársskýrslu landlæknisembættisins að einn heilbrigðisstarfsmaður var sviptur starfsleyfi árið 2009. Tveimur var veitt lögformleg áminning.

Af öðrum aðgerðum landlæknis vegna kvartana má nefna að aðfinnslur voru átján og ábendingar um það sem betur mætti fara 36. Í 104 málum þótti ekki ástæða til aðgerðar.

**bjorn@frettabladid.is**



**Á GANGINUM** Af 58 kvörtunum sem bárust landlækni og beindust að Landspítalanum voru flestar vegna bráða- og slysalækningadeildar. 44 kvartanir voru á hendur einkastofum lækna.

**Kvartanir 2009 eftir tilefni**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Röng meðferð | 36 | Trúnaðarbrot | 3 |
| Ófullnægjandi meðferð | 36 | Ófullnægjandi upplýsingar | 4 |
| Aðgengi að heilbrigðisþjónustu | 17 | Samskiptaörðugleikar heilbrigðisstarfsfólks | 1 |
| Sjúkraskrá | 12 | Óljóst tilefni | 1 |
| Samskiptaörðugleikar milli heilbrigðisstarfsmanns og sjúklings | 17 | Örorkumat | 3 |
| Áfengis- eða lyfjanotkun heilbrigðisstarfsmanns | 6 | Heilbrigðisstarfsmaður fer út fyrir verksvið sitt | 3 |
| Læknisvottorð | 16 | Skottulækningar | 0 |
| Ófullnægjandi eftirlit | 7 | Önnur atriði | 57 |
| Röng greining | 12 | **Alls** | **237** |

Fyrirtæki Jóns Ólafssonar brást við neyðarkalli nauðstaddra:

# Sendi 42 tonn af vatni til Haítí

**HAÍTÍ** „Þarna er mikil neyð og við ákváðum því að gefa meira vatn,“ segir Jón Ólafsson, stjórnarformaður Icelandic Water Holdings, sem framleiðir átappað lindarvatn á flöskum undir merkjum Icelandic Glacial á jörðinni Hlíðarendi við Þorlákshöfn.

Fyrirtækið sendi í vikunni 42 tonn af vatni á flöskum til Haítí. Fólk þar hefur glímt við mikla neyð í kjölfar jarðskjálfta sem reið þar yfir í byrjun árs og lagði höfuðborgina Port-au-Prince nánast í rúst. Hjálparstofnun úti sem ekki er rekin í hagnaðarskyni dreifir vatninu til nauðstaddra.

Í síðasta mánuði braust út kólerufaraldur í borginni og hefur hann dregið 1.415 manns til dauða. Þar að auki eru 56 þúsund taldir hafa veikst af völdum faraldursins og óttast að allt að tvö hundruð þúsund til viðbótar geti veikst á næstu mánuðum.



**BARIST VIÐ KÓLERU** Sjúklingar á sjúkrahúsi í bænum Limbe á Haítí. Talið er að 1.415 hafi látist af völdum kólerufaraldurs þar í landi á mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kólera getur komið upp þar sem hreinlæti er af skornum skammti og aðgangur að hreinu drykkjarvatni takmarkaður. Í borginni búa nú 1,3 milljónir manna við slæman kost í búðum fyrir þá sem misstu heimili sín í jarðskjálftanum.

Fyrirtæki Jóns, sem er að hluta til í eigu bandaríska drykkjavörurisans Anheuser Busch, sendir vatnið til Haítí frá Bandaríkjunum. Þetta er þriðja sendingin frá því að jarðskjálftinn reið yfir. **- jab**






*Jólaleikur*

# Færð þú áfyllinguna endurgreidda eða 250.000 kr. matarúttekt?

Daglega, fram að **Þorláksmessu,** fær einn heppinn dælulykilshafi áfyllinguna endurgreidda. Nöfn vinningshafa verða dregin út í beinni útsendingu í þætti **Rúnars Róberts á Bylgjunni,** virka daga milli klukkan 14 og 16.

Á Þorláksmessu mun Rúnar Róberts draga út nafn heppins dælulykilshafa, sem kaupir eldsneyti í desember, og fær hann **250.000 kr. matarkörfu** frá Krónunni.

**Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is eða hringdu í síma 591 3100.**

KRÓNAN





ATLANTSOLIA

Atlantsolía / Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfjörður / Sími 591 3100 / www.atlantsolia.is

**FRÉTTASKÝRING:** Bætur til meðferðarheimilisins Árbótar

# Ráðuneytið taldi uppsögn óhjákvæmilega

**Félagsmálaráðuneytið taldi óhjákvæmilegt að segja upp samningi við Árbót. Deilt hefur verið um uppsagnarákvæði samningsins. Í máli Geldingalækjar árið 1998 komst Hæstiréttur að því að ákvæðið stæðist lög. Ríkislögmaður komst að sömu niðurstöðu í áliti vegna máls Torfastaða árið 2004. Í tölvupósti frá 30. desember í fyrra kemur fram að Árni Páll Árnason, fyrrverandi félagsmálaráðherra, vildi ekki að greinargerð fylgdi með uppsagnarbréfi til Árbótar.**

Bæði Árni Páll Árnason, fyrrverandi félagsmálaráðherra, og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hafa, í rökstuðningi sínum fyrir réttmæti 30 milljóna króna starfslokagreiðslu til meðferðarheimilisins Árbótar, bent á að uppsagnarákvæðið í samningi Barnaverndarstofu við Árbót hafi ekki verið ótvírætt.

Eins og áður hefur verið bent á sáu þeir ekki ástæðu til að fá álit ríkislögmanns á því. Þegar Árni Páll var spurður að því, í Fréttablaðinu á miðvikudaginn í síðustu viku, hvers vegna ekki hafi verið leitað álits sagði hann: „Ég er lögfræðingur sjálfur og get alveg lesið hvað stendur í þessu uppsagnarákvæði. Það er ekki ótvírætt – langt því frá. Rökin fyrir uppsögninni voru forsendubrestur, en það var ekki ótvírætt að hún stæðist.“

Á Alþingi á mánudaginn í síðustu viku sagði Steingrímur: „Það er þannig með þessa samninga að í þeim er ekki ótvírætt uppsagnarákvæði heldur endurskoðunarákvæði.“

### Ráðuneytin aldrei gert athugasemd

Áður en þjónustusamningar milli Barnaverndarstofu og meðferðarheimila eru gerðir fara ráðuneytin yfir þá, enda þurfa ráðherrar að undirrita samningana. Samkvæmt heimildum blaðsins hefur aldrei verið gerð athugasemd við orðalag eða skýrleika ákvæða.

Í máli Torfastaða, þar sem samningi var sagt upp með sex mánaða fyrirvara, mat ríkislögmaður bótaskylduna. Niðurstaða hans var sú að þar sem samningnum hafi verið sagt upp með lögmætum hætti bæri ríkinu að hafna öllum kröfum um bætur.

### Hæstiréttur sýknaði ríkið

Árið 1998 féll dómur vegna uppsagnar ríkisins á samningi við meðferðarheimilið Geldingalæk á Rangárvöllum. Forsvarsmenn heimilisins höfðuðu þá mál gegn ríkinu þar sem krafist var ógildingar á uppsögn samningsins og skaðabóta.

Samningnum hafði verið sagt upp vegna þess að annar forráðamaður heimilisins hafði orðið uppvís af ölvun í húsakynnum heimilisins og sýnt af sér kynferðislega áreitni við samstarfskonu.

Í dómi Hæstaréttar segir að þar sem Barnaverndarstofa hafi ekki rift samningnum strax heldur gefið forráðamönnunum kost á að segja honum upp með sex mánaða fresti hafi meðalhófsreglu stjórnsýslulaganna verið gætt.

Í Árbót féll nýting rýma niður eftir að upp komst um kynferðisbrotamál á heimilinu. Stúlku var nauðgað af starfsmanni heimilisins sem var í október í fyrra dæmdur í tveggja ára fangelsi. Líkt og í Geldingalækjarmálinu rifti Barnaverndarstofa ekki strax samningnum við Árbót heldur gaf eigendunum kost á að segja honum upp með sex mánaða fresti. Það vildu þau ekki og var samningnum því sagt upp um síðustu áramót með vísun í sex mánaða uppsagnarákvæðið í þjónustusamningnum.

Í Geldingalækjarmálinu komst dómurinn enn fremur að þeirri niðurstöðu að sex mánaða uppsagnarákvæðið stæðist lög og var ríkið sýknað af bótakröfum forsvarsmanna heimilisins.

### Greinargerð fylgdi ekki

Þegar Árni Páll var spurður út í aðkomu hans að Árbótarmálinu í Fréttablaðinu á miðvikudaginn í síðustu viku sagði hann: „Ég tók enga ákvörðun í þessu máli og átti aldrei hugmynd að nokkru skrefi aðra en þá sem mínir embættismenn lögðu til, nema þegar ég ákvað að neita að sætta mig við að það færu 30 milljónir af barnaverndarstarfi í landinu í uppgjörið og heimtaði að það kæmi aukafjárveiting.“

Þessi yfirlýsing ráðherrans stangast á við gögn sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Þegar Barnaverndarstofa er í sambandi við félagsmálaráðuneytið áður en uppsagnarbréfið til Árbótar er sent, fylgdi greinargerð með uppsagnarbréfinu.

Í tölvupósti sem Heiða Björg Pálmadóttir, lögmaður Barnaverndarstofu, sendi Braga Guðbrandssyni, forstjóra stofunnar, klukkan 17.29 30. desember, lýsir hún þeirri skoðun sinni að hún telji öruggara að greinargerðin fylgi með bréfinu.

Í tölvupóstinum segir Heiða: „Tel öruggara að forsendur stofunnar, eins og þær eru raktar í meðfylgjandi greinargerð, fylgi með uppsagnarbréfi til forstöðumanna, enda gerir stjórnsýslurétturinn kröfur til þess að í rökstuðningi fyrir ákvörðun komi fram helstu forsendur og rök fyrir niðurstöðu. Með hliðsjón af því að dómstólar töldu ákvæði stjórnsýslulaga gilda um uppsögn samnings vegna Geldingalækjar gæti það komið Barnaverndarstofu illa, fari málið fyrir dóm, að gera ekki grein fyrir forsendum ákvörðunarinnar þegar ákvörðun er kynnt aðilum.“

### Tölvupóstur aðstoðarmanns

Í tölvupósti Önnu Sigrúnu Baldursdóttur, þáverandi aðstoðarmanns Árna Páls, til Bolla Þórs Bollasonar ráðuneytisstjóra og áframsendur var til Barnaverndarstofu klukkan 19.40 30. desember í fyrra segir: „Ráðherra telur ástæðulaust að þetta [greinargerðin] fylgi með, bætir í raun engu við.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fór ráðherra síðan fram á það að í uppsagnarbréfið, sem sent var 30. desember í fyrra, yrði bætt við eftirfarandi málsgrein: „Þrátt fyrir að rekstrarsamningi við yður [eigendur Árbótar] vegna starfsemi meðferðarheimilisins að Árbót sé hér með sagt upp vill Barnaverndarstofa ítreka þá afstöðu sína að æskilegt sé að aðilar nái sátt um starfslok. Því áréttar stofan að af hennar hálfu er vilji til áframhaldandi samræðna sem miði að því að ljúka málinu með samkomulagi í samræmi við farsælt samstarf sem Barnaverndarstofa hefur átt við yður í mörg ár. Sé vilji til þess að yðar hálfu er ekkert því til fyrirstöðu að viðræður geti hafist fljótlega eftir áramót.“

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á þriðjudaginn í síðustu viku sýna tölvupóstsamskipti ótvírætt fram á að samningaviðræður milli Steingríms, félagsmálaráðuneytisins og eigendur Árbótar, hófust í byrjun janúar. Er það tæpum þremur mánuðum áður en ráðuneytið var formlega komið með forræði í málinu, en það gerðist ekki fyrr en 25. mars.

### Óhjákvæmilegt að segja samningnum upp

Bæði Steingrímur og Árni Páll hafa vísað til þess að uppsagnarákvæði samningsins við Árbót hafi ekki verið ótvírætt, eins og rakið var hér á undan. Þetta mat þeirra stangast á við mat Bolla Þórs og Vilborgar Ingólfsdóttur, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, sem 14. desember 2009 svöruðu erindi Barnaverndarstofu, þar sem óskað var heimildar til uppsagnar á samningnum við Árbót.

Í bréfi Bolla Þórs og Vilborgar, sem þau skrifa undir fyrir hönd Árna Páls, segir: „Þá eru í erindi yðar [Barnaverndarstofu] færð margvísleg rök fyrir því að ekki verði séð að meðferðarheimilið Árbót muni breyta starfsemi sinni þannig að nýting á rýmum Árbótar verði fullnægjandi. Ekki séu því fjárhagslegar forsendur fyrir áframhaldandi rekstri meðferðarheimilisins að Árbót. [...] Af þessu tilefni tekur ráðuneytið fram að að vel athuguðu máli er niðurstaða þess sú að óhjákvæmilegt sé að segja upp samningi Barnaverndarstofu við Árbót. Ráðuneytið fellst því á tillögu Barnaverndarstofu um að samningnum verði sagt upp fyrir árslok 2009.“

### Þrýstingur eða ekki þrýstingur

Í Fréttablaðinu á miðvikudaginn í síðustu viku gerði Árni Páll lítið úr þrýstingi þingmanna Norðausturkjördæmis í málinu. Hann sagði meðal annars: „Jú jú, það var þrýstingur en hann hafði engin óeðlileg áhrif á niðurstöðuna.“

Þetta gengur í berhögg við það sem hann segir í tölvupósti til ráðuneytisstjóra síns 7. maí. Í tölvupóstinum sér hann sérstaka ástæðu til þess að nefna þrýsting frá þingmönnum kjördæmisins. Þar segir Árni Páll meðal annars: „ Af hverju erum við að borga meira en 30 milljónir umfram skyldu? Jú – vegna sanngirnissjónarmiða og þrýstings frá kjördæmisþingmönnum.“






**Trausti Hafliðason**
trausti@frettabladid.is



**Stígur Helgason**
stigur@frettabladid.is


## Víðtæk athugun



SVEINN ARASON

Ríkisendurskoðun hefur þegar hafið athugun á samningum hins opinbera við meðferðarheimili og og starfslokum þeirra.

Ríkisendurskoðun hefur óskað eftir öllum gögnum, þar á meðal bréfa- og tölvupóstsamskiptum, um samninga við meðferðarheimili frá árinu 1996.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Sveinn Arason ríkisendurskoðandi að óvíst hversu langan tíma athugunin myndi taka. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra telur affarasælast fyrir alla aðila að Ríkisendurskoðun fari í málið og klári athugunina sem allra fyrst.

## Stiklað á stóru í Árbótarmálinu

Frá því á mánudaginn 22. nóvember hefur Fréttablaðið fjallað um það hvernig  og hvers vegna ákveðið var að greiða eigendum meðferðarheimilisins Árbótar í Þingeyjarsýslu 30 milljónir króna í bætur vegna lokunar heimilisins. Hér er stiklað á stóru í málinu:

- Samið var um 30 milljóna króna bætur til eigenda Árbótar þrátt fyrir ítrekuð mótmæli Barnaverndarstofu.
- Ráðuneytin voru farin að semja áður en málið var formlega komið á þeirra forræði. Tölvupóstar sýna að samningar milli félagsmálaráðuneytis og eigenda Árbótar hófust í byrjun janúar. Málið komst á forræði ráðuneytisins 25. mars.
- Samið var án þess að bótaskylda ríkisins vegna hugsanlegra lögsóknar eigenda Árbótar væri könnuð. Í þjónustusamningnum við Árbót var ákvæði um sex mánaða uppsagnarfrest verði forsendubrestur fyrir starfseminni. Í áliti í máli Torfastaða komst ríkislögmaður að því að samskonar uppsagnarákvæði stæðist lög og ríkið væri ekki bótaskylt yrði höfðað mál. Hæstiréttur Íslands komst að sömu niðurstöðu í dómsmáli vegna meðferðarheimilisins Geldingalækjar. Í því máli var ríkið sýknað af bótakröfum.
- Samið var um bætur, meðal annars vegna fjárfestinga sem eigendurnir höfðu lagt í, án þess að fyrir lægju ársreikningar frá Bragabót sem innheimt hefur leigu og staðið í fjárfestingum vegna starfseminnar. Bragabót er félag í eigu eigenda Árbótar.
- Samið var við Árbót vegna þrýstings frá þingmönnum norðausturkjördæmis eins og skýrt kemur fram í tölvupóstum frá Árna Páli Árnasyni, Steingrími J. Sigfússyni og Kristjáni Þór Júlíussyni.
- Lögmaður Götusmiðjunnar kvartar til umboðsmanns Alþingis vegna ólíkrar málsmeðferðar stjórnvalda við gerð starfslokasamninga vegna Árbótar og Götusmiðjunnar. Lögmaðurinn telur að jafnræðisreglan hafi verið brotin.
- Félagsmálanefnd Alþingis fundaði um málaflokkinn í fyrradag.

## Enginn með byssu við höfuðið á Braga



BJÖRGVIN ÞORSTEINSSON

Björgvin Þorsteinsson, lögmaður eigenda Árbótar, sagði í viðtali í síðdegisútvarpi Rásar 2 á fimmtudaginn að Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, hefði undirritað starfslokasamninginn við Árbót þar sem samið var um 30 milljóna króna uppgjör við heimilið. „Ég er nú með þennan samning fyrir framan mig sem undirritaður var í sumar. Undir þennan samning hefur Bragi Guðbrandsson skrifað,“ sagði Björgvin. „Ég veit ekki til þess að neinn hafi verið með byssu við höfuðið á honum þegar hann skrifaði undir þetta.“

Í minnisblaði frá Braga Guðbrandssyni sem dagsett er 14. júlí síðastliðinn kemur fram að á fundi með ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins og skrifstofustjóra hafi verið óskað eftir því að Barnaverndarstofa tæki þátt í afgreiðslu málsins með undirskrift á samkomulaginu enda væri stofan samningsaðili við Árbót. „Ég vísaði til fyrri samskipta við ráðuneytið vegna málsins, meðal annars bréfa og tölvupóstsamskipta, þar sem stofan hefði ítrekað látið í ljós það álit að samkomulagið stæðist ekki góða stjórnsýslu af margvíslegum ástæðum,“ segir í minnisblaði Braga um fundinn. „Þá orkaði tvímælis að stofan ætti aðild að samkomulaginu þar sem málinu hefði á sínum tíma, að ósk ráðuneytisins sem og rekstraraðila, verið vísað til afgreiðslu ráðuneytisins [...] Þannig væru drög að umræddu samkomulagi alfarið unnin af hálfu ráðuneytisins og án aðkomu stofunnar og því væri óeðlilegt að Barnaverndarstofa skrifaði undir það. Á hinn bóginn væri stofunni skylt að hlíta fyrirmælum ráðherra í þessa veru ef svo bæri undir [...] Ég skyldi tryggja að það gengi eftir. Væri kallað eftir sjónarmiði mínu af hálfu annarra vegna samkomulagsins greindi ég frá því að ég myndi alls ekki tjá mig um það, hvorki verja það né gagnrýna.“


ALLT AÐ 35% AFSLÁTTUR
NÝTT BAÐ
Eitt flottasta úrval landsins
af baðherbergisinnréttingum
til afgreiðslu af lager
ALLIR VINNA
allirvinna.is
122 FULNINGUR Hvítt 112 x 48 sm
N-1200 hár baðskápur 40x36x170 sm
T-1250 hár baðskápur 40x36x170 sm
104 Epli 122 x 48 sm
T-690 hvítt háglans 68x48 sm
T-580-3 hvítt háglans 58x48 sm
T-580 hvítt háglans 58x48 sm
A-1000 hvítt háglans 100x48 sm
BAÐKÖR Emilerað með fótum frá kr 26.800
stærðir: 160x70, 170x70
stærðir: 150x75, 160x75, 170x75
35.900
Sturtisett
með hitastýrðu
blöndunartæki
4.900
Sturtu-
stangarsett
STURTUHORN
90x90
29.900
90x90
29.900
sturtuhorn með botni
sturtuhorn með botni
BAÐHLÍFAR verð frá 27.900
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þjóðinni var vel treystandi til að kjósa sér stjórnlagaþing.

## Vandanum vaxin

Þjóðinni virðist hafa verið ágætlega treystandi til að kjósa sér stjórnlagaþing. Sá 25 manna hópur, sem náði kjöri á þingið, er tiltölulega breiður og endurspeglar margvísleg sjónarmið.

Athygli vekur að áhyggjur margra af því að persónukjör myndi ekki tryggja jafnvægi kynja reyndust ástæðulausar, að minnsta kosti í þetta sinn. Ekki reyndist nauðsynlegt að grípa til þess ráðs að bæta við fulltrúum til að jafna kynjahlutfallið.

Hins vegar hallar á landsbyggðina í hópi stjórnlagaþingmanna. Að hluta til kann ástæðan að vera sú að landsbyggðarfólk sé minna áberandi í fjölmiðlum en íbúar á höfuðborgarsvæðinu, en að einhverju leyti hlýtur líka að mega skýra þessa niðurstöðu með því að bæði voru færri í framboði sem búsettir eru á landsbyggðinni og kjörsóknin var minni úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Ekki fer á milli mála að þekkt fólk hafði forskot í kosningunni, ekki sízt vegna þess að hinn gríðarlegi fjöldi frambjóðenda hafði í för með sér að öll kynning á sjónarmiðum þeirra varð erfið. Fólk kaus helzt frambjóðendur sem það þekkir og treystir. Þó koma nokkrir einstaklingar sem ekki hafa verið áberandi í opinberri umræðu sterkir inn. Kverúlantahlutfallið er áreiðanlega ekki hærra en í kosningum til Alþingis. Eðli málsins samkvæmt hlýtur persónukjör alltaf að hafa í för með sér að þekkt fólk hljóti brautargengi, en í kosningum þar sem frambjóðendahópurinn er minni á hver og einn auðveldara með að verða þekktur í kosningabaráttunni og þarf ekki endilega að hafa verið frægur fyrir. Vonandi á eftir að reyna á það síðar.

Um það bil helmingur fulltrúanna hefur komið nálægt pólitík, en þetta fólk skiptist í grófum dráttum eftir styrkleikahlutföllum flokkanna undanfarin ár. Það er því engin flokksslagsíða á úrslitum kosninganna.

Hins vegar virðist í fljótu bragði sem meirihluti hópsins kunni að vilja talsvert róttækar breytingar á stjórnarskránni. Það stemmir við þá tilgátu að þeir sem ekki telja ástæðu til róttækrar endurskoðunar á stjórnarskránni hafi fremur setið heima á laugardaginn var en hinir sem kusu breytingar.

Á móti kann að koma það sem Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, benti á hér í blaðinu á mánudaginn; að vegna lítillar kjörsóknar sé umboð stjórnlagaþingsins veikara en ella og þingið verði því að stíga varlega til jarðar og gera tillögur, sem bæði Alþingi og meirihluti kjósenda geta sætt sig við.

Fulltrúarnir 25 eiga vandasamt verk fyrir höndum við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ekkert bendir til annars en að hópurinn eigi að vera þessum vanda vaxinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Mjúkar og fallegar hendur og fætur...
...með Miracle of Aloe kremin sem virka




Mest selda fótakrem í Bandaríkjunum

Einstakir eiginleikar Ultra Aloe Vera mýkir, nærir og gefur húðinni þann raka sem hún þarf.

Fæst nú í HAGKAUP og Reykjavíkur Apóteki

Miracle of Aloe

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Verndun

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um stjórn vatnamála. Er markmið þess að „kveða á um verndun vatns, hindra að vatnsgæði rýrni og bæta ástand vistkerfa vatna og votlendis og vistgerða sem beint eru háð vatni til að tryggja að vatn njóti heildstæðrar verndar," eins og segir í frumvarpinu.



Fullyrða má að ekki hafi öllum verið ljóst að íslenskt vatn nyti ekki nægilegrar verndar. Þegar að er gáð kemur líka í ljós að það er ekki af knýjandi þörf vegna ástands mála sem frumvarpið er lagt fram. Nei, það á að leiða tilskipun frá Evrópusambandinu í íslenskan rétt.

### …í nágrenni

Í frumvarpinu eru skilgreiningar á orðum. Ein er svona: „Árósavatn: Vatn í nágrenni ármynna sem er að hluta til salt vegna nálægðar við strandsjó en verður fyrir verulegum áhrifum frá aðstreymi ferskvatns." Þetta er gagnlegt.

### Viðbrögð

Jónas Kristjánsson náði ekki kjöri til stjórnlagaþings. Á vefnum sínum brást hann við með eftirfarandi skrifum: „Gott lið hefur valizt til stjórnlagaþings. Mér sýnist þorri kosinna vilja töluverðar breytingar á stjórnarskránni. Ég sé lítið um fulltrúa hagsmuna eða stjórnmálaflokka, sem er frábært. Of lítið er að vísu af þeim, sem eiga að erfa landið. Atkvæði þeirra hafa væntanlega dreifst of mikið. Mest er um þekkta einstaklinga, sem hafa staðið sig ágætlega í lífinu…" Það er stíll yfir þessu hjá Jónasi. Þeir sem verða undir í kosningum framtíðarinnar mættu taka hann sér til fyrirmyndar.



bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Skattar á Rauða krossinn?

Ríkisfjármál



Eygló Harðardóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Frjáls félagasamtök hafa aldrei verið mikilvægari en einmitt núna. Þau sinna fræðslu almennings, efla menningar- og listalíf, inna af hendi margs konar samfélagsþjónustu og halda á lofti málstað einstakra þjóðfélagshópa. Dæmi um frjáls félagasamtök sem snerta líf okkar allra eru Landsbjörg, Kvenfélagasamband Íslands, Heimili og skóli og Rauði kross Íslands.

Á grundvelli þess mikilvæga samfélagslega hlutverks sem frjáls félagasamtök gegna hafa þau lengi notið ýmissa undanþága frá skattgreiðslum, þá sérstaklega frá greiðslu tekjuskatts og eignarskatts. Enda mætti gera ráð fyrir að opinberir aðilar þyrftu sjálfir að sinna verkefnum þeirra ef félagasamtökin gerðu það ekki.

Íslensk félagasamtök njóta þó ekki sömu skattaívilnana og algengt er í samanburðarlöndunum, s.s. undanþágu frá greiðslu fjármagnstekjuskatts, erfðafjárskatts og endurgreiðslu virðisaukaskatts af aðföngum. Stærsti munurinn felst þó í því að einstaklingum hér á landi er ekki leyfilegt að draga gjafir til góðgerðafélaga frá skattskyldum tekjum sínum líkt og almennt er heimilt í löndum Evrópu og N-Ameríku.

Á undanförnum áratugum hafa skattaívilnanir stjórnvalda fyrst og fremst beinst að fyrirtækjum sem eru á markaði í hagnaðarskyni. Sífellt hefur hallað á starfsemi sem rekin er á grundvelli ákveðinna hugsjóna, s.s. frjáls félagasamtök og samvinnufélög. Má þar nefna að afnám ákvæða um frádrátt frá skattskyldum tekjum einstaklinga vegna gjafa til góðgerðafélaga árið 1979, ákvörðun um að félagasamtök skyldu greiða fjármagnstekjuskatt árið 1996 og álagning erfðafjárskatts á gjafir til líknarfélaga vorið 2004.

Það geta ekki verið rétt skilaboð til samfélagsins að hagkvæmara sé að græða sjálfur en að gefa náunganum. Frjáls félagasamtök hafa ekki farið varhluta af kreppunni. Framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum hafa dregist saman, auk þess sem hið opinbera hefur minna getað stutt við starfsemi þeirra með beinum styrkjum. Á sama tíma hefur álag og eftirspurn eftir þjónustu aukist.

Með breyttum skattareglum, sérstaklega hvað varðar góðgerða- og líknarfélög, væri hægt að bæta starfsumhverfi frjálsra félagasamtaka umtalsvert. Starfsemin myndi eflast og þau yrðu betur í stakk búin að hlaupa undir bagga með ríki og sveitarfélögum við þessar erfiðu efnahagsaðstæður.

Ríkið á að styðja við frjáls félagasamtök, ekki hagnast á starfsemi þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Tölvuglæpir og tölvuhernaður

Tölvuöryggi

Ólafur Róbert Rafnsson
ráðgjafi í upplýsingaöryggismálum hjá Capacent



Í Aftenposten þann 29. ágúst sl. er greint frá því að Öryggisráð Noregs (NSM) hafi í fyrsta sinn orðið vart við tölvuárás á orkufyrirtæki þar í landi en ekki er greint frá því hvaða fyrirtæki urðu fyrir barðinu á þessari árás.

Tölvuglæpamenn höfðu verið að prófa sig áfram í langan tíma áður en ráðist var á orkufyrirtæki í Noregi en fyrr á árinu létu þeir til skarar skríða í Hvíta-Rússlandi og Þýskalandi. Notast var við veikleika í hugbúnaði frá Siemens (Simatic WinCC) sem notaður er til að stýra búnaði í allt frá pizzaofnum til olíuborpalla. Þennan hugbúnað er að finna í a.m.k. 200 fyrirtækjum í olíuiðnaði, orkuiðnaði og málm- og matvælafyrirtækjum. USB lykill var skilinn eftir sem innihélt tölvuóværu (Trojan) og þegar starfsmaður fyrirtækis tengdi hann við tölvu smitaði hann tölvuna og þaðan var árásinni svo stýrt. Það er ekki enn vitað hverjir stóðu á bak við þessa árás né í hvaða tilgangi.

Leiða má að því líkur að upplýsingakerfi sem íslensk fyrirtæki og stofnanir nota séu allt eins líkleg skotmörk tölvuþrjóta í þeim tilgangi að leita leiða til að prófa sig áfram við hönnun kerfa og aðferða sem notuð eru annars staðar í heiminum. Jafnvel sem stökkpall til að framkvæma árásir frá.

Dr. Charlie Miller, stærðfræðingur sem vann fyrir öryggisráð bandarískra stjórnvalda við hönnun á tölvuvarnarbúnaði (Intrusion Detection System IDS) og kannaði veikleika upplýsingakerfa annarra landa í fimm ár, færði rök fyrir því, byggð á rannsóknum undanfarinna ára, að hægt væri að taka niður helstu stoðkerfi Evrópusambandsins. Það myndi kosta um 100 milljónir Bandaríkjadala, 750 manns og tvö ár til að framkvæma. Slík árás í framkvæmd myndi vera með sama sniði og árásir á norsk orkufyrirtæki þar sem tölva starfsmanns t.d. hjá London Stock Exchange eða frönsku orkufyrirtæki væri smituð með njósnahugbúnaði. Næstu 12-18 mánuði væru notaðir til að safna gögnum um högun kerfa, koma fyrir hugbúnaði víðar á innri netum, hlera netsamskipti og komast yfir aðgangsorð o.s.frv. Þetta væri gert í þeim tilgangi að komast yfir stjórnborð búnaðar sem notaður er til að stýra miðlægum kerfum. Um 18-21 mánuðum síðar væri hin eiginlega árás gangsett. Opnað yrði fyrir eldveggi og svokölluð DDOS (Distributed Denial of Service) árás sett af stað sem myndi slökkva á öllum helstu stoðkerfum og íbúar Evrópusambandsins myndu vakna upp við rafmagnsleysi, sím- og netkerfi óvirk, bankakerfi lamað, samgöngur niðri o.s.frv. Það myndi taka nokkra daga að koma öllum kerfum í gang að nýju en afleiðingarnar yrðu gífurlegar, svo ekki sé talað um kostnað og trú almennings á upplýsingatækni.

> Leiða má að því líkum að upplýsingakerfi sem íslensk fyrirtæki og stofnanir nota séu allt eins líkleg skotmörk tölvuþrjóta í þeim tilgangi að leita leiða til að prófa sig áfram við hönnun kerfa og aðferða sem notuð eru annars staðar í heiminum.

100 milljónir Bandaríkjadala er ekki há upphæð ef hún er sett í samhengi við til dæmis það að Tiger Woods greiddi fyrrum eiginkonu sinni þessa upphæð vegna skilnaðar þeirra, þessa upphæð er hægt að vinna á eina hönd í póker í Las Vegas og svo mætti áfram telja.

Það má áætla að um 1,6 milljarðar árása séu gerðir daglega á fyrirtæki og opinbera aðila í Bandaríkjunum. Tölvuhernaður er nýtt hugtak sem við eigum eftir að venjast og þótt það geti hljómað eins og vísindaskáldskapur þá er það fjarri því.

Árás áþekk þeirri í Noregi hefur verið framkvæmd áður, þann 27. apríl 2007 réðust tölvuþrjótar á Internetfréttaveitu í Eistlandi á sama tíma og landið var í harðvítugum pólitískum deilum við Rússa. Árásir héldu áfram að stigmagnast á næstu þremur vikum sem enduðu með því að helstu stoðkerfi Eistlands voru knésett. Mun þróaðri árásir gætu mögulega fylgt í kjölfar þessara árása því þeir sem stjórnuðu árásinni öfluðu gagna sem hægt væri að nýta til annarskonar árása víðsvegar um heiminn. Einnig var gerð tölvuárás á Georgíu nokkru áður en Rússar réðust inn í landið 2008 og 2009 þegar átök voru þar í landi yfir héraðinu Abkasíu í Suður-Ossetíu.

Hér á landi mætti færa rök fyrir því að við séum það fjarri öðrum löndum að lítill ávinningur væri fyrir tölvuglæpamenn að valda skaða eða brjótast inn í helstu stoðkerfi landsins en það er því miður öðru nær. Við erum álitlegt skotmark t.d. fyrir aðila sem myndu vilja æfa slíkar árásir því við erum að keyra sama hugbúnað og önnur lönd. Annað dæmi um álitlegt skotmark er Wikileaks en fréttir berast af því að hér á landi verði settur upp fréttamiðill frá þeim.

Nýlega birti heimasíða Wikileaks trúnaðargögn ýmissa stjórnvalda og varð fyrir árás tölvuþrjóta. Þar kemur m.a. fram að kínverskur ráðamaður lét fyrirskipa tölvuárás á Google eftir að hafa séð slóð á heimasíðu sem innihélt upplýsingar um viðkomandi sem honum mislíkaði. Einnig má þar finna upplýsingar um að Bandaríkin telji verulega ógn stafa af tölvuhernaði Kínverja.

Þrátt fyrir að við Íslendingar séum eyland og að hér sé enginn her þá megum við ekki sofna á verðinum, „stinga hausnum í sandinn“ og gera ráð fyrir því að ekkert slæmt muni henda okkur. Það er mjög mikilvægt að íslensk stjórnvöld séu nú markvisst að vinna að mótun áætlana til að lágmarka tjón sem stafað gæti af völdum tölvuhernaðar.

# Kópavogur er í verulegum fjárhagsvanda

Kópavogur

Arnþór Sigurðsson
fulltrúi í Íþrótta- og tómstundaráði Kópavogs



Það eru vond tíðindi í loftinu í Kópavogi enda liggur fyrir að skera niður rekstur bæjarfélagsins um 700 milljónir. Þjónusta bæjarfélagsins mun verða sett niður á öllum sviðum en þó er það sameiginleg niðurstaða að verja grunnþjónustuna með öllum tiltækum ráðum. Viðskilnaður Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins er slíkur að litlu má muna að bæjarfélagið sé sett í gjörgæslu félagsmálaráðuneytisins.

Það er nöturleg aðkoma nýrrar bæjarstjórnar við þessar aðstæður, fyrsta verkefni nýs meirihluta er að skerða þjónustu við börn, aldraða og láta af stuðningi við ýmis góð mál sem skipta samfélagið í Kópavogi miklu máli. Kópavogsbúar hafa því miður veðjað á ranga stjórnmálaflokka í 20 ár til þess að gæta hagsmuna sinna. Til þess að byggja upp samfélag sem stendur af sér erfiða tíma. Kópavogur hefur verið rekinn á glæfralegan hátt og kjörnir fulltrúar hafa farið ógætilega með skattfé íbúanna. Bæjarfélagið hefur verið skuldsett upp fyrir öll mörk og nú er þannig komið að vaxtabyrðin er slík að grunnþjónustan er farin að líða fyrir.

Það er mikilvægt að halda því til haga að fjárfestingar í landakaupum undanfarinna ára hafa verið langt fram úr öllu hófi og er það í raun illskiljanlegt hvernig meirihluti sjálfstæðismanna og framsóknarmanna komst að þeirri niðurstöðu að fjárfesta með þeim hætti sem gert hefur verið. Það hefur gjarnan verið sagt að sjálfstæðismenn geti einungis stjórnað í uppsveiflu, þegar nóg er af fjármagni í umferð eins og var. Sönnun þess liggur á borðinu þessa dagana í Kópavogi, sannleikurinn er nefnilega sá sjálfstæðismenn kunna ekkert með fé að fara enda stendur Kópavogsbær verr að vígi en nokkru sinni fyrr eftir langa valdatíð íhaldsins og framsóknarmanna.

> Viðskilnaður Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins er slíkur að litlu má muna að bæjarfélagið sé sett í gjörgæslu félagsmálaráðuneytisins.

Það er sársaukafullt að taka þátt í þeim niðurskurði sem framundan er og er það sem eitur í beinum félagshyggjufólks að neyðast í þær aðgerðir sem framundan eru til þess að bjarga bæjarfélaginu undan þeirri smán að missa fjárræði yfir til félagsmálaráðuneytisins. Reyndar er það engin nýlunda að það virðist vera verkefni félagshyggjufólks að moka flórinn eftir hægriöflin.

Þó skal hafa það hugfast að það koma dagar eftir þennan dag og undir öruggri stjórn nýja meirihlutans í Kópavogi er hugsað lengra en til morgundagsins. Kópavogur mun rísa upp úr öskustónni og blómstra á ný. Þá er hyggilegt að leggja það vel á minnið til framtíðar að forðast gylliboðin og sjónhverfingarnar sem frjálshyggjan býður gjarnan uppá. Afleiðingarnar eru samfélaginu allt of dýrar.




Ef þú getur borið pakkann kostar sendingin aðeins 750 krónur. Glimrandi hagstætt fyrir jólapakkana þína.
Upplýsingar um næsta afgreiðslustað á www.flytjandi.is

Hámarksstærð pakka er 0,5 x 0,5 x 0,5 m og hámarksþyngd 45 kg.
Á ekki við kæli- og frystivöru. Verð fyrir heimakstur með jólapakka er 750 kr.

80 ÁFANGASTAÐIR DAGLEGA UM LAND ALLT

VIÐ STYÐJUM MÆÐRASTYRKSNEFND!

| www.flytjandi.is | sími 525 7700 |

EIMSKIP Flytjandi






40 %
afsláttur

Nokia 6600i

**29.990 kr.**

**Almennt verð: 49.990 kr.**




73%
afsláttur

LG BL40

**29.990 kr.**

**Almennt verð: 109.990 kr.**




23%
afsláttur

HTC Desire

**84.990 kr.**

**Almennt verð: 109.990 kr.**




30%
afsláttur

Nokia 3720

**22.990 kr.**

**Almennt verð: 32.990 kr.**




56%
afsláttur

Sony Ericsson T715

**19.990 kr.**

**Almennt verð: 44.990 kr.**

# Bombudagur á morgun

Ekki missa af tilboðsbombu í verslunum okkar á morgun. Frábær tilboð á flottum símum.

Ef þú færir þig í nýtt Vodafone Gull gefum við þér í kaupbæti eldrauðan „Trim phone“ heimasíma að andvirði 5.990 kr. á meðan birgðir endast.



**Allar verslanir Vodafone opna kl. 9.00.**
**Takmarkað magn í boði!**

*power to you*

vodafone.is



38% afsláttur

Motorola WX 181

**4.990 kr.**

**Almennt verð: 7.990 kr.**



27% afsláttur

Nokia E5

**39.990 kr.**

**Almennt verð: 54.990 kr.**




20% afsláttur

Vodafone WiFi

**14.390 kr.**

Gerir allt að fimm tölvum kleift að nota eitt 3G samband með þráðlausu neti (WiFi)

**Almennt verð: 17.990 kr.**




17% afsláttur

Nokia 5230

**24.990 kr.**

**Almennt verð: 29.990 kr.**




50% afsláttur

Þráðlaus Philips CD 155

**4.990 kr.**

**Almennt verð: 9.990 kr.**

# Áhrif kreppunnar á íslenska löggæslu

Löggæsla

Felix Rafn Felixson og Hrafn Hjartarson
nemendur á Bifröst





Í kjölfar efnahagskreppunnar á Íslandi hefur afbrotum fjölgað sem hugsanlega má réttlæta þar sem fleiri berjast um í bökkum nú heldur en áður og snúast því í einhverjum tilfellum til að leita leiða sem ekki eru löglegar eða skynsamlegar. Er það réttlætanlegt að þegar afbrotum fjölgar, þegar fleiri mál en áður lenda á borðum lögreglu, að skera niður löggæslu um allt að 50%?

Í ársskýrslum lögreglunnar fyrir 2007 til 2009 má sjá mikla fjölgun á þjófnaðarbrotum. Brotin voru 1.091 frá október 2007 til mars 2008 en 2.157 talsins yfir sama tímabil 2008-2009, og jafngildir það 98% fjölgun.

Frá árinu 2007 hafa fjárframlög til lögreglunnar á Íslandi verið skorin niður um 380 milljónir króna, samkvæmt Ögmundi Jónassyni dómsmálaráðherra. Benti hann þó á að niðurskurðurinn á fjárframlögum til lögreglunnar hefði verið minni en niðurskurðurinn á framlögum til almennra stjórnsýslustofnana. Einstaklega áhugavert er að skoða þessar staðreyndir ekki einungis sökum þess hversu röng hugsun manni finnst þetta vera, en einnig sökum þess að þegar maður skoðar greinar frá árinu 2001 þegar síðasta niðursveifla var í efnahagslífi okkar þjóðar hversu hart Jóhanna Sigurðardóttir, núverandi forsætisráðherra barðist gegn niðurskurði í löggæslu landsins.

Samkvæmt öryggismörkum sem Lögreglustjórinn í Reykjavík gaf út árið 1999 þarf 303 lögreglumenn til að halda úti lágmarksþjónustu við íbúa eða 1 lögreglumann á hverja 366 íbúa en lögreglumenn voru á þeim tíma 253, sem gefur 438 íbúa á hvern lögreglumann. Í ársskýrslu Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 2007 kemur fram að lögreglumenn hjá embættinu séu 306 talsins en íbúarnir orðnir 191.161 talsins. Það gerir 1 lögreglumann á hverja 550 íbúa. Og ef við lítum á ársskýrsluna frá sama embætti fyrir árið 2009 sjáum við að þá er búið að fækka um 41 lögreglumann en íbúarnir orðnir 200.907. Það þýðir 656 íbúa á hvern lögreglumann. Þessar tölur segja okkur að lögreglumönnum hefur fækkað um 13,3% frá því 2007 en á sama tíma fjölgaði íbúum á svæðinu um 9.746 eða 5,1%. Ætli það geti verið að ástæðan fyrir fjölgun afbrota sé ekki bara hruninu að kenna heldur einnig fækkun lögreglumanna?

Í þættinum Landinn sem sýndur var á Ríkissjónvarpinu 31. október sl. kom fram að vegna niðurskurðar hjá lögreglu eru einungis fimm lögreglumenn á vakt að jafnaði á öllum vestfjörðum, frá Gilsfirði að Hrútafirði. Á svæðinu frá Víkurskarði að Vopnafirði hefur það komið fyrir að enginn sé á vakt. Þá er einn á bakvakt sem sinnir einungis neyðartilfellum.

Í sama þætti segir Ögmundur Jónasson að með þeim skipulagsbreytingum sem boðaðar hafa verið sé verið að nýta fjármuni á markvissari hátt en áður. Gott er ef satt reynist.

> Lögreglumönnum hefur fækkað um 13,3% frá því 2007 en á sama tíma fjölgaði íbúum á svæðinu um 9746 eða 5,1%.

Landssamband lögreglumanna (LL) hefur bent á að sú aðferðafræði sem notuð er við skipulag opinberrar þjónustu, með áherslu á löggæslu, sé úrelt fyrirbrigði. Venjan er að ákveða í fjárlögum hvers árs hverjar fjárveitingar skulu vera, algjörlega án þess að vita hver hin eiginlega fjárþörf er. LL hefur einnig bent á til þess að vita hina raunverulega fjárþörf er þá þurfi að skilgreina:

1. Öryggisstig, þ.e. hvaða öryggi eiga þegnar landsins rétt á að búa við og 2. Þjónustustig, þ.e. hvaða þjónustu lögregla eigi að veita hverju sinni

Fyrst þegar búið er að skilgreina þessi grunnskilyrði er hægt að fara að áætla hversu marga lögreglumenn þarf að til að halda úti skilgreindu öryggis- og þjónustustigi.

Það er augljóst að ekki er hægt að áætla kostnað við þjónustu af neinu tagi nema fyrir liggi skilgreiningar á því hvers eðlis þjónustan er sem veita skal.

Miðað við þessar upplýsingar má draga þá ályktun að ríkisvaldið hafi ekki áhuga á að halda uppi þjónustustigi lögreglu hér á landi og má ætla að þessar tölur hér að framan um fjölgun afbrota muni einungis hækka á næstu árum vegna fjársveltis lögreglunnar. En það er kannski fórnarkostnaður sem við erum tilbúin að greiða?

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

# Nýgreindir með HIV/alnæmi aldrei fleiri en nú á Íslandi

Alnæmi

Sigurlaug Hauksdóttir
félagsráðgjafi HIV-jákvæðra á Landspítalanum



Fyrsti desember er hinn alþjóðlegi baráttudagur gegn HIV/alnæmi. Á þessu ári hafa þegar 20 manns greinst með HIV/alnæmi hérlendis – mesti fjöldi nýgreindra á einu ári frá upphafi mælinga árið 1983. Við þurfum að skilja hvað sé í gangi til að fyrirbyggja frekari smit.

### Hverjir greinast?

Á undanförnum árum hefur um helmingur greindra verið fólk af erlendum uppruna. Aðfluttum frá löndum utan ESB/EES sem sækja um dvalarleyfi ber að fara í heilbrigðisskoðun við komuna til landsins. Þetta dregur úr hugsanlegri smithættu en þessi ráðstöfun eykur jafnframt lífslíkur og lífsgæði þeirra sem greinast jákvæð.

Fimm samkynhneigðir einstaklingar greindust jákvæðir það sem af er árinu samanborið við að um 2-3 einstaklinga á ári síðan 1997. Tíðni greininga meðal samkynhneigðra í Evrópu hefur tvöfaldast síðastliðin fimm ár. Hér verðum við því að halda vöku okkar.

Að meðaltali hefur einn sprautufíkill greinst á ári hverju fram til ársins 2007. Það varð breyting á og hafa 19 einstaklingar greinst síðan þá. Við skulum skoða þennan hóp sérstaklega.

### HIV-jákvæðir sprautufíklar

Þeir sprautufíklar sem hafa greinst HIV-jákvæðir á síðustu árum eru jafnt af báðum kynjum og búa oftast á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Aðstæður þeirra hafa oft verið mjög erfiðar og hefur neyslan flækt líf þeirra og aðstæður enn meir. Þeir eru gjarnan heimilislausir og í litlum tengslum við fjölskyldur og ættingja. Oft eru þeir í líkamlega lélegu ásigkomulagi og með lítið sjálfstraust. Veruleiki þeirra einkennist gjarnan af miklu harðræði og vanlíðan. Af þeim sem komu á Vog árið 2009 sprautuðu 214 sig reglulega í æð en Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, telur að þeir geti verið um 700 í dag.

Neyslan gerir fíklana gjarnan of andvaralausa til að verjast smiti með notkun óhreinna sprauta og sprautunála. Rannsókn árið 2008 á 69 sprautufíklum hérlendis sýndi að um 80% sprautufíklanna höfðu deilt sprautum og sprautunálum sín á milli. Stundum fjármagna einnig fíklar neyslu sína með því að selja sig, eykur það viðkvæmni þeirra fyrir HIV-smiti enn frekar. Hér myndast jafnframt smithætta út í samfélagið vegna þeirra sem kaupa kynlífsþjónustu.

Sprautufíklar greinast gjarnan við innlögn á sjúkrahús eða meðferðarstofnanir, en á Landspítalanum er fagfólk sem vinnur saman að málefnum HIV-jákvæðra. Þegar einhver greinist með HIV er samkvæmt sóttvarnalögum reynt að rekja smit viðkomandi, en þegar um sprautufíkla hefur verið að ræða hefur oft reynst erfitt að ná til fólksins og fá það til að koma í skoðun. Það er því líklegt að fleiri séu smitaðir út í samfélaginu án þess að búið sé að greina þá.

### Ábyrgð okkar

Brýnt er að við hlúum vel að félagslegum aðstæðum ungs fólks og aðgengi þess að menntun og störfum til að fyrirbyggja að þau leiðist út í vímuefnaneyslu.

Einnig er þarft að vímuefnaneytendur sem ekki sprauta sig þekki vel til HIV og hættunnar sem fylgir því að nota sprautur og sprautunálar. Upplýsa þarf jafnframt um meðferðarúrræði og veita nauðsynlega aðstoð á þeirri vegferð.

> Á undanförnum árum hefur um helmingur greindra verið fólk af erlendum uppruna.

Sprautufíklar þurfa einnig ráðgjöf og stuðning, upplýsingar og aðstoð til að komast í viðeigandi meðferð. Hér hefur faglegt og jákvætt viðmót fagaðila og starfsfólks mikið að segja. Auðvelt aðgengi að hreinum sprautum og sprautunálum og staður til að skila þeim sem eru óhreinar þarf jafnframt að vera til staðar. Það getur dregið úr sýkingum og smithættu. Fræðsla um HIV, lifrarbólgur, sprautunotkun og meðferðarúrræði eru mikilvæg, sömuleiðis aðgengi að lyfjaviðhaldsmeðferð við ópíótum. Ef samtímis drægi úr mögulegum fordómum í samfélaginu, myndi það geta auðveldað fíklum skrefin inn í heilbrigðiskerfið, þiggja þá aðstoð sem þar er í boði og gefa þeim þannig kost á að auka heilbrigði sitt og vellíðan.

Við höfum verk að vinna.

# Á sandi byggði heimskur maður hús

Laganám

Pétur F. Gíslason
form. Félags laganema við Háskólann á Bifröst



Lögfræðinám á Íslandi hefur verið nokkuð til umræðu á opinberum vettvangi að undanförnu. Brynjar Níelsson, formaður Lögmannafélags Íslands, svaraði ákalli Róberts Spanó, núverandi deildarforseta lagadeildar HÍ, sem fram kom í Tímariti lögfræðinga í árslok 2008, með formannspistli sínum í októbertímariti Lögmannablaðsins. Fréttablaðið gerði umræddan pistil svo að forsíðufrétt sinni mánudaginn 8. október sl.

Ég get tekið undir sjónarmið Róberts um að æskilegt sé að gerð sé krafa um ákveðna lágmarks miðstýringu og gæðaeftirlit hvað lögfræðinám varðar. Ég er hinsvegar ósammála Brynjari að nauðsynlegt sé að binda hendur skóla alfarið á grunnstigi í slíkri kennslu þó Háskóli Íslands kjósi að gera það. Brynjar leggur mikið upp úr stöðluðu námi á grunnstigi en telur í góðu lagi að gefa háskólunum lausan tauminn þegar kemur að skipulagi meistaranámsins, þar eigi þeir að fá tækifæri til að mynda sér sérstöðu, kjósi þeir svo. Þannig virðist Brynjar telja að sömu lögmál gildi í laganámi og húsasmíði, fyrst þurfi að byggja grunninn.

Brynjar virðist þannig telja það fyrirkomulag sem tíðkast við Háskólann á Bifröst, að kenna á meistarastigi hluta þeirra greina sem Brynjar vill sjá á grunnstigi, eins og gert er við HÍ, sé líkt og að byggja hús á sandi. Þessa skoðun get ég ekki tekið undir, mannshugurinn er gjörólíkur byggingum og engin ástæða til að binda það í lög að háskólar landsins forriti alla nemendur með sama hætti í byrjun laganáms. Þannig eru nemendur sem kjósa að fara í nám við Háskólann á Bifröst þegar búnir að velja sína sérhæfingu. Námið þar er þannig uppsett að auk hefðbundinna lögfræðigreina taka nemendur tæplega fjórðung eininga á grunnstigi á sviði viðskipta og hagfræði. Viðskiptalögfræðin á grunnstigi er þannig frábær grunnur undir margt annað nám en hreina lögfræði, þannig hafa margir útskrifaðra nemenda farið í annarskonar nám á meistarastigi líkt og stjórnunarnám ýmiskonar. Fyrir hina sem kjósa að feta hina skemmtilegu braut lögfræðinnar með meistaranámi í lögfræði á Bifröst, tekur við staðlað lögfræðinám þar sem lögð er áhersla á kennslu í greinum eins og réttarfari, stjórnsýslu og stjórnskipun ásamt réttarheimildarfræðum og lögskýringum.

> Sú leið sem einum hentar best, hentar öðrum ef til vill verr.

Hér verður því ekki haldið fram að námið á Bifröst sé betra eða verra en annað nám, það er hins vegar alveg ljóst að sú leið sem einum hentar best, hentar öðrum ef til vill verr. Þannig veitir grunnnám á Bifröst mikið aðhald þar sem nánast vikulega eru unnin verkefni eða þreytt tímapróf í öllum áföngum. Slíka persónulega nálgun er að sjálfsögðu ekki hægt að ætlast til að stór ríkisrekinn skóli geti boðið upp á. Þar verða kennsluaðferðir að taka mið af þeim mikla fjölda laganema sem nema við skólann. Í því sambandi er mér minnisstæð frásögn Brynjars Níelssonar, fyrrverandi stundakennara á Bifröst, af ákveðnum fyrirlestrum í hans laganámi, þar sem stór hluti nemenda dottaði heilu og hálfu tímana.

Í lögfræðitímaritum má finna fjölmargar greinar frá útskrifuðum lögfræðingum úr HÍ, skrifuðum áður en einokun HÍ á lagakennslu var rofin, þar sem umræðuefnið hefur verið laganám á Íslandi. Þar hefur í flestum tilfellum verið hvatt til breytinga eins og aukins vægi viðskipta og hagfræðigreina, líflegra fyrirlestraforms, aukinna raunhæfra verkefna og persónulegri kennslu. Allt atriði sem höfð eru í hávegum við lagakennslu í Háskólanum á Bifröst, þar sem engin hætta er á að nemendur sofni í tímum.

# Hjá okkur finnast gjafirnar



**Severin KW3667**
Eldhúsvog með törun í vigtunarglugga. Tekur allt að 5kg með 1gr nákvæmni. Slekkur sjálfvirkt á sér eftir notkun.
VERÐ **3.990**
FULLT VERÐ **5.990**



**Severin HM3823**
200w HANDÞEYTARI með 5 hröðum og losunarhnapp.
VERÐ **3.490**
FULLT VERÐ **3.990**



**Severin PC3751**
Poppkornsvél sem býr til poppkorn með heitu lofti á 2,5 mínútum.
VERÐ **4.990**
FULLT VERÐ **5.990**

## SEVERIN *Frábær kaup í smátækjum*



**Severin WA2103**
1200w VÖFFLUJÁRN með viðloðunarfrírri áferð og ljósi fyrir bökunartíma. Þolir mikinn hita. Ryðfrítt stál.
VERÐ **5.990**



**Severin BM3990**
600w 3,5 lítra BRAUÐVÉL. Alsjálfvirk með LCD skjá og aðgerðarrofum. 12 stillingar fyrir brauð, kökur ofl. 3 skorpustillingar. Tímastillir. Heldur heitu.
VERÐ **14.990**
FULLT VERÐ **18.990**



**Severin SM3713**
450w BLANDARI með 2 hröðum og púls, ryðfríum stálhníf og 1.25 lítra glerkönnu. Færanlegt lok.
VERÐ **8.990**



**Severin HM3819**
250w HANDÞEYTARI á standi með 3 lítra skál úr stáli, 5 hröðum og Turbo.
VERÐ **9.990**

## Saeco kaffivélar

*– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil*



**Saeco Nina Plus**
- 1050w ESPRESSO KAFFIVÉL
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar

VERÐ **29.990**



**Saeco XsmallPlus**
- Sjálfvirk 1500w KAFFIVÉL
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 170 gr
- Vatnstankur: 1 lítrar
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar

VERÐ **69.990**



**Saeco Black Giro Plus**
- Sjálfvirk 1400w KAFFIVÉL
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 180 gr
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 15 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Á snúningsfæti
- Til heimilisnotkunar

VERÐ **99.990**



**Saeco SyntiaBlack**
- Sjálfvirk 1400w KAFFIVÉL
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Panarello flóunarstútur
- Kvörn úr keramík
- Tekur malað kaffi
- SBS kerfi
- Stál bollahaldari
- Baunahólf: 250g
- Vatnstankur: 1,2 lítrar
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar

VERÐ **129.990**



**Saeco Exprelia**
- Sjálfvirk 1500w KAFFIVÉL - stál
- Digital skjár
- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Tekur einnig malað kaffi
- Cappucino / Latte beint í bolla
- Panarello flóunarstútur
- Stál bollahaldari
- Baunahólf: 3000g
- Vatnstankur: 1,6 lítrar
- Korgskúffa: 11 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Sjálfhreinsikerfi

VERÐ **224.990**

## KitchenAid *Aðeins það besta í eldhúsið*





*Margir litir fáanlegir!*

**JÓLATILBOÐ**

Öllum KitchenAid hrærivélum fylgir vandað gjafasett að verðmæti 15.000 kr. ásamt hveitibraut og matreiðslubók á íslensku.




**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is


*Vandaðir olíufylltir Wösab rafmagnsofnar í miklu úrvali*

# Skapandi skóli – menntun til framtíðar

Menntun



Kristín Valsdóttir

Deildarforseti listkennsludeildar Listaháskóla Íslands

Sveitarfélögin standa frammi fyrir átta milljarða tekjusamdrætti á næsta ári og vilja gjarnan spara með því að fækka kennslustundum á grunnskólastigi. Þessi umræða er ekki ný af nálinni og ljóst að einhversstaðar verður að þrengja að. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðaherra segist ekki hrifin af þeirri leið að fækka tímum. Ef sú verður engu að síður raunin vil ég benda á nokkur atriði sem vert er að hafa í huga.

### Stefnumótun til framtíðar

Í grunnskólum og framhaldsskólum menntum við einstaklinga til framtíðar. Hver sem kemur að gerð námskrár og mótun skólastefnu hlýtur því að spyrja sig hverskonar menntun skilar nemendum hæfustum til að takast á við ófyrirsjáanlega framtíð?

Það er erfitt að gera sér grein fyrir hvernig framtíð bíður þeirra sem nú eru í fyrstu bekkjum grunnskólans. Þegar þau fara á vinnumarkaðinn eftir 15 til 20 ár verður landslagið sennilega allt annað en í dag.

Þegar ég útskrifaðist fyrir 18 árum úr framhaldsnámi erlendis kvöddumst við skólafélagarnir, sem vorum víðsvegar að úr heiminum, með handskrifuð heimilisföng hver annars. Internetið, vefpóstur og hvað þá facebook eða twitter voru ekki í sjónmáli okkar tónlistarkennaranna, þó tölvunarfræðingar hafi kannski séð hilla undir breytingar. Nám og kennsla á grunnstigi hefur að einhverju leyti breyst í samræmi við þessa þróun m.a. með breyttum kennsluháttum. Námskrár og tímamagn til hverrar námsgreinar hefur hins vegar lítið breyst. Upplýsingar um allt milli himins og jarðar eru nú aðgengilegar á netinu, samskipti heimshorna á milli eru leikur einn með nettengingum og tölvumyndavélum eða skype og svo mætti lengi telja.

Hvað eigum við þá að kenna börnunum okkar?

Hvaða eiginleika viljum við að þau þroski með sér?

Virðing – gleði – sköpun voru gildin sem valin voru á þjóðfundi um menntamál sem haldinn var fyrir réttu ári. Fundurinn setti líka fram fern meginskilaboð til menntayfirvalda.

1. Að efla samfélagsfærni barna.

2. Að samfélagið stuðli að samfelldum skóladegi/vinnudegi barna.

3. Að auka vægi verk- og listgreina í skólum.

4. Foreldrar taki virkari þátt í skólastarfi og beri með skólum ábyrgð á menntun barnanna.

> Nú þegar við stöndum frammi fyrir hugsanlegum niðurskurði og breyttum áherslum innan grunnmenntunar er lag að standa við fallegu orðin.

Í frægum fyrirlestri á TED.com frá árinu 2006 segir Ken Robinson, sem hefur verið ráðgjafi fjölda ríkisstjórna og alþjóðasamtaka að loknum farsælum kennsluferli, að það menntakerfi sem við búum við í dag á Vesturlöndum snúist um að mennta háskólaprófessora. Afstaðan til þess að vinna með höndunum og nota líkamann sé í þeim anda að líkaminn sé fyrst og fremst nothæfur sem burðarstóll höfuðsins milli ráðstefna og fyrirlestra. Bókmenntun sé sett á æðsta stall – ofar öllu.

Ein afleiðing þessa að mínu mati er brottfall nemenda úr framhaldsskóla. Samkvæmt OECD skýrslu frá í september 2010 er Ísland í 29. sæti þegar borin er saman menntunarstaða einstaklinga á aldrinum 16 til 34 ára í Evrópulöndum. Viðmiðunin var að hafa lokið a.m.k. framhaldskólaprófi. Þó Íslendingar hafi bætt sig frá síðustu könnun höfðu önnur lönd gert enn betur því við færðumst niður um sex sæti – úr því 23. – frá síðustu könnun.

Samkvæmt sömu skýrslu eyðum við töluvert meiri peningum í grunnskólann en önnur Evrópulönd að meðaltali. Er þá kannski tími til að endurskoða hvernig við nýtum þessa peninga?

### Stöldrum við – stöndum við stóru orðin

Nú þegar við stöndum frammi fyrir hugsanlegum niðurskurði og breyttum áherslum innan grunnmenntunar er lag að standa við fallegu orðin. Fyrir þá sem helst vilja meta hagnaðinn út frá tölum þá má benda á að samkvæmt nýjustu útreikningum velta skapandi greinar jafnmiklu fé og stóriðjan.

Menntum ekki börnin okkar frá þeim möguleikum sem nú eru að nýtast á þessum þrengingatímum; tímum þegar Íslendingar prjóna sig og hanna í gengum kreppuna, keppast við nýsköpun og að setja á stofn sjálfbær sprotafyrirtæki til að sjá fyrir sér og sínum.

Ástæðan er ekki eingöngu þeir möguleikar sem það gefur á lifibrauði, heldur ekki síður vegna þeirrar vellíðunar og gleði sem fylgir því að skapa og vera fær um að finna eigin leið til velgengni, framfærslu og samskipta við aðra.

Hendum ekki út vinnubrögðum eða námsgreinum sem við fyrstu sýn virðast dýrust í framkvæmd eða hafa minna vægi samkvæmt nú- eða kannski frekar áðurgildandi gildismati. Eflum frekar aðstöðu og hæfni grunn- og framhaldsskólakennara til skapandi verkefnavinnu með nemendum sínum.

Stöldrum við og endurskoðum skólastarfið í ljósi þeirra gilda sem við segjumst vilja hafa að leiðarljósi. Sýnum viljann í verki, fjárfestum í unga fólkinu og eflum fjölbreytta hæfni, skapgerð og kunnáttu komandi kynslóða.




# Össur ginnkeyptur

NATO



Finnur Guðmundarson Olguson

nemi og dundari

Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, ritaði bréf í Fréttablaðið sem birtist þann 23. nóvember síðastliðinn. Titill bréfsins var „Heimssögulegur fundur í Lissabon“ og fjallaði um leiðtogafund Atlantshafsbandalagsins (NATO) í Portúgal. Össur lætur í veðri vaka að það sé ákvörðun rússneskra stjórnvalda að taka höndum saman við NATO í ýmsum verkefnum sem séu „söguleg“ og er á honum að skilja að þetta sé af einhverjum ástæðum jákvætt skref í átt til friðsælli heims. Röksemdir sem styðja viðhorf ráðherra eru samt sem áður víðsfjarri og þær sem hann þó býður upp á afskaplega veikar.

Svo virðist vera að Össur hafi reynst ginnkeyptur gagnvart linnulausum áróðri NATO fyrir því að samtökin séu þrátt fyrir allt friðarsamtök; þau stefni að friðsömum heimi með því að skapa valdajafnvægi milli sterkustu herja heims og með því að bregðast við ógnum við evrópskan og norður-amerískan frið. Þessi söngur getur þó á engan hátt talist „heimssöguleg“ nýjung heldur hefur bandalagið hamrað á þessum áróðri síðan á tíunda áratug síðustu aldar þegar það virðist hafa séð sér hag í því að taka upp mildari ímynd opinberlega en hafði mátt skilja á fyrri stefnu. Þessu var aðallega hrint í framkvæmd árið 1991 með nýrri grunnstefnu (Strategic Concept) sem var í fyrsta sinn í sögu bandalagsins gerð opinber og þar sem orðum á borð við „friður“, „mannréttindi“ og „samvinna“ var stráð um allt. Óopinberum skjölum um hvernig í raun skal framfylgja þessari stefnu með hernaðarmætti var þó að venju haldið frá augum almennings og er enn. Ný grunnstefna, sem hafði mörg sömu „friðsömu“ markmið, var samþykkt í apríl 1999, á sama tíma og NATO stóð að loftárásum á Kosovo sem leiddu til mikils mannfalls almennra borgara. Getur hver dæmt fyrir sig hversu friðsamlega var að málum staðið þar.

Nú hefur Össur Skarphéðinsson gleypt hina nýju, „nýju grunnstefnu“ að því er virðist gagnrýnislaust; skjal sem er ætlað að réttlæta á enn frumlegri hátt en áður stefnu máttugasta hernaðarbandalags veraldar. Ráðherra sér ástæðu til að gleðjast yfir að nú hafi Rússar verið fengnir með í leikinn, en samstaða NATO og rússneskra stjórnvalda virðist kristallast í sameiginlegum ótta þeirra við hryðjuverkamenn. Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, „kvað skýrt að orði“ samkvæmt Össuri og „sagði að mesta sameiginlega ógnin við Rússland og þjóðir Atlantshafsbandalagsins stafaði af framferði ofbeldisfullra múslímskra öfgasamtaka“.

Finnst Össuri Skarphéðinssyni það í raun og veru vænlegt að forseti Frakklands, sem hefur nýlega staðið fyrir rasískum aðgerðum gegn sígaunum í sínu eigin landi, og rússnesk stjórnvöld, sem hafa drepið og ógnað hverjum þeim sem þorir að tjá sig gegn þeim, hafi nú tekið höndum saman gegn „óvini“ sem er svo vítt skilgreindur að undir hugtakið getur fallið allt frá umhverfisverndarsinna til sjálfsmorðsárásarmanneskju?

Er ráðherra ekki að fallast nokkuð auðveldlega á röksemdir stjórnvalda sem hafa sannað trekk í trekk að mesta ógnin við öryggi þegna þeirra eru ekki hryðjuverk heldur þau sjálf? Er líklegt að manneskjum sem ofsækja minnihlutahópa í sínu eigin landi farist það vel úr hendi að tryggja öryggi og frið í víðara samhengi? Ég spyr í von um svar.

> Svo virðist vera að Össur hafi reynst ginnkeyptur gagnvart linnulausum áróðri NATO.

Atlantshafsbandalagið er og verður alltaf hernaðarbandalag sem byggist á ofbeldi og valdbeitingu. Æðstu ráðamönnum innan þess er ekki treystandi til annars en að tryggja eigið öryggi og hagsmunaaðila tengdum þeim með því að bæla niður gagnrýni með skerðingu á tjáningarfrelsi almennra borgara, beinu ofbeldi gagnvart mótmælendum og hótunum gegn pólitískum andstæðingum sínum. Síðast en ekki síst er það alltaf vítavert ofbeldi og kúgun þegar manneskjur telja sig geta talað fyrir munn annarra og Össur Skarphéðinsson ætti að hafa það í huga næst þegar hann sýpur á kampavíni með hinum fáu útvöldu að þær ákvarðanir og skoðanir sem þar koma fram eru ekki að neinu leyti skoðanir „hinnar frönsku þjóðar“ né „hinnar bandarísku þjóðar“ né „hinnar íslensku þjóðar“.

Þær eru ákvarðanir og skoðanir forréttindapakks sem telur sig svo vel af guði gert að það geti með pennastriki ráðið úrslitum um líf eða dauða heilu þjóðanna.

## AF NETINU

### Ætla lífeyrissjóðirnir að fjármagna MP-banka?

Heyrst hafa fréttir af viðræðum forsvarsmanna MP banka við lífeyrissjóðina, í gegnum framtakssjóðinn, um endurfjármögnun bankans.

Hver eru þolmörk okkar sjóðsfélaga á fjárfestingaleikjum lífeyrissjóðanna sem nú hafa eignafært yfir 126 milljarða í verðbætur á fasteignalánum skuldugra félaga sinna.

Það er algerlega siðlaust að nota illa fengnar verðbætur á fasteignalánum okkar í enn eitt bullið.

Þorgeir Eyjólfsson sem var áður forstjóri Lífeyrissjóðs Verslunarmanna starfar nú sem Framkvæmdastjóri Eignastýringarsviðs MP banka. Þorgeir fékk greiddar tæpar 33 milljónir frá Lífeyrissjóði Verslunarmanna í fyrra.

Þorgeir tók allar meiriháttar ákvarðanir fyrir hönd sjóðsins árin fyrir hrun og gerði rannsóknarnefnd alþingis alvarlegar athugasemdir við náin tengsl í fjárfestingum. Undir stjórn Þorgeirs gerði Lífeyrissjóður Verslunarmanna gjaldmiðlasamninga upp á rúmlega 93 milljarða króna. Ekki sér fyrir endan á tapi sjóðsins á þeim gjörningi.

ragnar73.blog.is

**Ragnar Ingólfsson**

### Dautt mál

Krafan um almenna niðurfellingu skulda er merkileg fyrir það eitt hve lengi hefur tekist að halda lífi í henni. Krafan er útrásarbólgin frekja fólks sem fór offari í fjármálasukki og vill að aðrir borgi. Krafan er jafnframt beint tilræði við samningsfrelsið í landinu því hún gerir ráð fyrir að suma samninga þurfi ekki að virða.

Þriðjungur þjóðarinnar vill almenna niðurfærslu skulda og láta lífeyrisþega borga.

Ánægjulegt er að 70 prósent þjóðarinnar virðist búa við þokkalega sterka siðferðiskennd.

pallvil.blog.is

**Páll Vilhjálmsson**

# SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9

Það er SAMSUNG sem mótar nýju gæðastaðlana–aðrir framleiðendur fylgja. Fjárfestu í fyrirliðanum!



## Samsung GALAXY Tab ...er kominn!

- Lítil og nett spjaldtölva og sími með 7" snertiskjá vegur aðeins 380 gr.
- Android 2.2 stýrikerfi, 1 GHz örgjörvi, 16 GB minni
- 3G, WiFi og Bluetoth, tengist hratt og örugglega
- Galaxy Tab styður Flash 10.1 Nýttu þér netið til fullnustu
- Eigðu viðskiptafundi með myndsímtölum
- Fljótasta leiðin frá A til B með Google Maps leiðsögukerfi
- Allt á einum stað fyrir lestrarhestinn, þú finnur lestrarefnið á „Readers Hub“
- Galaxy Tab hefur tvær myndavélar, önnur er fyrir hágæða myndir og videotökur, hin er fyrir myndsímtöl
- AllShare DLNA tengir þig þráðlaust við sjónvarp og aðrar tölvur
- Swype – sláðu hraðamet í textaskilaboðum
- Social Hub – Facebook · Twitter · Google samskipti




LE32C455E1W

**Nýtt!!** Háskerpusjónvarpsmóttakari / **Nýtt!!** USB afspilun af minnislykli eða flakkara / Fullkomin samskipti við önnur tæki s.s. flakkara, myndavél og MP3 í gegnum USB / Upplausn: HD 1366x768 / Tengingar: USB 2.0 HDMI x 3, SCART

VERÐLÆKKUN: 32"– **119.900 kr.**
*Áður: 129.900 kr.*




LE40C575J1S

**Nýtt!!** Gervihnattamóttakari og háskerpusjónvarpsmóttakari / **Nýtt!!** USB afspilun af minnislykli eða flakkara / **Nýtt!!** All Share – Skoðaðu td. ljósmyndir úr tölvunni þinni og spilaðu tónlist / Upplausn: Full HD 1920 x 1080 Tengingar: USB 2.0 HDMI x 4, Component, SCART

VERÐLÆKKUN: 40"– **179.900 kr.**
*Áður: 199.900 kr.*




PS42C455B1W

**Nýtt!!** Háskerpusjónvarpsmóttakari / **Nýtt!!** USB afspilun af minnislykli eða flakkara / Upplausn: HD 1024x768 / 600Hz Sub-field Motion

VERÐLÆKKUN: 42"– **159.900 kr.**
*Áður: 239.900 kr.*




UE32C4005PW

**Nýtt!!** LED skjá tæki. Tækið er örþunnt og eyðir minna rafmagni / **Nýtt!!** Háskerpusjónvarpsmóttakari / **Nýtt!!** USB afspilun af minnislykli eða flakkara / **Nýtt!!** All Share – Skoðaðu td. ljósmyndir og tónlist úr tölvunni þinni / Fullkomin samskipti við önnur tæki s.s. flakkara, myndavél, MP3 í gegnum USB / Fjögur HDMI tengi tryggja einfalda tengingu við nýjustu tæki / Upplausn: HD 1366x768

VERÐLÆKKUN: 32"– **159.900 kr.**
*Áður: 189.900 kr.*




UE40C6005US

**Nýtt!!** LED skjá tæki. Tækið er örþunnt og eyðir minna rafmagni / **Nýtt!!** Gervihnattamóttakari og háskerpusjónvarpsmóttakari / **Nýtt!!** USB afspilun af minnislykli eða flakkara / **Nýtt!!** All Share – Skoðaðu td. ljósmyndir og tónlist úr tölvunni þinni / Fullkomin samskipti við önnur tæki s.s. flakkara, myndavél, MP3 í gegnum USB / Fjögur HDMI tengi tryggja einfalda tengingu við nýjustu tæki / Upplausn: FULL HD 1920x1080 / Skerpa: Mega Dynamic Contrast – Hæsta stig skerpu / 100HZ Motion Plus

VERÐLÆKKUN: 40"– **239.900 kr.**
*Áður: 279.900 kr.*




LE40C755R2W

**Nýtt!!** HyperReal **3D** engine – Ný upplifun heima í sófa / **Nýtt!!** Gervihnattamótttakari og háskerpusjónvarpsmóttakari / **Nýtt!!** Upptaka úr sjónvarpi á minnislykil eða flakkara / **Nýtt!!** Fullkominn Internet aðgangur - Facebook, Twitter, YouTube) / **Nýtt!!** ALL SHARE - Skoðaðu ljósmyndir og hlustaðu á tónlist úr tölvunni þinni / Fullkomin samskipti við önnur tæki s.s. flakkara, myndavél, MP3 í gegnum USB / Fjögur HDMI tengi tryggja einfalda tengingu við nýjustu tæki / Upplausn: FULL HD 1920x1080 / Skjáform: 16:9 (breiðtjald) / Skerpa: Mega Dynamic Contrast - Hæsta stig skerpu / 200HZ Motion Plus

VERÐLÆKKUN: 40"– **269.900 kr.**
*Áður: 299.900 kr.*

**SAMSUNG SETRIÐ** · SÍÐUMÚLA 9 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800** | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | **ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000** | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 |

SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI · HEIMABÍÓKERFI · DVD & BLU-RAY SPILARAR · MYNDAVÉLAR · UPPTÖKUVÉLAR · FARTÖLVUR · PRENTARAR TÖLVUSKJÁIR · FJÖLNOTATÆKI · SKJÁVARPAR · KÆLISKÁPAR · ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR · BÖKUNAROFNAR HELLUBORÐ · RYKSUGUR · ÖRBYLGJUOFNAR · GSM SÍMAR OG FYLGIHLUTIR



# Skynsemi eða óráðsía í ríkisfjármálum

Ríkisfjármál

Þröstur Ólafsson
hagfræðingur



Landsmenn hafa undanfarnar vikur orðið áheyrendur fordæmalausrar ofsóknarkrossferðar á hendur þeim fyrirætlunum að taka til í fjármálum ríkisins. Heilu auglýsingatímar ríkisútvarpsins hafa verið lagðir undir fádæma herferð byggðarlaga með undirleik frá háværum en hjáróma kveinstöfum um auðn og héraðsbrest. Þetta hefur ekki verið skemmtilegt útvarpsefni. Tilefnið er sparnaðaráform ríkisstjórnarinnar sem nauðbeygð þarf að draga saman ríkisútgjöld og hætta að auka skuldir erlendis. Skuldir eru dýrar auk þess sem þær skerða sjálfstæði landsins. Ef tekið er lán í banka þarf að reiða fram veð. Erlendir lánveitendur ríkja taka ekki veð í landinu, en binda lán skilyrðum. Á gildistíma lánsins verður að hlíta skilmálunum. Svo einfalt er það. Íslendingar eru skuldug þjóð og greiða háa vexti. Það eru peningar sem hægt væri að nota margvíslega innanlands. Það verður að losna við drápsklyfjar erlendra vaxtagreiðslna sem allra fyrst. Það er að lokum hagkvæmara fyrir alla að taka því óhjákvæmilega strax, í stað þess að draga það á langinn og vekja falskar vonir. Við verðum að draga hratt úr útgjöldum ríkisins.

**Örþjóð með mikla yfirbyggingu**

Landsbyggðin virðist ekki ætla að verða með í þessari fjárhagslegu heilbrigðisaðgerð. Þaðan koma hávær, en ekki að sama skapi hljómfögur skilaboð, um að ríkið verði jú að spara, bara ekki hjá þeim. Á bólguárunum þöndust ríkisútgjöld út. Bæði heilbrigðis- og menntamál fengu sinn skammt af froðupeningunum. Sjúkrastofnanir stækkuðu og nýir framhaldsskólar og háskólar/háskóladeildir spruttu upp eins og gorkúlur. Svipað má segja um sendiráð, svo dæmi séu tekin af handahófi. Þegar froðan fjaraði út og hrunið kom, mátti öllum verða ljóst að það sem blásið hafði út á bólguárunum hlaut að koðna í eðlilegra árferði. Við erum rúm 300 þúsund sálna þjóðarkríli í nokkuð stóru landi. Vinnufærar hendur ná sennilega ekki 200 þúsund manns. Það sem úrslitum ræður um framtíð þjóðarinnar er hvort okkur tekst að byggja upp farsælt velferðarsamfélag á grundvelli sjálfbærs atvinnulífs. Mikilvægur þáttur þess er jafnvægi í ríkisfjármálum. Hver er eðlilegur fjöldi og umfang stjórnarstofnana? Hvað þolir eðlilegur ríkisrekstur örþjóðar mörg sjúkrahús? Hvað ber hann marga framhaldsskóla eða háskóla? Hve mörg sendiráð á þjóð sem er á stærð við Malmö að reka? Höfum við efni á að reka sendiráð í Japan, á Indlandi, í Kanada o.s.frv.? Kannski hrunið muni kenna okkur að sníða okkur stakk eftir vexti? Ég er því miður ekki viss.

**Skerum upp – ekki niður**

Yfirbygging þjóðfélagsins hefur hlaðist upp með árunum. Hún stendur rekstri grunnstoða samfélagsins fyrir þrifum. Hana verður að skera upp. Við stöndum frammi fyrir því að velja á milli þess að skera niður alls staðar; veikja allar stofnanir ríkisins, þannig að afköst þeirra og gæði verða veikburða, eða ganga í heildaruppstokkun á ríkisrekstrinum. Hvað þýðir það ef Landspítalinn verður skorinn það mikið niður að hann geti ekki staðið undir því að vera vandað sjúkrahús, með hæfa lækna og nútímatækni? Ef Landspítalinn drabbast niður, tæki úreldast og hæfustu læknarnir flýja land, þá dugar lítt að vísa á vannýtta skurðstofu á Húsavík. Auðvelt er að koma okkur í þá stöðu að þurfa að senda sjúklinga úr landi. Það er dýrara en að senda lækni frá Reykjavík til Vestmanneyja.

Við megum vera stolt af því að geta rekið eitt, svo ekki sé talað um tvö, nútímaleg sjúkrahús á landinu, ásamt góðri heilsugæslu. Sama gildir um háskóla. Við verðum að hlúa að Háskóla Íslands til að eiga a.m.k. eina menntastofnun sem veitir haldgóða menntun. Ef við höfum efni á tveimur er það enn betra. Við höfum hins vegar ekki efni á að reka sjö háskóla, ekki frekar en Malmö. Við verðum að velja. Ekki milli þessara gildis- og tilfinningahlöðnu átakahugtaka dreifbýli og Reykjavík, heldur á milli skynsemi og óráðsíu. Ef við kjósum skynsemi verðum við að hlúa að kjarnastarfsemi ríkisins, óháð því hvar hún er niðurkomin. Ríkinu verður aldrei beitt til lengdar til að halda uppi atvinnu um allt land. Það getur heldur ekki verið hlutverk þess. Við búum í auðugu landi. Með skynsemi getum við búið okkur öllum, óháð búsetu, bjarta og örugga framtíð. Af óráðsíunni höfum við dapra reynslu.

> Hvað þolir eðlilegur ríkisrekstur örþjóðar mörg sjúkrahús? Hvað ber hann marga framhaldsskóla eða háskóla? Hve mörg sendiráð á þjóð sem er á stærð við Malmö að reka?

## AF NETINU

### Evran og völd Þjóðverja

Ekkert tæki eða tól á síðustu 100 árum hefur fært Þjóðverjum meiri völd í Evrópu en evran. Þýskaland í dag er meira efnahagslegt veldi og með meiri áhrif um alla Evrópu í krafti evrunnar en þýska marksins. Hún er auðvitað vandmeðfarin eins og dæmin í Grikklandi og Írlandi sýna. En röksemdafærslan má ekki vera á þann veginn að við séum meiri skussar en Írar og Grikkir og því sé evran engin „töfralausn“ hér. Við megum ekki afskrifa evruna af því að við viljum halda í skussana! Við verðum að hafa aðeins meiri trú á okkur en svo.

blog.eyjan.is/andrigeir

**Andri Geir Arinbjarnarson**

### Kjósum rafrænt næst

Það að 10.000 atkvæði hafi verið ógild sýnir annað af tvennu - annað hvort eru Íslendingar fífl, sem eru ófær um að kjósa og ætti bara að svipta kosningarétti hið snarasta - eða framkvæmd kosninganna var eitt allsherjar klúður og slíkt má ekki endurtaka sig. Hvor skýringin er sennilegri? Púkinn vill enn og aftur ítreka þá skoðun sína að rafrænar kosningar séu mun hentugri en svona fyrirkomulag. Vel hannað slíkt kerfi myndi fyrirbyggja ógild atkvæði - (nú nema að kjósandinn beinlínis velji hnappinn “Skila ógildu atkvæði”), auk þess sem útreikningar á niðurstöðum ættu að taka mun skemmri tíma - þær ættu að geta legið fyrir nokkrum mínútum eftir að kjörstöðum er lokað.

frisk.blog.is

**Friðrik Skúlason**






**HAMPTON borðstofusett**
Glæsilegt borðstofuborð og stólar með tauáklæði og eikarfótum.
Stóll áður: **12.950,-** Nú: **9.950,-**
Stærð á borði: B90 x L160 x H75 sm. **44.950,-**
Stækkunarplata **7.995,-**




**THOMAS klappstóll**
Litur: Svartur.




**CALVIN stóll**
Litir: Hvítur, svartur og natur.




**LUXURY stóll**
Litir: Hvítur og svartur. PU áklæði.




**SILVIA stóll**
Litur: Brúnn. PU áklæði.




**LUCKY stóll**
Litur: Svartur. PVC áklæði.




**DENVER stóll**
Litur: Brúnn. PU áklæði.




**ROYAL stóll**
Stóll með sessu úr míkrófíberefni og eikarfótum.




**JESSIE stóll**
Litir: Hvítur og svartur. PU áklæði.




**ALBERT stóll**
Litur: Svartur. PVC áklæði.




**HAMPTON stóll**
Stóll með sessu úr tauáklæði og eikarfótum.

Birt með fyrirvara um prentvillur.



*Innilegar þakkir færum við þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Heklu Árnadóttur**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Eir.

**Geir Guðmundsson**
**Margrét Geirsdóttir** **Gestur Jónsson**
**Árni Jón Geirsson** **Sigríður Þ. Valtýsdóttir**
**Guðrún Geirsdóttir** **Jón Friðrik Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Okkar ástkæri*

**Jónas Kr. Þ. Kristjánsson**

lést mánudaginn 22. nóvember s.l. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð, hlýhug og ómetanlegan stuðning á þessum erfiðu tímum. Þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Þórdís Sigurgeirsdóttir**
**Arnar Geir Jónasson**
**Hanna Rún Jónasdóttir**
**og aðrir aðstandendur**



Dr. phil. h.c. **Elsa E. Guðjónsson** M.A.
textíl- og búningafræðingur,
fædd Elsa Ída Schepler Eiríksson 21. mars 1924,
andaðist að morgni sunnudagsins 28. nóvember.

Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 7. desember kl. 13.00.

Þór Guðjónsson

Stefán Þór og Hildur
Elsa Ída, Carsten og Emma Hildur
Margrét Helga og Emil

Kári Halldór og Jenný Erla
Guðmundur Þór, Sigrún, Bjartur og Orri
Jódís og Hrappur
Ragnheiður, Baldur og Eik

Elsa Margrét
Elín Helena og Marc
Karl Óskar
Sara Mathilda og Josip
Sonja og Zarah

Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeir sem vilja minnast Elsu láti Minningarsjóð Landspítala njóta, sími 1446.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Rögnvaldsdóttir**

áður til heimilis að Skálarhlíð,

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar mánudaginn 29. nóvember. Úförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 11. desember kl. 14.00.

**Guðbjörg Baldursdóttir** **Sveinbjörn Vigfússon**
**Bryndís Baldursdóttir** **Gunnar Steinþórsson**
**Guðrún Baldursdóttir** **Viktor Ægisson**
**Ólafur Baldursson** **Margrét Jónasdóttir**
**Brynhildur Baldursdóttir** **Jóhann Ottesen**
**ömmubörn og langömmubörn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



*Móðursystir okkar*

**Bryndís Jóhannsdóttir**

áður Hlaðhömrum 3, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði mánudaginn 29. nóvember.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jóhann Ólafsson**
**Bryndís Fanný Guðmundsdóttir.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Hermann Stefánsson**

Vallargerði 2c, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 29. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Kristín Friðbjarnardóttir**
**Ólafur Ingi Hermannsson** **Bjarnheiður Ragnarsdóttir**
**Elva Hermannsdóttir** **Einar Jóhannsson**
**Atli Hermannsson** **Ingibjörg Róbertsdóttir**
**afa- og langafabörn**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við fráfall og útför*

**Sigurbjörns Þorsteinssonar**

Hellulandi, Langanesbyggð.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Kjarnalundar Akureyri.

**Einar Sigurbjörnsson**
**Þorsteinn Sigurbjörnsson**
**Stefán R. Sigurbjörnsson** **Sigríður M. Hlöðversdóttir**
**Guðrún Sigurbjörnsdóttir** **Sigurjón Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi*

**Einar Hafsteinn Guðmundsson**

skipstjóri

sem lést á heimili sínu þ. 21. nóv. verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 3. des. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Ása Lúðvíksdóttir**
**Magnús Einarsson** **Salvör Jóhannesdóttir**
**Sólveig Einarsdóttir** **Gunnar Már Eðvarðsson**
**Guðrún Einarsdóttir** **Árni Blandon Einarsson**
**Gísli Hafsteinn Einarsson** **Kolbrún Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi*

**Guðjón Guðmundsson**

frá Bakkagerði,

verður jarðsunginn frá Seljakirkju fimmtudaginn 2. desember kl. 13.00.

**Sæunn Guðjónsdóttir**
**Birgir Guðjónsson**
**Björn Guðni Guðjónsson**
**Halldóra Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur.**





**FRÆÐSLURIT** Í bók Erlu Kolbrúnar er greint frá fjórum nýlegum rannsóknum á ofbeldi gegn konum.

**MÁLÞING UM OFBELDI:** HALDIÐ Á HÁSKÓLATORGI Á MORGUN

## Ólíkar birtingarmyndir og íhlutun

Málþing um ofbeldi verður haldið á Háskólatorgi á morgun milli 14 og 16 í tilefni útgáfu bókarinnar Ofbeldi: Margbreytileg birtingarmynd eftir Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur, prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Þar er sagt frá fjórum nýlegum rannsóknum sem hún og kollegar hennar hafa unnið að undanfarin ár. Bókin er hugsuð sem fræðslurit fyrir starfandi heilbrigðisstarfsmenn en einnig nemendur á heilbrigðis- og félagsvísindasviði og í guðfræði. Hún er þó að sögn Erlu Kolbrúnar skrifuð á aðgengilegu máli og hentar öllum sem vilja kynna sér málaflokkinn betur.

Í bókinni er sagt frá ólíkum birtingarmyndum ofbeldis og er staðan á Íslandi borin saman við stöðuna hjá öðrum þjóðum og sett í samhengi við alþjóðlega vitneskju. „Þá er rætt um hlutverk heilbrigðisstarfsmanna og hver æskileg fyrstu viðbrögð séu þegar unnið er með þolendur ofbeldis,“ segir Erla Kolbrún.

Rannsóknirnar sem sagt er frá í bókinni eru landskönnun á ofbeldi gegn konum sem gerð var árið 2006 og náði til tæplega 2.800 kvenna. Þá er sagt frá rannsókn á þolendum ofbeldis meðal kvenna sem leita til Slysa- og bráðadeildar Landspítalans, rannsókn á þolendum ofbeldis á meðal barnshafandi kvenna sem eru í áhættumeðgöngu og rannsókn á ofbeldi gegn konum með líkamlega fötlun. Á slysa- og bráðadeild náði úrtakið til rúmlega hundrað kvenna sem leituðu til deildarinnar af ýmsum ástæðum. Fjórtán hjúkrunarfræðingar tóku að sér að leggja fyrir þær spurningar um það hvort þær hefðu orðið fyrir líkamlegu, andlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Á meðal niðurstaðna má nefna að tuttugu prósent þessara kvenna höfðu upplifað kynferðislegt ofbeldi einhvern tímann á lífsleiðinni. Sama hlutfall barnshafandi kvenna í áhættumeðgöngu höfðu upplifað kynferðislegt ofbeldi og segir Erla Kolbrún þessar niðurstöður sláandi.

Við gerð rannsóknarinnar á þolendum ofbeldis meðal kvenna sem leita til slysa- og bráðadeildar og á þolendum ofbeldis á meðal kvenna í áhættumeðgöngu var notast við klínískar leiðbeiningar sem Erla Kolbrún þýddi og staðfærði ásamt samstarfskonu sinni, Brynju Örlygsdóttur, en þær eru upphaflega frá hjúkrunarfræðifélaginu í Ontario í Kanada. Hjúkrunarfræðingarnir og ljósmæðurnar sem ræddu við þátttakendur unnu eftir þessum leiðbeiningum en þær eru ákveðinn vegvísir að því hvernig eigi að vinna með þolendum ofbeldis á fyrstu stigum. Bókin greinir að miklu leyti frá ávinningnum af þeirri íhlutun.

„Hugmyndin er svo að fara í gang með framhaldsrannsókn og kanna hvað það er sem fær konur til að tjá sig um ofbeldi, en samkvæmt erlendum rannsóknum þarf að spyrja þær að meðaltali sjö sinnum áður en þær greina frá því að þær séu þolendur ofbeldis af einhverju tagi. Hugmyndin er að kanna hvort það gefst betur að ræða við konur augliti til auglitis eða hvort þær vilji frekar svara spurningalistum eða jafnvel í gegnum tölvu,“ segir Erla Kolbrún.

Á málþinginu á morgun verða helstu áhersluatriði fyrrgreindra rannsókna kynnt auk þess sem efnt verður til pallborðsumræðna þar sem staða ofbeldismála á Íslandi verður rædd.

**vera@frettabladid.is**



*Bróðir minn og frændi okkar*

**Hilmar Bárðason**

frá Holti í Álftaveri,

lést fimmtudaginn 28. október s.l. á hjúkrunarheimilinu Eir. Útför hefur farið fram.

**Fyrir hönd ættingja,**
**Sigríður Bárðardóttir**
**Garðar Einarsson.**

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is



ROLEX

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

10 ára Svansmerking!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 1. desember 2010 – 13. tölublað – 6. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 VÍSIR



Sparisjóðir
Reka þriðjung bankaútibúa 2

Úttekt
Lánshæfismatið skerðir möguleikana 6-7



Jólagjafir
Skoðaðar með hagtölugleraugum 8





**GUNNAR KARL** Unnið hefur verið að því á árinu að fá nýtt hlutafé í MP banka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Er rétt yfir lágmarkskröfu FME

MP banki tapaði 1.857 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Þetta er rúmlega fjórfalt verri afkoma en á sama tíma í fyrra þegar bankinn tapaði 412 milljónum króna.

Uppgjör MP banka hefur legið um nokkurt skeið á borði Fjármálaeftirlitsins. Ákveðið var að birta það í ljósi fregna um að bankinn uppfyllti ekki kvaðir um eigið fé.

Í uppgjörinu kemur fram að tapið skýrist af styrkingu krónunnar, niðurfærslu á lánum í erlendri mynt og 750 milljóna króna sáttagreiðslu við einn af gömlu bönkunum.

Reiknað eiginfjárhlutfall MP banka nam 9,2 prósentum í lok júní. Á sama tíma í fyrra stóð það í 17,5 prósentum. Eignfjárhlutfall fjármálafyrirtækja má lögum samkvæmt fara lægst í 8,0 prósent. Fjármálaeftirlitið getur hins vegar krafist allt að sextán prósenta eiginfjárhlutfalls líkt og það gerir í tilviki nýju bankanna. - jab

## HELST Í ÚTLÖNDUM

### Google til rannsóknar

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ákveðið að rannsaka hvort netleitarfyrirtækið Google hafi gerst brotlegt við samkeppnisreglur sambandsins. Borist hafa kvartanir frá öðrum leitarvélum, sem telja Google hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína.

Google

### Þrýstingur vex

Þrýstingur á Miðjarðarhafsríki evrusvæðisins hefur vaxið eftir að Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ákváðu að koma Írum til hjálpar. Fjárfestar seldu í gær í stórum stíl ríkisskuldabréf frá Spáni, Portúgal og Ítalíu. Þurfi að koma Portúgal til bjargar mun það kosta álíka mikið og björgunaraðgerðirnar fyrir Írland, en fari Spánn sömu leið reynir á þolmörk neyðarsjóðs ESB.



# Tilboð halda verslun uppi í kreppunni

## Meira er um útsölur nú fyrir jólin en fyrri ár. Hegðun neytenda hefur sömuleiðis breyst. Neytendur elta tilboðsvörur.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Meira er um afslátt í verslunum nú fyrir jólin en fyrri ár. „Eftir að fór að harðna í dalnum hjá okkur hefur verið meira um tilboð nálægt desember, við jólin. Það var ekki áður fyrr þegar við höfðum meira á milli handanna,“ segir Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar. Hann bætir við að eftirtektarvert sé hversu lítið hafi dregist saman í sölu raftækja. „Það er eina tegund verslana sem við mælum aukningu í,“ bendir hann á.

Samkvæmt síðustu mælingu Hagstofunnar dróst sala í dagvöruverslun saman um 0,8 prósent í október miðað við sama mánuð fyrir ári. Velta í fataverslun dróst saman um var 7,6 prósent á föstu verðlagi á milli ára. Velta í raftækjaverslun jókst hins vegar um nítján prósent.

Emil bendir á að fólk miði innkaup sín í meiri mæli við útsölur en áður og rifjar upp að í október hafi opnað ný raftækjaverslun úti á Granda í Reykjavík. Fólk hafi í miklum mæli nýtt sér opnunartilboð í tilefni dagsins.

„Það er meira um tilboð núna en áður,“ segir Svava Johansen, forstjóri NTC, sem rekur um tuttugu tískuvöruverslanir. Hún bætir við að þegar reglubundnum útsölum ljúki í september líði langur tími fram að næstu útsöluvertíð, sem iðulega er eftir áramótin. Hún bætir við að tilboð á einstaka vörum sé jafnframt algeng leið til að rýma fyrir jólasendingum. „En afslættirnir hafa hækkað. Þeir sem áður voru tíu prósent eru nú komnir í tuttugu prósent,“ segir hún og tekur í svipaðan streng og Emil; opnun nýrra verslana hafi jákvæð áhrif á neytendur. NTC opnaði verslun í stærra húsnæði undir merkjum Evu við Laugarveg fyrir tæpri viku. Svava segir á bilinu sjö til átta hundruð manns hafa komið á opnunardegi og jólatraffík verið fram eftir helgi.

„Við verðum að hafa meira að gera og því grípum við til þessa ráðs og bjóða afslætti. Fólk hleypur á eftir tilboðum,“ segir Haraldur og bendir á að innkaupin hafi að sama skapi breyst. „Áður fyrr keypti fólk það sem var á tilboði hverju sinni og eitthvað með því. Það gerist ekki núna. Nú kaupir fólk bara vöruna sem er á tilboði,“ segir hann.



**Auðveldaðu viðskiptin með Staðgreiðslulánum Borgunar**

Staðgreiðslulán Borgunar eru einföld leið fyrir verslanir til að bjóða viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum á kreditkort í allt að 48 mánuði. MasterCard og VISA korthafar eiga kost á að nýta sér þessa greiðsluleið.

**Kostir Staðgreiðslulána**
- Bætt þjónusta
- Engin þjónustugjöld
- Uppgjör á öðrum degi
- Borgun ábyrgist uppgjör til seljanda

Hafðu samband við okkur í síma 560 1600 eða á fyrirtaeki@borgun.is og kynntu þér kosti lánanna.




BORGUN
Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is
MasterCard VISA



## BANKABÓKIN

**Samanburður á vaxtatöflum bankanna**

| | **Hæstu innlánsvextir** | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 1,65%[A] | 11,85% | 11,7% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 2,70% | 12,25% | 12,25% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 2,05%[B] | 12,50% | 12,50% |
| MP BANKI | MP Sparnaður 2,90% | 11,75% | 9,85 til 17,75% |
| BYR | PM-reikningur 3,30% | 12,75% | 12,35 til 12,90% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 3,35% [C] | 12,95% | 12,90% |
| S24 ...og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 3,00% | 10,95% | Ekki í boði. |

**Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. A Bundinn í tíu daga. B Bundinn í sjö daga. C Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%*

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# Fyrsti fjárfestir Facebook þolir bið

Efasemdir eru um fjárhagslega burði vogunarsjóðsins Clarium Capital Management. Sjóðurinn var stofnaður fyrir tæpum þremur árum. Viðskiptavinir greiða ekki þjónustugjald, sem alla jafna miðast við tvö prósent, og hefur sjóðurinn verið rekinn með tapi frá upphafi.

Upphaflega voru sjö milljarðar Bandaríkjadala, jafnvirði 820 milljarða króna, í stýringu í sjóðum. Upphæðin mun nú komin niður í átta hundruð milljónir. Á sama tíma hafa aðrir vogunar- og fjárfestingarsjóðir skilað hagnaði.

Peter Thiel forstjóri, sem er rúmlega fertugur, er heilinn á bak við greiðslumiðlunarfyrirtækið PayPal. Hann seldi fyrirtækið til uppboðsvefjarins eBay árið 2002 fyrir 1,5 milljarða dala. Síðan þá hefur Thiel fjárfest í sprotafyrirtækjum og verkefnum sem tengjast þróun framtíðartækni.

Þar á meðal lagði hann Mark Zuckerberg til hálfa milljón dala í skiptum fyrir fimm prósenta hlut í samfélagsvefnum Facebook síðla árs 2004.

Í netútgáfu New York Post segir að þrátt fyrir að halli á bát Thiels þessa dagana hafi hann ekki miklar áhyggjur enda þolinmóðari en flestir fjárfestar. - jab



MARK ZUCKERBERG

# Allt undir við skoðun á sparisjóðunum

## Eignir sparisjóðanna eru um 4% af fjárhag fjármálakerfisins en þeir reka þriðjung útibúa. Eðlilegt að útibúin séu hlutfallslega fleiri, en þörf er á rekstrarlegri endurskipulagningu.

**Brjánn Jónasson**
skrifar

Sparisjóðirnir í landinu reka um þriðjung útibúa bankastofnana í landinu þrátt fyrir að hlutdeild þeirra í útlánum og eignarleigusamningum fjármálakerfisins sé aðeins um fjögur prósent.

Fjöldi útibúa fylgir viðskiptamódeli sparisjóðanna, en einn styrkleika þeirra hefur verið nándin við viðskiptavinina, segir Elín Jónsdóttir, forstjóri Bankasýslu ríkisins.



ELÍN JÓNSDÓTTIR

Hún segir eðlilegt að sparisjóðirnir séu með fleiri útibú en aðrar fjármálastofnanir, en þrátt fyrir sérstöðu þeirra þurfi að skoða allar leiðir til að hagræða í rekstri sparisjóðakerfisins. Þar verði allt að vera undir, þar með talið fjöldi útibúa.

„Það er afar mikilvægt að láta ekki staðar numið þegar fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðanna er lokið. Það verður að halda áfram og klára þá rekstrarlegu endurskipulagningu sem hlýtur að fylgja í kjölfarið,“ segir Elín.

Hún segir það mikilvægt í ljósi þess hversu miklar breytingar hafa orðið á stærð sparisjóðakerfisins, og ekki síður þeirra aðstæðna sem fjármálafyrirtæki búi við á Íslandi í dag.

„Viðskiptamódel sparisjóðanna gengur út á að þjónusta almenna viðskiptavini. Sparisjóðirnir hafa byggt tilveru sína á nálægð við viðskiptavinina, þeir þekkja viðskiptavinina vel og viðskiptavinirnir þá. Það er styrkleiki sparisjóðanna,“ segir Elín.

„Auðvitað verður að gæta að því að þessi styrkleiki tapist ekki,“ segir Elín. Hún segir að skoðaðir verði allir möguleikar til að bæta rekstrarafkomu sparisjóðanna. Hluti af því verði án efa að skoða hvort þörf sé fyrir öll þau útibú sem sparisjóðirnir starfræki í dag.

Í ræðu á aðalfundi Sambands íslenskra sparisjóða í síðustu viku sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri mikilvægt að sparisjóðirnir takmörkuðu starfsemi sína við þá þætti þar sem þeir væru samkeppnisfærir, og færu ekki út í áhættusama fjárfestingarbankastarfsemi.



**BYR SPARISJÓÐUR** Líklegt er að fimm prósenta hlutur ríkisins í Byr sparisjóði renni inn í Bankasýslu ríkisins fyrir áramót.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Elín segir æskilegt að hlúa að fjölbreytileika í fjármálakerfinu, og þar séu sparisjóðirnir mikilvægir.

„Það er alveg ljóst að það hafa átt sér stað gríðarlegar breytingar á stærð sparisjóðakerfisins frá árinu 2001 til ársins í ár. Fyrst varð gríðarleg stækkun, en síðan hefur kerfið minnkað mikið, niður fyrir þá stærð sem það var í árið 2001,“ segir Elín.

Bankasýsla ríkisins er eignarhaldsfélag í eigu ríkisins. Félagið fer með eignarhlut ríkisins í fjármálastofnunum. Bankasýslan hefur undanfarið aflað upplýsinga um stöðu sparisjóðakerfisins og mótað mögulegar leiðir sem hægt væri að fara til að endurskipuleggja rekstur.

Bankasýslan fer nú með 81,33 prósenta hlut ríkisins í Landsbankanum, 13 prósenta hlut í Arion og 5 prósenta hlut í Íslandsbanka. Þá er 49,5 prósenta hlutur í Sparisjóði Norðfjarðar undir stjórn Bankasýslunnar.

Elín reiknar með að eignarhald á fjórum sparisjóðum til viðbótar muni renna inn í Bankasýsluna á næstu dögum. Um er að ræða eignarhluti í Sparisjóði Bolungarvíkur, Sparisjóði Svarfdæla, Sparisjóði Vestmannaeyja og Sparisjóði Þórshafnar.

Þá segir Elín viðbúið að Sparisjóður Keflavíkur renni inn í Bankasýsluna fyrir áramót, sem og fimm prósenta hlutur ríkisins í Byr sparisjóði.



# Upplýsingagátt 21. aldarinnar

**Opinn morgunverðarfundur Skýrr föstudaginn 3. desember um spennandi nýjungar í upplýsingagáttinni Microsoft SharePoint 2010**

**Upplýsingagáttin Microsoft SharePoint nýtur sívaxandi hylli, enda hagkvæm og snjöll lausn, sem er meðal annars mikið notuð sem undirlag fyrir innri vefi og skjalastjórnun.**

Skýrr býður atvinnulífinu til opins morgunverðarfundar um spennandi nýjungar í Microsoft SharePoint 2010.

Á fundinum mun Emil Hilmarsson hjá Norðuráli greina frá þeim forsendum sem fyrirtækið lagði til grundvallar vali á Microsoft SharePoint 2010 sem upplýsingagátt.

Í kjölfarið flytur Sigvaldi Óskar Jónsson ráðgjafi fróðleiksfyrirlestur um nýjungar og breytingar í þessari framsæknu lausn.

Fundurinn verður haldinn núna á föstudaginn kemur, 3. desember, frá kl. 8:00 til 10:00.

Ljúffengur morgunverður að hætti hússins verður framreiddur frá kl. 8:00 og formleg dagskrá hefst stundvíslega kl. 8:30.

Fundurinn verður í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2 í Reykjavík (gengið inn frá Háaleitisbraut).

(Engar líkur eru taldar á því að Þórhildur Hansdóttir Jetzek fundarstjóri flytji SharePoint-lagið við þetta tækifæri...)

**Skráning fer fram á vefsvæði Skýrr.**







8:00 *Húsið opnar - Morgunverður*
Ljúffengar veitingar að hætti hússins

8:30 *Morgunverðurinn er aldrei (alveg) ókeypis*
Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr

8:40 *Reynslusaga: Val og innleiðing Norðuráls á SharePoint 2010*
Emil Hilmarsson, deildarstjóri upplýsingatækni hjá Norðuráli

9:00 *Er hægt að stjórna skjölum með SharePoint 2010?*
Sigvaldi Óskar Jónsson, ráðgjafi í Microsoft SharePoint hjá viðskiptalausnum Skýrr

9:40 *Ávinningur og kostnaður við innleiðingu*
Magnús Ingi Stefánsson, forstöðumaður sölu hjá viðskiptalausnum Skýrr

*Fundarstjóri*
Þórhildur Hansdóttir Jetzek, forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá viðskiptalausnum Skýrr

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

# Brúnin léttist á landanum

Nokkuð léttara var yfir Íslendingum í nóvember en mánuðinn á undan ef marka má Væntingavísitölu Gallup sem birt var í gærmorgun. Vísitalan hækkaði um tæp 19 stig milli mánaða og gekk mikil lækkun sem varð mánuðinn á undan að hluta til baka. Vísitalan sem mælir væntingar neytenda til efnahags- og atvinnulífs mælist 50,6 stig en þegar vísitalan er undir 100 stigum eru fleiri neytendur svartsýnir en bjartsýnir.

Mest er hækkunin á væntingum til ástandsins í efnahags- og atvinnumálum eftir sex mánuði. Vísitalan hækkar þar um tæp 29 stig og mælist nú 77,1 stig.

Mat á núverandi ástandi hækkar mun minna, eða um tæp 4 stig og mælist áfram afar lágt, eða 10,8 stig. Breyttar væntingar til ástandsins í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar eftir sex mánuði skýrir því hækkun sem varð á Væntingavísitölunni nú.

# Hunter skoðar tilboð

Skoski auðkýfingurinn Sir Tom Hunter er sagður íhuga tilboð í bresku skókeðjuna Office upp á 150 milljónir punda, jafnvirði um átján milljarða króna. Hunter keypti verslunina fyrir sjö árum fyrir sextán milljónir punda.

Sir Tom Hunter var viðskiptafélagi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og keypti meðal annars hlut í bresku versluninni House of Fraser með Baugi í gegnum fjárfestingarfélag sitt West Coast Capital árið 2006. Á meðal helstu hluthafa með Hunter þar er skilanefnd Landsbankans, sem á nú um þrjátíu prósenta hlut sem Baugur átti áður.

Í skoska dagblaðinu The Scotsman kemur fram að West Coast Capital hafi gengið ágætlega þrátt fyrir efnahagsþrengingar. Félagið hagnaðist um 6,9 milljónir punda í fyrra eftir rúmlega 66 milljóna tap árið á undan. Hunter, sem ákvað fyrir meira en áratug að gefa einn milljarð punda til góðgerðarmála yfir ævina, varð af þeim sökum að gefa helmingi minna til góðgerðamála í fyrra, eða 5,9 milljónir punda. - jab



**SIR TOM HUNTER** Hefur fengið tilboð í skókeðju sína upp á sem svarar átján milljörðum króna.

# Fjórtán umsóknir um hæfi á borði FME

Fjármálaeftirlitið (FME) er með fjórtán umsóknir til meðferðar um leyfi til að fara með virkan eignarhlut í fjármála- og vátryggingarfyrirtækjum. Það sem af er ári hafa nítján umsóknir verið afgreiddar, samkvæmt svari FME við fyrirspurn Fréttablaðsins um fjölda umsókna og úrvinnslu þeirra.

Í hæfisumsókn er meðal annars skoðaður fjárhagslegur styrkur viðkomandi og orðspor hans.

Heiðar Már Guðjónsson fjárfestir og hópur sem hann fór fyrir í söluferli Sjóvár lagði fram umsókn um hæfi hjá FME í ágúst. Þegar hópurinn tilkynnti fyrir viku að hann hefði hætt við kaupin var umsóknin enn í vinnslu.

Fréttablaðið ræddi í kjölfarið við nokkra einstaklinga sem hafa lagt fram hæfisumsókn til FME. Pirrings gætti í þeirra röðum yfir hægagangi á umsóknarferlinu.

Í svari FME kemur fram að vinnsla taki mislangan tíma. Markist hraðinn meðal annars af skilum umsækjenda á fullnægjandi upplýsingum. Vanti á þær í upphafi geti ferlið verið nokkuð langt og flókið. Þá getur ferlið lengst ef umsókn um virkan eignarhlut er afgreidd samhliða umsókn um starfsleyfi, samkvæmt svari FME. - jab



GUNNAR ANDERSEN, FORSTJÓRI FME


SETTU ÞITT KYNNINGAREFNI INN Í FRÉTTABLAÐIÐ



Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina. Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendi á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

93% landsmanna hafa aðgang að Fréttablaðinu.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fjölpóstur með Fréttablaðinu skilar árangri!

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR

Meiri Vísir. vísir.is




**Í PRENTSALNUM** Kristþór Gunnarsson framkvæmdastjóri og Kjartan Kjartansson prentsmiðjustjóri eru að vonum hæstánægðir með nýtilkomna Svansvottun Ísafoldarprentsmiðju. MARKAÐURINN/ANTON

# Eina vottaða dagblaðaprentsmiðjan

## Ísafoldarprentsmiðja hefur fengið umhverfisvottun Svansins. Meiri kröfur eru gerðar til dagblaðaprentsmiðja vegna vottunarinnar. Hagkvæmt segir framkvæmdastjórinn.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Ísafoldarprentsmiðja hefur fengið vottun Svansins, opinbers umhverfismerkis Norðurlandanna. Prentsmiðjan er fyrsta dagblaðaprentsmiðjan sem fær Svansvottun hér á landi. Fréttablaðið er prentað í Ísafoldarprentsmiðju.

Að sögn Kristþórs Gunnarssonar, framkvæmdastjóra prentsmiðjunnar, hefur verið unnið að því í nokkra mánuði að fá vottunina. Hún gekk svo í gegn 15. nóvember síðastliðinn, en prentsmiðjan fékk í gær afhent viðurkenningarskjal til marks um hana.

Vottunin gildir til marsloka 2012. Kristþór segir komið hafa skemmtilega á óvart hversu prentsmiðjan var nálægt því að uppfylla kröfur Svansins þegar byrjað var að skoða hvaða hluti þyrfti að bæta. „Hjá okkur hefur pappír til dæmis í mörg ár verið baggaður og sendur í endurvinnslu. Síðan var notkun efna sem ekki voru umhverfisvæn í algjöru lágmarki,“ segir hann.

Kristþór segir líka að umhverfisvitund þurfi ekki endilega að kalla á meiri kostnað í rekstrinum. „Hluti af þessu ferli er að lágmarka umhverfisáhrif rekstrarins,“ segir hann og bendir á að þar sé einnig horft til þátta eins og betri nýtingar hráefnis og orku. „Til dæmis er reynt að lágmarka afskurð. Árangurinn kemur fram í hagkvæmari rekstri, þannig að það getur alveg verið samasemmerki á milli hagkvæmni og umhverfisvitundar.“

Mismiklar kröfur eru gerðar til fyrirtækja eftir eðli starfsemi þeirra áður en að vottun kemur. Kristþór segir að þar á bæ hafi menn haft af því vissar áhyggjur þegar af stað var farið, því í prentgeira eru mestar kröfur gerðar til dagblaðaprentunar. Þær prentsmiðjur þurfi að fá yfir 85 punkta í umhverfisúttekt á meðan hefðbundin arkaprentsmiðja þurfi aðeins 55. „En Ísafold skoraði 92 stig í umsókninni,“ segir hann.



**FRÉTTABLAÐIÐ PRENTAÐ** Meiri kröfur eru gerðar til dagblaðaprentunar en annarrar þegar kemur að umhverfisvottun.

Prentsmiðjan er með blandaða prentun. Auk dagblaðaprentunarinnar sinnir hún arkaprentun, „heatset“ og stafrænni prentun. „Og vottunin nær yfir allar þessar tegundir prentunar.“

Í þeim framleiðsluaðferðum sem teknar hafa verið upp hjá Ísafoldsprentsmiðju er horft til þess að lágmarka notkun pappírs, prentlita, hreinsiefna, rafmagns, gass og spilliefna. Þá er horft til þess að velja ætíð umhverfisvænsta hráefnið, sé þess nokkur kostur, og fylgja ströngustu kröfum við förgun spilliefna.

Samkvæmt upplýsingum á vef Umhverfisstofnunar og Facebook-síðu Svansmerkisins eru nú yfir tíu íslensk fyrirtæki með Svansvottun. Auk Ísafoldar eru þrjár aðrar prentsmiðjur með slíka vottun.

Á vef Svansmerkisins segir að neytendur eigi að geta verið vissir um að innkaup þeirra séu betri fyrir umhverfið og heilsuna þegar valdar séu vörur með merki svansins. „Svanurinn setur strangar kröfur um heildarlífsferil vöru og þjónustu, svo sem innihald og notkun hættulegra efna, orku- og hráefnisnotkun og meðhöndlun úrgangs,“ segir þar.




## DUX CLASSIC

2 DUX Classic 90x200cm/Xtandard
yfirdýna 180x200cm og fætur

**Tilb kr 360.000**





## DUX VISTA CLASSIC PAKKI

2 DUX Classic 90x200cm/Xtandard
yfirdýna 180x200cm/23cm fætur/
Vista höfuðgafl og Mathilda rykfaldur.

**Tilb kr 457.000**

**20% afsláttur af öllum vörum og öllum pöntunum dagana 21, 22 og 23. október.**

# DUXIANA®

ADVANCED TECHNOLOGY IN SLEEPING

Ármúla 10 | sími: 5689950 | www.duxiana.com



**FROST Í REYKJAVÍK** Slakar lánshæfiseinkunnir ríkisins gera það að verkum að uppbygging verður dýr og stórverkefni lík þeim sem hér hefur áður verið ráðist í óarðbær. Þá er þrengra um lánsfé og erlendir lánsfjármarkaðir að stórum hluta lokaðir íslenskum fyrirtækjum. MARKAÐURINN/ANTON

# *Í lánshæfismatinu er falinn* vandi landsins til lengri tíma

Fyrirtæki sem meta lánshæfi ríkja og annarra útgefinna skuldabréfa hafa sætt mikilli gagnrýni í fjármálakreppu þeirri sem gengur yfir heiminn. Enn sem komið er hefur þó ekki fundist annað fyrirkomulag. *Óli Kristján Ármannsson* fór yfir sögu lánshæfismatsfyrirtækja hér og ræddi við **Yngva Örn Kristinsson** hagfræðing sem segir að slök einkunn ríkisins setji fyrirtækjum landsins skorður.

Í síðustu viku hófust á vettvangi Evrópusambandsins viðræður um að nýtt yfirþjóðlegt fjármálaeftirlit sem vaka á yfir verðbréfaviðskiptum og mörkuðum hafi einnig eftirlit með lánshæfismatsfyrirtækjum. Endurskoðun á starfsemi þeirra var einnig til umræðu á fundi 20 helstu iðnríkja (G20) sem nýverið fór fram í Seúl í S-Kóreu. Að viðræðunum í Evrópu koma fulltrúar Evrópuþingsins, en það þrýstir á um aukin völd handa eftirlitsstofnuninni, fulltrúar ríkisstjórna Evrópusambandslanda og framkvæmdastjórnar ESB.



YNGVI ÖRN KRISTINSSON

„Lánshæfismatsfyrirtækin hafa náttúrlega ekki staðið sig vel," segir Yngvi Örn Kristinsson hagfræðingur. „Og alveg sérstaklega illa gagnvart Íslandi." Yngvi segir að mikið hafi verið um það rætt á alþjóðavísu, eftir fjármálakreppuna sem hófst síðla árs 2007, að endurskoða þyrfti starfsemi þessara fyrirtækja. „Fyrirtækin hafa tekjur sínar frá útgefendum verðbréfa, en eru raunverulega að veita kaupendum þeirra þjónustu. Og mönnum finnst vera hagsmunaárekstur í þessu tekjumódeli," bendir Yngvi á. Þannig mætti ætla að fyrirtækin fái meiri viðskipti og fái að meta fleiri flokka verðbréfa eftir því sem mat þeirra er betra. „En í raun eiga þau að leggja mat á það fyrir kaupendurna hversu miklar líkur eru á að þessi bréf lendi í vanskilum."

### VINNUBRÖGÐIN RÝRA GILDIÐ

Umræðuna um endurskoðun fyrirkomulags lánshæfismats segir Yngvi hafa komið upp áður, fyrir áratug eða svo. „En þá kom ekkert út úr því og maður veit svo sem ekki hvort það verður eitthvað frekar núna." Yngvi segir að þrátt fyrir gríðarlegar hamfarir í fjármálalífi heimsins og skakkaföll ríkissjóða virðist ekki sem menn ætli að draga mikinn lærdóm af hamförunum. „Það heldur bara allt sínu striki."

Lánshæfismatsfyrirtækin hafa meðal annars verið sökuð um og jafnvel uppvís að óvönduðum vinnubrögðum. Þannig bendir Yngvi á að í Bandaríkjunum bendi opinberar upplýsingar til óheiðarlegra vinnubragða við verðmat á skuldabréfavafningum þar sem litið hafi verið fram hjá undirliggjandi áhættu. „Svo eru þau almennt gagnrýnd fyrir að bregðast seint við aðsteðjandi vanda, jafnvel þó svo að þau þykist vera forsjá og eigi að meta framtíðarlíkur á greiðslufalli. Oft eru þau að leiðrétta og breyta lánshæfismati eftir að allt er komið í óefni, eins og raunin var hér á landi," segir Yngvi og telur að slík vinnubrögð hljóti að rýra gildi vinnu þeirra fyrir þá fjárfesta sem reiða sig á hana. „Það er ekkert sérstaklega merkilegt í þessum bransa að vera vitur eftir á."

Þrátt fyrir gagnrýnina hefur ekki dregið úr því vægi sem lánshæfismat þessara fyrirtækja hefur. „Í öllu falli hefur ekkert komið í staðinn. Menn eru ennþá að kaupa þessi möt og meðal annars hér á Íslandi. Íbúðalánasjóður og ríkið telja sér ekki fært að segja upp þessari þjónustu þó hún kosti tugmilljónir á ári. Og það sama er uppi á teningnum annars staðar í heiminum."

### STÖÐVA ÞARF SKULDASÖFNUN RÍKISINS

Um leið bendir Yngvi á að ef til vill sé ekki alveg einfalt að stokka upp kerfið vegna þess hve góða fótfestu það hefur. Þannig geri margir stærri fjárfestar, svo sem lífeyrissjóðir og hálfopinberir fjárfestar, kröfu um það í fjárfestingarreglum sínum að fyrir liggi lánshæfismat áður en skuldabréf eru keypt. „Það er mjög erfitt fyrir lífeyrissjóðakerfið í heiminum að kasta þessu fyrir róða án þess að eitthvað annað komi í staðinn."

Yngvi segir að af fjármálakerfishruninu, sem uppruna sinn átti í undirmálslánakrísunni í Bandaríkjunum, megi augljóslega læra að eitthvað mikið sé að aðferðafræði lánshæfismatsfyrirtækjanna. „Þau skynjuðu ekki áhættuna af skuldabréfavafningunum og hversu samofin hún var stóru bandarísku fjármálafyrirtækjunum. Þó var þarna um að ræða lánveitingar sem allir sjá núna að voru algjörlega galnar."

Lykilatriði í því að lánshæfismat íslenska ríkisins hækki segir Yngvi Örn vera að skuldasöfnun þess að stöðvist. „En hún heldur náttúrlega áfram á þessu ári og næsta ári líka, þrátt fyrir aðhaldsaðgerðir. Það er halli á ríkisrekstrinum og það þýðir að bætist í skuldirnar." Yngvi segir öll kurl þurfa að koma til grafar varðandi kostnað ríkisins af hruninu og ljóst að það verði ekki fyrir frekari áföllum. „Ríkið ber einhvern 350 milljarða



**Alliance francaise** býður upp á súkkulaði- og konfektsmökkun á morgun klukkan 20. Leiðbeinandi er er Viggó Vigfússon, kokkalandsliðsmaður og smekkmaður á súkkulaði. Hann fjallar um mismunandi tegundir súkkulaðis og hvernig hægt er að nota þær í konfektgerð. Skráning á námskeiðið fer fram á alliance@af.is en skráningarfrestur er til klukkan 18 í dag.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447










**Jólatré borgarinnar fá sérstaka andlistslyftingu fyrir aðventuna.**



;JÓLIN KOMA | 4

# Leyndarmálinu ljóstrað upp

Björn Júlíusson, umsjónarmaður Útmerkur, ljóstrar upp leyndarmálinu bak við fegurð jólatrjáa borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fallegu jólatrén sem gleðja augu borgarbúa á aðventunni koma öll úr skóglöndum borgarinnar. Björn Júlíusson, umsjónarmaður Útmerkur, ljóstrar upp leyndarmálinu bak við fegurð trjánna.

„Við tökum ekki bestu trén lengur. Nú vinnum við þetta þannig að fyrir þrjú nothæf tré höggvum við eitt aukalega, til að bæta greinum inn í hin trén,“ útskýrir Björn Júlíusson, umsjónarmaður Útmerkur, en öll jólatrén sem borgin setur upp á opnum svæðum eru höggvin í lendum borgarinnar, Elliðaárdalnum, Öskjuhlíð og víðar.






**Rauðhærða leikkonan** Christina Hendricks sem þekktust er fyrir leik sinn í þáttunum Mad Men er í raun ljóshærð en hefur litað hárið koparrautt frá tíu ára aldri.





SIGURBOGINN

LAUGAVEGI 80 S: 561 1330

WWW.SIGURBOGINN.IS




Gylltar varir á fyrirsætu á sýningu Rodarte.

# Varúð varir!

**Á tískusýningum haustsins vöktu fyrirsætur með skærlitar varir eftirtekt þeirra sem á horfðu. Dökkir litir, allt frá skærrauðum til djúprauðs, frá appelsínugulum og til fjólublás, voru áberandi á tískusýningum tískuhönnuða á borð við Todd Lynn, Zac Posen, Louis Vuitton og Christian Dior.**



Christian Dior lagði áherslu á áberandi varir á tískusýningu sinni í haust.

Djúprauðar varir fyrirsætu á tískusýningu Louis Vuitton.

Fyrirsætan Coco Rocha var með skærrauðan varalit á tískusýningu Zac Posen.




# Heilbrigð húð í kuldatíð

**Þegar hitastigið fer niður fyrir frostmark dag eftir dag taka margir eftir breytingum á húðinni og finna hjá sér þörf til að breyta húðhirðunni til að komast hjá þurrki og sprungum.**

Andlit, hendur og fætur verða oftast verst úti enda líkamshlutar sem eru oftar en ekki berskjaldaðir fyrir veðri og vindum. Hér á eftir fara tíu ráð sem hjálpa húðinni að halda eftirsóknarverðu heilbrigði og ljóma:

**1.** Byrjið daginn á því að drekka heitt vatn með sítrónusafa. Samkvæmt indverskri speki á það að hjálpa líkamanum að hreinsa sig í upphafi dags.

**2.** Nærið húðina innan frá. Borðið úr öllum fæðuflokkum og gætið þess að fá nægilegt magn vítamína og steinefna. Stundið reglulega hreyfingu og gætið þess að sofa vel. Besta ráðið er að fara klukkutíma fyrr í bólið með heitan drykk og góða bók.

**3.** Drekkið nóg af vatni. Áfengi, kaffi og te þurrka líkamann og meira þarf að drekka af vatni ef slíkir drykkir eru oft á borðum.

**4.** Þurrburstið húðina fyrir sturtu eða bað. Þannig má fjarlægja dauðar húðfrumur og óæskileg eiturefni.

**5.** Gætið þess að fara ekki í of heitt bað eða sturtu enda þurrkar það húðina. Ylvolgt vatn hreinsar húðina alveg jafn vel en veldur ekki jafn miklum þurrki. Setjið endilega góða olíu í baðið og berið á ykkur olíu eða krem til að vernda húðina frekar fyrir veðri og vindum. Veljið auk þess góðan og þekjandi farða.

**6.** Skiptið yfir í aðeins feitara andlitskrem á veturna til að vernda húðina fyrir veðri. Veljið auk þess góðan og þekjandi farða.

**7.** Notið varasalva. Gleymið fullyrðingum um að varirnar verði háðar honum. Þær þurfa raka yfir köldustu vetrarmánuðina enda án allra fitukirtla.

**8.** Hafið í huga að því heitari sem vistarverur eru, þeim mun minni raki er í loftinu og þeim mun meiri raka þarf að gefa húðinni.

**9.** Notið kornakrem á andlitið einu sinni til tvisvar í viku til að fjarlægja dauðar húðfrumur. Meðhöndlið hendur og fætur með sama hætti og jafnvel oftar í viku yfir vetrartímann. Hægt er að búa til eigin skrúbb úr salti, sykri og olíu.

**10.** Notið sólarvörn á skíðum. Geislar sólar geta valdið skaða allan ársins hring. *Heimild: www.essortment.com*



Húðin þarfnast aukins raka í frosti og kulda. Þá eiga flestir það til að kynda meira á þessum tíma árs og því heitari sem vistarverur manna eru, þeim mun minni raki er í loftinu. Við slíkar aðstæður þarf að gæta vel að því að gefa húðinni utanaðkomandi raka. NORDICPHOTOS/GETTY



Best er að velja ofnæmisprófuð krem án ilmefna. Ekki þarf endilega að hlaupa á eftir dýrustu kremunum heldur er það rakinn sem skiptir máli.





**ÞÆGILEGAR ABC aðhalds-sokkabuxur frá Oroblu fyrir jólatónleikana og jólahlaðborðin,**

Konur þurfa ekki endilega að vera með aukakíló sem þær vilja fela, til að þurfa á aðhaldssokkabuxum að halda. Margar sem eru búnar að eiga börn eru með slappari húð en áður, burtséð frá fituhlutfalli og aukakílóum. ABC sokkabuxur eru draumur hverrar konu, „bumba yfir streng" hverfur, sokkabuxurnar rúlla ekki niður og konur verða allar stinnari og sléttari, passa betur í fötin og líður einfaldlega betur í fötunum sínum. ABC buxurnar eru einnig með þannig áferð að sokkabuxurnar loða ekki við fatnað, fatnaðurinn situr því á glæsilegri máta. ABC sokkabuxurnar slétta magasvæðið, lyfta upp og undirstrika rassinn ásamt því að styðja við mjaðmir og hliðar, til bæði með og án stuðnings niður á læri. ABC sokkabuxurnar eru til bæði í 40 og 20 denum í svörtum og sun lit, ráðleggjum eindregið 40 den fyrir konur sem eru þéttvaxnar því þær eru hærri upp og rúlla því síður niður. Báðar týpur er hægt að nota við opna skó.

**1. desember er alþjóðlegi alnæmisdagurinn og ætlum við í MAC Kringlunni og MAC Debenhams að bjóða öllum konum að koma og prófa varaliti og glossa sem geta bjargað mannslífum.**

**Allur ágóði Viva Glam rennur til samtaka sem heita The MAC Aids Fund og er sjóðurinn sá stærsti og öflugasti í heiminum.**

**Með einum Viva Glam getur þú:**

**Keypt skólabækur og efni fyrir sjö HIV smituð börn í Afríku.**

**Næg lyf til þess að koma í veg fyrir HIV smit frá móður til barns fyrir tvö börn í Afríku.**

**Yfir 50 blóðprufur og rannsóknir á HIV smituðum á Indlandi.**

**Mat í heilan mánuð fyrir HIV smitað munaðarlaust barn í Kína.**

**Þrjú net sem vernda 3 börn fyrir moskítóflugum í Uganda.**

**Á síðasta ári söfnuðust 2.2 milljónir á íslandi og fór það fé til Alnæmissamtaka Íslands og var notað til forvarnarstarfa í öllum grunnskólum á landinu.**





**Þjóðminjasafnið** lifnar við á aðventunni. Jólasveinarnir heimsækja safnið og börnin fá að snerta gripi tengda þeim. Grýla og Leppalúði kíkja í heimsókn og fyrirlestrar verða um íslenska jólasiði á íslensku og ensku.



Fallega jólaskeiðin frá Ernu
Verð 17.600
ERNA
Skipholti 3, s. 552 0775, www.erna.is



TVEIR STÓRGÓÐIR OG MARGAR TEGUNDIR AF FLOTTUM BUXUM Í STÍL



**teg. 86120** - létt fylltur og flottur í BC skálum á kr 4.350,- buxur í stíl á kr. 1.990,-



**teg. 86120** - létt fylltur og flottur í BC skálum á kr 4.350,- buxur í stíl á kr. 1.990,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur




Lím er borið á nýju greinina og henni stungið í gatið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Borað er í stofninn þar sem stinga á nýrri grein í tréð til að þétta það.



Fyrir hver þrjú tré er eitt höggvið aukalega í varahluti.


OLANG
Þeir eru komnir



NÝ SENDING AF KULDASKÓM MEÐ MANNBRODDUM
FYRIR DÖMU OG HERRA Í JÓLAPAKKANN ÞINN
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770



FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!
MEIRI GLAMÚR
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
Meiri Vísir. visir.is


Framhald af forsíðu

„Við gerum þetta bara eftir auganu, borum inn í stofninn, skrælum enda á grein af aukatrénu og stingum því í sárið með límí. Þannig þéttum við tréð. Við höfum unnið þetta svona undanfarin fjögur ár,“ segir Björn en borgin leggur til nítján jólatré þetta árið.

Hafist er handa við að höggva trén um miðjan október. Tveir menn vinna við að þétta trén fram að uppsetningu, viku fyrir aðventu. Þá er þeim dreift á opin svæði borgarinnar, við Ráðhúsið, við Höfða og víðar, þar sem þau standa ljósum skreytt. Eftir jólin fá þau síðan framhaldslíf.

„Ef bolurinn er nógu þykkur er hann nýttur í útibekki og borð sem fara á útivistarsvæði borgarinnar. Skólarnir fá líka greinar sem krakkarnir vinna með í smíðatímum. Við erum nýbyrjaðir á þessu og stefnum að því að endurvinna öll trén til fullnustu,“ segir Björn. *heida@frettabladid.is*


GRÆNN MARKAÐUR
ALLT TIL GJAFAINNPÖKKUNAR
* Jólapappír * Silkipappír * Sellófan *
* Gjafaöskjur * Gjafakörfur * Gjafapokar *
* Krulluborðar * Satínborðar * Pakkaslaufur *
* Vínöskjur * Vínpokar * Ofl. ofl. *
Eingöngu sala til fyrirtækja
Opið 08.00-16.00
www.flora.is info@flora.is Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500





Gefið elskunni ykkar hlýja jólagjöf
Úlpur – Kápur
ULL • VATT • DÚNN
Hanskar – Hattar – Húfur
Opið
mán - fös 10-18,
laugardaga 10-16
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518


## Jóladagatal á táknmáli

Í desember býður barnaþjónusta Landsbankans upp á jóladagatal á vefnum sproti.is en dagatalið er einnig túlkað á táknmáli.

Sprotarnir eru talsmenn barnaþjónustu Landsbankans og ævintýraheim þeirra er að finna á vefnum sproti.is. Í dag hefst jóladagatal Sprotanna, framhaldssaga um ævintýri þeirra, og í ár eru ævintýrin einnig túlkuð á táknmáli. Tilefnið er fimmtíu ára afmæli Félags heyrnarlausra.

Jóladagatalsævintýrið heitir Leyndarmál Destu prinsessu. Saga og lagatextar eru eftir Felix Bergsson en Kári Gunnarsson sá um myndskreytingar. Lagahöfundur er Jón Ólafsson. *- jma*



Ævintýradagatal fyrir heyrandi og heyrnarlausa er að finna á sproti.is.


FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið það sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

**Félagar úr Vatnavinum** verða með fyrirlestur í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi annað kvöld klukkan 20. Þar kynna þeir verkefnið Heilsulandið Ísland. Verkefnið stuðlar að fjölbreyttri og sjálfbærri uppbyggingu og atvinnusköpun á landsvísu og eflingu heilsutengdrar ferðaþjónustu.



# Sagan er á hverju strái

**Átta sögukort sem ná yfir allt landið eru komin út og fást bæði stök og öll saman í öskju. Rögnvaldur Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjá Rannsóknum og ráðgjöf, stendur á bak við þau.**

„Þetta er búið að vera skemmtilegt verkefni þótt mikil þolinmæðisvinna sé á bak við það," segir Rögnvaldur Guðmundsson hjá Rannsóknum og ráðgjöf um sögukortin af Íslandi, fyrsta efnið sem fyrirtækið gefur út í eigin nafni. Þau eru skreytt teikningum eftir Ingólf Björgvinsson á framhliðinni en ljósmyndir og texti um athyglisverða staði og náttúrufyrirbæri eru á bakhlið.

Dalirnir eru sögusvið Laxdælu og æskuslóðir Rögnvaldar. Hann er menntaður í sagnfræði og íslensku við Háskóla Íslands, var ferðamálafulltrúi í Hafnarfirði á sínum tíma og stýrði meðal annars fyrstu víkingahátíðunum á Víðistaðatúninu. Síðar lærði hann ferðamálafræði í Noregi. „Þessi bakgrunnur fléttast ágætlega saman í kortavinnunni," upplýsir hann.

Rögnvaldur segir Ingólf Björgvinsson teiknara sína hægri hönd við kortagerðina. „Ingólfur byrjaði að teikna fyrir mig álfa og víkinga þegar ég vann hjá Hafnarfjarðarbæ. Samstarfið hefur undið upp á sig og alls eru 250 teikningar eftir hann á nýju kortunum."



Rögnvaldur við einn af sögustöðum Reykjavíkur, Þvottalaugarnar í Laugardalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Að minnsta kosti tvær hringferðir um Ísland liggja að baki kortunum hjá Rögnvaldi. Hann kveðst hafa átt fundi með um hundrað sögufróðum einstaklingum um allt land sem gáfu honum hugmyndir um merkisstaði á þeirra svæði. „Ég reyni að hafa textann á kortunum aðgengilegan fyrir börn og fullorðna og leitaði víða fanga og fékk gott fólk til liðs við mig. Ég vona að kortin reynist ákjósanlegir ferðafélagar um landið og hef hugsað efni þeirra þannig að það nýtist líka í skólum," segir Rögnvaldur, sem kveðst hafa notið stuðnings sveitarfélaga og fleiri aðila.



Nátttröllin sem ætluðu að skilja Vestfirði frá meginlandinu með því að grafa sund stystu leið á milli Breiðafjarðar og Húnaflóa.



Kortin hafa fræðslu- og skemmtigildi.

Spurningu um hvort skemmtilegra hafi verið að vinna að einu korti en öðru svarar Rögnvaldur svo: „Þau voru öll skemmtileg en eitt svæði á landinu sem maður brunar oft hratt í gegnum er Norðurland vestra. Þar er samt svo margt að fræðast um að við vorum í mestu vandræðum með að koma öllu fyrir á kortinu."

*gun@frettabladid.is*

CNN telur að Reykjavík sé einn af tíu bestu stöðum í heiminum til að verja jólunum á. Nefndar eru nokkrar ástæður, til dæmis jólasveinarnir þrettán, jólaþorpið í Hafnarfirði og langur aðdragandi jólanna þar sem fólk byrjar að fara á jólahlaðborð í nóvember. Að lokum er bent á hina miklu flugeldasýningu á gamlárskvöldi.



ferdamalastofa.is


**KAUPMANNAHÖFN - LA VILLA**
Guesthouse á besta stað í bænum.Stúdíóíbúðir og herbergi. Geymið auglýsinguna.










Við kynnumst stórkostlegri náttúru, fjölbreyttu dýralífi og hinum forna menningarheim Maya indíana af eigin reynslu.

Skoðum m.a. hin heimsþekkta piramida Chichén Itza, gamlar menningaborgir, syndum í sjónum við næst stærsta kóralrif heims og upplifum regnskóginn.

Verð 329.000 kr.
miðað við tvo í herbergi
Innifalið: Flug, hótel, allar ferðir, skattar og íslenskur fararstjóri.

Náttúra, menning og dýralíf sem eiga varla sinn líkan, ævintýraleg upplifun í einstöku umhverfi. Eyjan sem Sinbað sæfari og Marco Polo heimsóttu á ferðum sínum.

Við kynnumst framandi en heillandi heimi sem tekur á móti ferðalöngum með opnum örmum.

Verð 344.960 kr.
miðað við tvo í herbergi
Innifalið: Hálft fæði, flug, hótel, skattar, íslenskur fararstjóri og allar ferðir m.a. Safarí ferð um Yala þjóðgarðinn.

Trans - Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is



Stórkostlegur skrautkertamarkaður. Yfir 200 tegundir ótrúlega fallegra kerta sem þú hefur aldrei séð áður á Íslandi. Sjón er sögu ríkari. Partýbúðin, Faxafeni 11, Opið alla daga..

# KEYPT & SELT

## Til sölu







Ljósakrossar á leiði til sölu 12v-24v-32v og Rafhlöðukrossar. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206.




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.

Til sölu CanonEOS450D með linsu 18-55mm.Upplýsingar í S:7735622 á milli Kl12-17 Verð:100þ.

Jólatréspökkunarhólkur til sölu. Einnig til net. Uppl.í s: 866-0471.

Ísskápar, þvottavélar, þurrkarar, eldavélar, uppþvottavél, borðtölva, sjónvörp, stólar, video, rúm, gerfi jólatré, rafmagnsofn, borð, rafmagnsrúm m. nuddi, örbylgjuofn, spennubreytar, bílavarahlutir, dekk, bílageislaspilari. Sófi og veitingahúsauppþvottavél. S. 896 8568.

**ÞVOTTAVÉLAR**
Til sölu notaðar þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 12:00 - 17:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is**
**í s. 699 8000 eða komið í**
**Pósthússtræti 13**
**( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til sölu







## Verslun










## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSK~~Sími: 5520110 www.pon.is~~

# HEILSA

## Heilsuvörur

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

perfekt whole body massage 693 7597.

## Námskeið




# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Labrador Retriever hreinræktaðir, ættb. færðir HRFÍ. Sprautaðir, tilb. til afh. S. 695 9597 / 482 4010 eftir kl 17.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska




**Í jólapakkann.**
Úlpur frá kr. 19.900
Hestar og menn
Ögurhvarfi 1, 203 Kópav.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leigumiðlun-Leigumiðlun**
Vegna mikillar eftirspurnar vantar allar tegundir húsnæða á skrá á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Við erum sanngjörn og skilvirk. Leigumiðlun.com - Lögfræðistofa, Hamraborg 1, 200 Kópavogi Sími 445 3500 leigumidlun@leigumidlun.com

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**3ja herb. í Hafnarfirði.**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþvottavél, gardínur og öll ljós. Stæði í bílkjallara. Dýrahald ekki leyft.**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 772 7553**



**Skrifstofuhúsnæði Tangarhöfða 7 250 fermetrar**
Mjög glæsilegt skrifstofuhúsnæði á góðum stað. Efri hæð 250 m2 og möguleiki á 100-200 m2 lagerhúsnæði á neðri hæð. Næg bílastæði. 750 kr per m2. Fyrstu 6 mánuðir leigulausir. sími 893 5500

4.herb íbuð til leigu á góðum stað á svæði 108. er laus strax. S. 898 8690

Til leigu 3 herb. m/ húsgögnum. Í Álftamýri v/ Kringluna. Laus frá 15. jan. V. 130þ. Uppl. í S. 662 6958

Til leigu herb. við Laufásveg. Sameiginlegur aðg. að þvottah. og eldhúsi. Leiga 32 þús. S. 552 5137 & 865 5544.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu er 3.herb íbúð, gluggalítil, við Fellsás í Mosfellsbæ. Uppl. í s. 897 9815.

## Húsnæði óskast

Reyklaus og reglusöm kona óskar eftir 4. herb. íbúð til leigu í Hfj. Langtímaleiga. S. 774 2501.

Óska eftir 3-4ja herb. íbúð í Norðlingaholti til leigu sem fyrst. Uppl. í síma 864 9209.

25 og 22.ára systur með eitt 4.ára barn óska eftir helst 4.herb íbúð í Rvk. Eigi síðar en 1.jan má vera fyrr. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Guðrún S. 847 3558 & Heiðdís S. 690 8436

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 464 fm iðnaðar og lagerhúsnæði á jarðhæð með góðri innkeyrsluhurð að stangarhyl 7 Lofthæð c.a. 4m Uppl. Í síma 849-9987

Til leigu c.a 250 fm skrifstofuhúsnæði á 1 hæð að stangarhyl 7. Uppl. Í síma 849-9987

Til leigu 407 fm iðnaðar og lagerhúsnæði í kjallara, innkeyrsluhurð með aðgengi niður ramp að vagnhöfða 7 Lofthæð c.a. 3m Uppl. Í síma 849-9987

Til leigu 305 fm gott iðnaðar og lagerhúsnæði á 1 hæð með góðri ca 3.5metra innkeyrsluhurð að Lyngás 12 Garðabæ Uppl. Í síma 849-9987

Skrifstofuherbergi til leigu á Ártúnshöfða. Sími 861-8011

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting




# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



kostnað af því að Seðlabankinn fer á hausinn og svo þurfti að leggja einhverja 160 milljarða inn í bankana. Það komst reyndar betur frá hruni þeirra en menn áttu von á, en skaði Seðlabankans var náttúrlega meiri en upphaflega var áætlað.“

### ICESAVE OG HÖFT AUKA Á ÓVISSUNA

Þá bendir Yngvi á að eftir eigi að taka inn í dæmið einhverja milljarða sem kosti að endurreisa sparisjóði, auk þess sem ríkið sé enn að verða fyrir tjóni vegna smærri fjármálafyrirtækja sem fengið höfðu ódýr lán. „Svo er náttúrlega tjón í Sjóvá af því að Askar og Avant eru komin í nauðasamninga.“ Að auki segir Yngvi tvær hliðar á úrlausn mála tengdum skuldum heimilanna.

„Annars vegar Íbúðalánasjóður sem er tæknilega gjaldþrota og þarf væntanlega meira eigið fé frá ríkinu. Til er mat á þeirri fjárhæð en við þá tölu bætast út af þeim almennu aðgerðum sem menn hafa verið að ræða undanfarnar vikur. Svo gæti ríkið orðið fyrir óbeinu tjóni út af því. Ef um væri að ræða einhverjar eftirgjafir á íbúðalánum, þá gæti það til dæmis lækkað virði Landsbankans sem ríkið á stærstan hluta af og kallað á meiri framlegð inn í sparisjóði sem ekki enn hafa verið endurreistir. Allt þarf þetta að setjast til að skapist sannfæring um að ekki sé meira að falla á ríkið. Í þriðja lagi þarf svo að skapast trú á að ríkið ráði við að greiða niður sínar skuldir og komist út úr því skuldafeni sem það er í núna.“

Enn einn óvissuþátturinn segir Yngvi svo að sé Icesave og hversu mikill kostnaður lendi þar á ríkissjóði. Þar ofan á bætist svo óvissa sem gjaldeyrishöft hafi í för með sér og ótti um að afnám þeirra valdi óstöðugleika og jafnvel erfiðleikum í fjármálakerfinu. „Allir þessir þættir eru lykilatriði, svo eru viðbótarskilyrði á borð stöðugleika í efnahagsmálum og hagvöxtur, sem uppfylla þarf áður en lánshæfismatið getur hækkað.“

## LÁNSHÆFISEINKUNN RÍKISSJÓÐS TIL LENGRI TÍMA FRÁ ÁRINU 2001

Lánshæfismatsfyrirtæki hafa verið gagnrýnd fyrir að bregðast of seint við breyttum aðstæðum í efnahagslífi þjóða og aðstæðum útgefenda skuldabréfa og breyta lánshæfismatseinkunn þeirra. Hér að ofan er búið að laga einkunnir þriggja lánshæfismatsfyrirtækja að einkunnagjöf þeirri sem Standard & Poor's styðst við. Línuritið er unnið upp úr gögnum frá Seðlabanka Íslands.




### LÁNSKJÖR RÁÐAST AF EINKUNN RÍKISINS

Um leið segir Yngvi miklu skipta að ríkissjóður fá hærri einkunn hjá lánshæfismatsfyrirtækjunum. „Ekkert fyrirtæki í neinu landi getur fengið betra lánshæfismat en landið sjálft,“ segir hann að sé ein af þeim þumalputtareglum sem lánshæfismatsfyrirtækin vinni eftir. Þessi regla fyrirtækjanna (*sovereign credit ceiling*) sé umdeilanleg fyrir alþjóðleg fyrirtæki, en um leið ljóst að staðan hafi mjög slæm áhrif á lántökur fyrirtækja. „Lánshæfismatið hefur í raun áhrif á tvo þætti. Oft er einblínt svolítið á áhrif þess á vaxtakjör, en það hefur ekki síður áhrif á aðganginn að lánsfjármögnun, fjárhæðirnar sem gæti verið um að ræða.“ Yngvi segir flestir fjárfesta sem nota lánshæfismöt í eignastýringu sinni starfa þannig að þær upphæðir sem kaupa má fyrir hjá hverjum útgefanda skuldabréfa verði lægri eftir því sem lánshæfi þeirra er lakara. „Þeir eru kannski til í að taka áhættu á útgefendur með einkunnina BBB, en þá vilja þeir hafa hana mjög litla og dreifða,“ segir hann. Þannig hafi lánshæfismatið bæði áhrif á lánskjörin og þær upphæðir sem hægt er að taka að láni. „Kvóti lands sem er með lánshæfismat á borð við okkar verður ekki mjög stór.“

**„Það er ekkert sérstaklega merkilegt í þessum bransa að vera vitur eftir á.“**

Yngvi segir ljóst að staðan eins og hún er nú hefti landið mjög í allri stóriðjuuppbyggingu og hefti öll útflutningsfyrirtæki sem annars væru að hugsa um fjárfestingar.

„Staðan er gríðarlega alvarlegt mál. Ég hef stundum lýst þessu, eins og hagfræðingar gera gjarnan þegar þeir skipta hlutum upp í langt og stutt, að efnahagssamdráttinn og að ná tökum á ríkisfjármálunum sé skammtímavandinn sem við glímum við, en langtímavandinn sé sá að þetta lánshæfismat sem við erum með núna geri okkur erfitt í fjölda ára að byggja upp og halda okkur á þeirri hagvaxtarbraut sem við vorum á. Erlent lánsfé, sem er nauðsynlegt í þessi stóru verkefni sem við höfum verið í, er nú á kjörum sem gerir öll þessi verkefni óarðbær,“ segir hann og bendir á að nú sé 2,5 til 4,0 prósentustiga vaxtaálag á lánsfé, þar sem hafi kannski verið 0,10 prósenta álag áður.

„Þetta er alvarlegasta málið til lengri tíma,“ segir Yngvi Örn og bendir á að sagan sýni að lánshæfismatsfyrirtækin séu ekki bara sein til þegar kemur að því að lækka lánshæfismat. „Þau eru allt of sein upp líka.“

## HVAÐ ÞÝÐIR EINKUNNIN?

Hér fer á eftir skýring á því hvað lesa má út úr hverri einkunn sem langtímalánshæfi ríkissjóðs fær.

| Moody's | S&P og Fitch | Skýring |
|---|---|---|
| *Fjárhagseinkunnir* | | |
| Aaa | AAA | Hæsta einkunn og lágmarksáhætta |
| Aa | AA | Há einkunn og lítil áhætta |
| A | A | Einkunn í góðu meðallagi og tiltölulega lítil áhætta |
| Baa | BBB | Miðlungseinkunn og viðunandi áhætta |
| *Spákaupmennskueinkunnir* | | |
| Ba | BB | Greiðslur líklegar en óvissar |
| B | B | Greiðslugeta en hætta á vanskilum í framtíðinni |
| Caa | CCC | Léleg greiðslugeta og augljós hætta á vanskilum |
| Ca | CC | Mjög vafasöm greiðslugeta. Oft í vanskilum |
| C | C | Lægsta einkunn. Einkar slæmar horfur um endurgreiðslu |
| - | D | Í vanskilum |

*Heimild: Seðlabanki Íslands. Á vef bankans kemur fram að tölustöfunum 1,2 og 3 sé stundum bætt við lánshæfiseinkunn Moody's frá Aa-Caa. 1 merkir þá að einkunnin sé í hæsta flokki innan einkunnarstigsins, 2 merki í meðallagi og 3 merkir að einkunnin sé í lægsta flokki innan einkunnarstigsins. Þá sé „+“ eða „-“ stundum bætt við einkunnir S&P og Fitch á einkunnir frá AA-CCC. „+“ merkir þá að einkunnin sé í hæsta flokki innan einkunnarstigsins og „-“ merkir að einkunnin sé í lægsta flokki innan stigsins.*

# Einkunnirnar aldrei verið lægri

Lengst af hafa þrjú matsfyrirtæki metið lánshæfi ríkissjóðs Íslands, en það eru fyrirtækin Moody's Investors Service, Fitch Ratings og Standard & Poor's.

Samskipti matsfyrirtækjanna og ríkissjóðs hófust árið 1986 þegar Standard & Poor's ákvað að raða nokkrum fjölda landa, sem þá höfðu ekki formlega einkunn, í flokka sem gáfu til kynna lánshæfi þeirra. „Ísland lenti í næstefsta flokki, en lönd í þeim flokki voru þá talin hafa trausta getu til að inna af hendi greiðslu af opinberum erlendum langtímalánum,“ segir í umfjöllun á vef Seðlabanka Íslands.

Árið 1988 gerði Standard & Poor's svo breytingu á þessu óumbeðna mati og hóf að veita hefðbundna bókstafseinkunn. „Í þeim tilvikum sem fyrirtækið mat lánshæfi landanna að eigin frumkvæði, en ekki að frumkvæði landanna sjálfra, var einkunnin auðkennd með bókstafnum „i“. Um miðjan mars árið 1989 tilkynnti fyrirtækið, að það gæfi ríkissjóði Íslands langtímaeinkunnina „Ai“ og skammtímaeinkunnina „A-1“. Moody's fylgdi svo í kjölfarið árið 1989 og veitti ríkissjóði óumbeðna einkunn A2 en sú einkunn var hins vegar ekki auðkennd sérstaklega eins og hjá S&P.“

Fram kemur á vef Seðlabankans að formleg lánshæfissaga ríkissjóðs hafi hafist þegar íslenska ríkið óskaði eftir einkunn fyrir skammtímaskuldbindingar fyrir víxla ríkissjóðs, sem gefnir voru út í London, frá S&P árið 1989 og síðar frá Moody's árið 1990. „Í tengslum við undirbúning ríkissjóðs á fyrstu opinberu útgáfu skuldabréfa á Bandaríkjamarkaði árið 1994 voru Moody's og S&P formlega beðin um að meta lánshæfi ríkissjóðs Íslands fyrir langtímaskuldbindingar. Í kjölfarið veitti S&P einkunnina A fyrir langtímaskuldbindingar í janúar 1994 og í sama mánuði tilkynnti Moody's að einkunnin yrði A2. Þar með staðfestu matsfyrirtækin fyrri óformlegar einkunnir ríkissjóðs.“

Í febrúar 2000 bættist svo matsfyrirtækið Fitch í hópinn og veitti ríkissjóði einkunnina AA- fyrir erlendar langtímaskuldbindingar og F1+ fyrir skammtímaskuldbindingar í innlendri mynt. „Einn mikilvægasti áfanginn í bættu lánshæfismati Ríkissjóðs Íslands náðist í október 2002 þegar Moody's hækkaði matið á langtímaskuldbindingum í erlendri mynt í Aaa, sem er jafnframt hæsta mögulega einkunn sem Moody's veitir. Þessi hækkun átti sér meðal annars stað í tengslum við breytta aðferðafræði fyrirtækisins sem fólst í því að meta að jöfnu greiðslugetu í erlendri og innlendri mynt. Stuttu eftir þetta staðfesti



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Formleg lánshæfissaga ríkissjóðs hófst árið 1989 þegar ríkið óskaði eftir einkunn á víxla ríkissjóðs. MARKAÐURINN/ARNÞÓR

S&P A+ einkunn ríkissjóðs en breytti horfunum úr neikvæðum í stöðugar í nóvember 2002. Ríkissjóður Íslands hélt hæstu einkunn Moody's þar til í maí 2008, þegar lánshæfiseinkunnin var lækkuð í Aa1.“

Í kjölfar hruns bankanna í október 2008 lækkaði lánshæfismat ríkissjóðs talsvert og hafa lánshæfiseinkunnirnar, að sögn Seðlabankans, ekki verið lægri síðan matsfyrirtækin hófu að meta ríkissjóð.

# Harðir diskar heyra senn sögunni til



Hefðbundnir harðir diskar í tölvum munu senn heyra sögunni til og svokölluð SSD-drif taka við.

Venjulegir harðir diskar eru með snúningsdiska sem upplýsingar eru lesnar af. SSD-drif eru líkari minniskubbum. Þau eru hraðvirkari, þola meira hnjask og nota minni orku. Drifin hafa fram til þessa aðallega verið í myndavélum, farsímum og öðrum smátækjum auk dýrri fartölva á borð við Mac Air frá Apple.

Það sem tafið hefur fyrir yfirtöku SSD-drifanna er kostnaðurinn, en þau hafa fram til þessa verið talsvert dýrari en hefðbundin drif.

Tæknirisar heimsins hafa upp á síðkastið sett í fimmta gír og keyrt kostnað við framleiðslu á drifunum niður. Í netútgáfu PC Magazine nýverið var bent á að 80 GB 2,5 tommu SATA SSD-drifið frá Intel kostaði 199 dali, jafnvirði tæpra 23 þúsund króna (í kringum 40 þúsund krónur hingað komin). Til samanburðar kostar hefðbundinn 3,5 tommu innvær harður diskur frá WD í kringum níu þúsund krónur í verslunum hér. - jab



**ÁSTKONAN** Málverk Picasso af Marie-Thérèse Walter frá 1937 er dýrasti listmunur í heimi. MARKAÐURINN/AFP

# Asískir fjárfestar kaupi evrópska list

## Uppboðshaldarar vinna að því að heilla milljarðamæringa í Kína. Hong Kong er heitasti markaðurinn.

Uppboðsmarkaður með listaverk í Hong Kong er orðinn sá þriðji umfangsmesti á eftir New York og London, samkvæmt erlendum fjölmiðlum. Sotheby's hefur upp á síðkastið sýnt verk eftir Picasso, Renoir, Chagall, Degas og Monet sem bjóða á upp á næstunni. Vonast er til að verkin fari á allt frá tveimur til 25 milljóna dala, allt upp í tæpa þrjá milljarða króna.

Takashi Seki, forseti Est-Ouest Auctions í Japan, segir í samtali við kínverska dagblaðið Morning Post tilgang uppboðanna að kynna evrópskan listheim fyrir kínverskum fjárfestum, sem hafi fjölgað á sama tíma og kreppan brenndi gat í buddur margra í hinum vestræna heimi. Kínverskir fjárfestar hafa fram til þessa einkum keypt listmuni frá öðrum Asíuríkjum, svo sem skartgripi, úr, vín og keramikmuni. Fjárfestarnir hafa heimsótt uppboðshúsin og keypt verk í héraði.

Bloomberg-fréttaveitan hafði í síðustu viku eftir sérfræðingum hjá uppboðshúsum Christie's og Sotheby's að áhuginn í austri hefði komið á skemmtilega óvart. - jab

### PICASSO Á HEIMSINS DÝRASTA VERK

Verkið Nakin kona, græn lauf og brjóstmynd (fr. Nu au Plateau de Sculpteur) sem spænski málarinn Pablo Picasso málaði af ástkonu sinni Marie-Thérèse Walter árið 1932 seldist fyrir metfé hjá Christie's í New York í maí. Það fór á 106,5 milljónir dala, jafnvirði um 12,5 milljarða króna. Bloomberg-fréttaveitan hefur eftir Ken Yeh, framkvæmdastjóra Christie's í Asíu, að eldri verk meistarans muni vafalítið heilla kínverska fjárfesta.

„Listaferill Picasso skiptist í mörg tímabil en flestir eru þó sammála um að bestu verk hans hafi hann gert á milli 1901 og 1940," segir Stefán Dagur Mayen Briem, sérfræðingur hjá Listasafni Íslands. Hann bendir á að Nakin kona, græn lauf og brjóstmynd sé merkilegt fyrir þær sakir að þar hafi listamaðurinn farið frá kúbisma yfir í súrrealisma. Í verkinu megi sjá áhrif beggja stefna. Þekktasta verk Picasso er málverkið Guernica frá 1937. Það hangir uppi á vegg listasafnsins Museo Reina Sofia í Madríd á Spáni ásamt verkum landa hans, Salvador Dalí.

# Jólagjafir með hagtölugleraugum

## Lopapeysa er jólagjöf ársins, að mati Rannsóknarseturs verslunarinnar. Gjafirnar hafa farið úr því að vera rándýr GPS-tæki í jákvæða upplifun.

Jólagjafahugmyndir Rannsóknarseturs verslunarinnar á Bifröst hafa í gegnum tíðina elt hagsveiflur. Jólagjöfin í ár er íslensk lopapeysa, sem er í takt við hrun efnahagslífsins, fall bankanna, hrun krónunnar og samdrátt kaupmáttar, en allt þetta hefur valdið því að neytendur leita síður út fyrir landsteinana eftir gjöfum.

Rannsóknarsetrið gengur út frá ýmsum grundvallaratriðum við val sitt á jólagjöfum ársins. Jólin 2005 var lófaspilari talinn líklegur til að leynast í gjöfum einhverra. Gengið var út frá því að það varan væri nýjung í einum eða öðrum skilningi, fulltrúi tíðarandans og stæði undir mikilli veltu, það er annaðhvort með metsölutækjum ársins eða mjög verðmæt. Þekktasti lófaspilarinn er vafalítið iPod-spilarinn frá Apple, sem hefur tekið stórstígum breytingum síðastliðin fimm ár.




Valið endurspeglaði tíðarandann það árið: Hagvöxtur mældist 5,5 prósent, dregið hafði úr atvinnuleysi og var þá 2,5 prósent samanborið við 3,1 prósent árið á undan. Þá stóð gengisvísitala krónunnar í rétt rúmum 106 stigum á Þorláksmessu. Til samanburðar kostaði einn Bandaríkjadalur þá 69,7 krónur og ein evra 63,6 krónur. iPod Nano, 2 GB, kostaði í þá tíð 19.900 krónur út úr búð, sem var þrjú hundruð krónum meira en búist var við að hvert mannsbarn myndi eyða vegna jólahaldsins.

Gjafirnar stækkuðu og urðu dýrari í takt við uppsveiflu hagkerfisins. Hápunktinum var náð um jólin 2007 þegar gjöf ársins var staðsetningartæki. Slíkt tæki kostaði þá kringum þrjátíu þúsund krónur, en gat verið langtum dýrara. Allt fór það eftir stærð, gerð og þeim möguleikum sem tækin buðu upp á.

GPS-tækið í jólapökkum landsmanna kom hins vegar ekki í veg fyrir að hagkerfið endaði úti í móa.

Eftir fall krónunnar hafa jólagjafirnar einkennst öðru fremur af innlendum varningi, íslenskri hönnun og jákvæðri upplifun. Ósagt skal látið hvort um ódýrari jólagjafir er að ræða en leynst hafa í pökkum landsmanna í gegnum tíðina. Möguleikarnir eru hins vegar mun fleiri en áður.

Þetta árið getur jólagjöfin hlaupið frá þrjú þúsund krónum til allt að 25 þúsunda. Lopi og annað sem þarf til í lopapeysugerðina getur kostað í kringum þrjú þúsund krónur og er þá vinnan ótalin. Hefðbundnar tilbúnar lopapeysur úr búð kosta allt frá þrettán þúsund krónum upp í tuttugu og fimm þúsund krónur fyrir þær sem teljast til tískuvara. - jab

### JÓLAGJÖFIN OG HAGTÖLUR SÍÐASTLIÐIN FIMM ÁR

| ÁR | Hagvöxtur | Gengisvísitalan**** | Meðaleyðslan (kr.) | Kaupmáttur launa* | Spá um vöxt milli ára*** | Jólagjöfin |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2005 | 5,5% | 106 | 19.607 | 10,8% | 2,6% | Lófaspilari |
| 2006 | 2,6% | 125,7 | 26.600 | 9,0% | 2,6% | Safapressa |
| 2007 | 3,8% | 121,4 | 45.500 | 9,4% | 3,8% | GPS staðsetningartæki |
| 2008 | 2,5% | 221,8 | 38.600 | -7,5% | -3,7% | Íslensk hönnun |
| 2009 | -6,8% | 236,3 | 42.000 | 8,0% | -7,3% | Jákvæð upplifun |
| 2010 | -3,0%** | 205,2***** | 39.500 | 4,0% | - | Íslensk lopapeysa |

* Heimild: Hagstofa Íslands. Meðaltal ársins. ** Skv. spá Hagstofunnar. *** Spá Rannsóknarseturs verslunarinnar.

**** sem næst Þorláksmessu ár hvert. ***** Í enda nóvember 2010




# Áramótaannáll Markaðarins
## - uppgjör á árinu 2010 í viðskiptalífinu

HVAÐ STENDUR UPP ÚR Í VIÐSKIPTALÍFINU Á ÁRINU SEM ER SENN LIÐIÐ?
HVERNIG TÓKST FYRIRTÆKJUNUM AÐ VINNA SIG ÚT ÚR ERFIÐLEIKUNUM?
HVERNIG ER ALÞJÓÐLEGA UMHVERFIÐ? HVAÐ ER FRAMUNDAN Á NÝJU ÁRI?

MARKAÐURINN RÆÐIR VIÐ FJÖLDA FÓLKS Í VIÐSKIPTALÍFINU.
DÓMNEFND MARKAÐARINS VELUR BESTU OG VERSTU VIÐSKIPTI ÁRSINS OG MENN VIÐSKIPTALÍFSINS ÁRIÐ 2010.

ÁRAMÓTAANNÁLL MARKAÐARINS KEMUR ÚT MIÐVIKUDAGINN 29. DESEMBER.

Nánari upplýsingar varðandi auglýsingar veitir:
Örn Geirsson,
sími: 512 5448,
netfang: orn@365.is






# Leiðandi í netmarkaðsmálum

Íslenska netmarkaðsfyrirtækið Nordic Emarketing hefur skapað sér nafn víða um heim undanfarin ár þar sem það hefur verið leiðandi í markaðssetningu á vefnum.

Kristján Már Hauksson, eigandi fyrirtækisins, hefur staðið lengi í þessum bransa, eða frá árinu 1997, en segir í samtali við Markaðinn að nánast óendanlegir möguleikar séu fyrir hendi.

Nordic Emarketing sérhæfir sig í að hjálpa fyrirtækjum um allan heim að koma sínum boðskap áleiðis til neytenda með markvissum hætti, þar á meðal með leitarvélabestun, þ.e. því að verða sem sýnilegust á leitarvélum.

„Það sem við sérhæfum okkur í er að hjálpa fólki við að marka sér heildstæða stefnu í markaðssetningu yfir netið og leitarvélabestun er bara hluti af því. Fyrir utan leitarvélar einbeitum við okkur að félagsmiðlunum, borðaauglýsingum, umfjöllunum á fagbloggum og þar fram eftir götunum.“

Fyrirtækið hefur að undanförnu starfað með nokkrum af stærstu vörumerkjum heims, svo sem Puma, Siemens og Tesco-verslunarrisanum, og Kristján segir smæð Íslands og áherslu á erlend samskipti hjálpa mikið í þessum efnum.

„Okkar stærsti kúnnahópur er ekkert endilega fólk sem talar ensku, heldur eru erum við með sérþekkingu á margtyngdum mörkuðum, annað en breskir aðilar, til dæmis, sem hafa bara verið að horfa inn á við. Þegar þarlendir aðilar ætla svo að snúa sér að erlendum mörkuðum eru markaðsfyrirtækin í þeirra landi ekki eins fær og þess vegna koma viðskiptavinir til okkar og við erum að ná gríðarlega góðum árangri.“

Ekki er hörgull á tækifærum í markaðsmálum á netinu og Nordic Emarketing hefur nóg að gera í spennandi bransa.




**KRISTJÁN MÁR HAUKSSON** Eigandi Nordic Emarketing.
MARKAÐURINN/ANTON



**SJÁVARAFURÐIR** Nema rétt tæpum fjörutíu prósentum alls útflutnings það sem af er árinu.

## Vöruskipti hagstæð um 100 milljarða

Vörur voru fluttar út fyrir 462,7 milljarða króna fyrstu tíu mánuði þessa árs en flutt var inn fyrir 364,2 milljarða króna. Afgangur var því á vöruskiptunum við útlönd sem nam 98,5 milljörðum en á sama tíma árið áður voru þau hagstæð um 74,0 milljarða á sama gengi. Vöruskiptajöfnuðurinn var því 24,5 milljörðum króna hagstæðari en á sama tíma árið áður.

Þetta kemur fram á vefsíðu Hagstofunnar. Þar segir að í október hafi verið fluttar út vörur fyrir 47 milljarða króna og inn fyrir 36,9 milljarða króna. Vöruskiptin í október voru því hagstæð um 10,1 milljarð króna. Í október 2009 voru vöruskiptin hagstæð um tæpa 10,5 milljarða króna á sama gengi[1].

Sjávarafurðir voru 39,7 prósent alls útflutnings og var verðmæti þeirra 7,7 prósentum meira en á sama tíma árið áður. Útfluttar iðnaðarvörur voru 55,4 prósent alls útflutnings og var verðmæti þeirra 34,2 prósentum meira en á sama tíma árið áður.

## Aflaverðmæti eykst

Aflaverðmæti íslenskra skipa nam tæpum 91 milljarði króna á fyrstu átta mánuðum ársins 2010 samanborið við tæpa 77 milljarða á sama tímabili 2009. Aflaverðmæti hefur því aukist um 14 milljarða eða 18,2 prósent á milli ára. Þetta kemur fram á vefsíðu Hagstofunnar.

Verðmæti afla sem seldur er í beinni sölu útgerða til vinnslu innanlands nam 36 milljörðum króna og jókst um 23 prósent frá árinu 2009. Aflaverðmæti sjófrystingar var tæpir 33,3 milljarðar, sem er 26,7 prósenta aukning milli ára. Verðmæti afla sem keyptur er á markaði til vinnslu innanlands jókst um 39,6 prósent milli ára og var um 13,4 milljarðar.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Eignastýring í fremstu röð

## Alhliða þjónusta við sparifjáreigendur og fagfjárfesta

**Hundruð milljarða í stýringu**
Eignastýring Íslandsbanka er leiðandi á íslenskum markaði með hundruð milljarða króna í eignastýringu og vörslu fyrir tugi þúsunda viðskiptavina, allt frá einstaklingum til fagfjárfesta.

**Einkabankaþjónusta**
Viðskiptavinum með mikil umsvif býðst einkabankaþjónusta með eigin viðskiptastjóra sem annast stjórn eignasafnsins og margvíslega ráðgjöf. Einkabankaþjónusta hentar kröfuhörðum viðskiptavinum sem vilja mikla alhliða þjónustu.

**Eigna- og lífeyrisþjónusta**
Þegar um er að ræða hefðbundna ávöxtun fjármuna, stakar fjárfestingar eða ráðstafanir vegna lífeyrissparnaðar annast sérfræðingar Eigna- og lífeyrisþjónustu Íslandsbanka ráðgjöf og þjónustu.

**Netbanki**
Fyrir þá sem kjósa að stýra safni sínu sjálfir veitir Netbankinn greiðan og hagkvæman aðgang að einu breiðasta sjóðaúrvali landsins. Þar eru allir sjóðir Íslandssjóða aðgengilegir.

**Hafðu samband í síma 440 4920 til að fá nánari upplýsingar eða til að mæla þér mót við ráðgjafa.**

Íslandsbanki (kt. 4910080160) er viðskiptabanki sem starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Alhliða fjármálaþjónusta




Sveigjanlegt þjónustustig




Eignastýring Íslandsbanka
eignastyring@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4920

Íslandsbanki

ÚR FORTÍÐINNI



MARKAÐURINN/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Sígild jólatónlist lifir alltaf góðu lífi

Tónlist hefur alla tíð verið stór hluti af jólahátíðinni hér á landi sem annars staðar þar sem sígildir slagarar lifa með fólki kynslóð fram af kynslóð.

Þessi mynd er tekin í miðri jólaösinni árið 1962 en á henni sýnir Guðrún Árnadóttir, afgreiðslustúlka í hljómplötudeild Fálkans, nokkrar helstu jólaplöturnar.

Myndin birtist á forsíðu Vísis með frétt um það hversu lítið var gefið út af íslenskum jólaplötum en aðeins ein slík kom út fyrir þau jól. Það var barnakór Barnaskóla Hafnarfjarðar sem söng tvö jólalög inn á plötu.

Þarna má sjá nokkrar af helstu perlum jólatónlistarinnar fluttar af goðsögnum eins og Ellu Fitzgerald og Frank Sinatra, en vinsælasta platan hefur eflaust verið jólaplata Elvis Presley, enda voru fáir vinsælli. - þj

# Vinna að bættri nýtingu fjármuna

Birtingahúsið fagnar nú um þessar mundir tíu ára afmæli sínu, en á þessum tíma hefur fyrirtækið unnið brautryðjendastarf í markaðsráðgjöf hér á landi.

Helstu verkefni Birtingahússins, að sögn Huga Sævarssonar framkvæmdastjóra, eru ráðgjöf til fyrirtækja um hvernig megi hagnýta sem best fé til auglýsingabirtinga.

Kveikjuna má hins vegar rekja til þess að hópur stærstu auglýsenda landsins kom saman í kjölfar hækkunar á auglýsingaverði Norðurljósa. Samtök auglýsenda voru endurvakin og samhliða því myndaðist áhugi á stofnun félags um faglega ráðgjöf um birtingastarfsemi.

„Hvatinn hjá okkur var líka að skilja á milli framleiðslu á auglýsingaefni og birtinga auglýsinga, að ráðgjöfin yrði óháð og gegnsæ.“

Hugi segir að markaðurinn hafi breyst nokkuð síðustu tíu ár. Hann sé þó áfram íhaldssamur að hluta en líka kvikur og því þurfi að fylgjast með straumum og stefnum og



**HUGI SÆVARSSON** Framkvæmdastjóri Birtingahússins. MARKAÐURINN/GVA

bregðast við. Í því sambandi má til að mynda nefna að auglýsingar færast nú í meira mæli út á veraldarvefinn þar sem helstu tækifærin liggja á sviði samfélagsvefja eins og Facebook og leitarvéla. „Við ætlum okkur að sækja en frekar á markaðinn en fyrst og síðast að styrkja okkar innviði og líka að brydda upp á nýjungum.“ - þj

# Gengistap setur strik í reikning Arion banka

Bankinn hagnaðist um 8,9 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins, þar af um fimm hundruð milljónir króna á þriðja ársfjórðungi.

Í uppgjöri bankans kemur fram að neikvæðra áhrifa hafi gætt vegna gengistaps og niðurfærslu lána vegna úrvinnslumála heimila og fyrirtækja. Gengistap nam 2,2 milljörðum króna.

Arðsemi Arion banka var 10,4 prósent á ársgrundvelli og var eiginfjárhlutfall hans 18,1 prósent, sem er 1,7 prósentustigum meira en í lok annars fjórðungs. - jab



**ARION BANKI** Fékk skell á þriðja fjórðungi ársins. MARKAÐURINN/PJETUR

UTAN DAGSKRÁR

# Voldugur á alla kanta

**Yfir Heiðina með Óla Kristjáni**



*Óli Kristján Ármannsson blaðamaður tekur til kostanna notaða bíla og metur hvort þeir fái staðið undir því að kallast forstjórabílar.*



**FORD EXPEDITION LIMITED** Á svona jeppa er maður fær í flestan sjó. Sunnudagsrúntur úr höfuðborginni austur að Urriðafossi yrði þó ekki nema til hátíðabrigða hjá fólki á meðallaunum miðað við eyðsluna. MARKAÐURINN/ÓKÁ

Fyrst þegar tekið er af stað á Ford Expedition Limited jeppanum er tilfinningin svolítið eins og maður hafi stigið upp í vörubíl. Stærðin á bílnum venst þó ótrúlega fljótt og er hann raunar furðulipur miðað við umfang.

Billinn er allur hinn þægilegasti í umgengni og í raun draumabíll, utan það eitt að hann eyðir alveg óhemjumagni af bensíni. Hafi maður nægilega djúpa vasa til að standa undir eyðslunni er maður hins vegar í góðum málum.

Bíllinn er hlaðinn aukabúnaði, sóllúga er rafdrifin, rafdrifin opnun á afturhlera, rafmagn í öftustu sætaröðinni, rafmagn í sætastillingum fram í, vel hannað aðgerðastýri svo engin hætta er á að maður reki sig í hnappa og skipti um útvarpsstöð við akstrinn, leður í sætum og þar fram eftir götunum. Þá er til hæginda að í sólskyggni ökumannsmegin eru hnappar sem forrita má með fjarstýringum bílskúrs- og hliðaopnara og því er óþarfi að þvælast með slíka gripi í bílnum.

Bíllinn er átta manna og rúmgóður mjög. Svo er líka hægt að leggja niður sæti þannig að jafnhátt hleðslupláss verður til inn eftir öllum bíl. Í honum er ljós leðurinnrétting og viðaráferð á mælaborði og stýri.

Tólf ára dóttir undirritaðs var reyndar svo hrifin af plássinu í bílnum að hún pantaði þegar svona eintak, um leið og fjölskyldan ynni í lottóinu. Kannski ekki skrítið enda bíllinn álíka stór að innan og herbergið hennar.

Jeppanum virðist treystandi í flestan akstur. Svo er hann líka með dráttarkúlu (sem smellt er á eftir hentugleikum) og ræður við flestallan drátt. Reyndar þarf kannski að kaupa sérstyrkta kúlu fyrir stærstu hestakerrurnar, en bíllinn sjálfur ræður vel við hvað sem er.

Vélin í bílnum er líka 5,4 lítrar, 300 hestöfl. Það eina sem þarf að hafa í huga er að spólvörn bílsins kann í einhverjum tilvikum að taka af ökumanni ráðin, svo sem þegar ekið er upp brekku í flughálku. En vilji maður sjálfur ráða því hvernig maður skilar aflinu óbeisluðu í dekkin smellir maður bara á hnapp í mælaborðinu og slekkur á spólvörninni.

Í hnotskurn (sem er hálfasnalegt að segja um svona stóran bíl) má kalla bílinn voldugan og þægilegan. Hann er enginn kappakstursbíll, en lætur ekki að sér hæða þegar hann er kominn á skrið. Svona stórum bílum fer þó betur virðulegri akstur og verður að segjast eins og er að hvaða forstjóri sem er gæti látið sér vel líka að aka um á honum. (Og forstjóri í smærra fyrirtæki gæti tekið allan vinnustaðinn með sér í bíltúr.) Undirritaður lét sér í það minnsta vel líka og gæti vel hugsað sér að eignast eitt stykki, svona ef horft er framhjá eyðslunni. Bíllinn lætur vel að stjórn og var mestanpart í afturhjóladrifinu í reynsluakstrinum. Í hálku og á malarvegum er þó líkast til öruggast að hafa hann í aldrifinu, svona til að tryggja að ökumaður hafi fulla stjórn á ökutækinu.

Í blönduðum prufuakstri þar sem trúlega reyndi meira á langkeyrsluna fram og til baka yfir Hellisheiðina fór bensíneyðsla bílsins rétt niður fyrir sautján lítra á hundraðið. Líkast til er hann í rúmum tuttugu lítrum innanbæjar, hversu mikið yfir fer svo eftir þyngd bensínfótar. Bíllinn lætur síðan vita þegar áttatíu kílómetrar eru eftir á tankinum og þarf þá að ýta á hnapp í mælaborði til að viðvörunin hverfi af upplýsingaskjá mælaborðsins. Hún dúkkar svo reglulega upp eftir því sem grynnkar á tankinum.

Á vegum úti má hins vegar draga úr loftmótstöðu með því að leggja rafdrifna hliðarspeglana upp að bílnum, en þeir eru nokkuð stórir. Ósagt skal látið hvort nota má þá sem loftbremsu, en um leið er vissara að leggja þá að hliðum þegar lagt er innan um aðra í stæði, svona til að forðast hnjask.

Ásett verð á bílinn er tæpar 6,3 milljónir króna. Þurfi maður á annað borð stóran bíl fær maður þarna mikið fyrir peningana, hvort sem horft er til stærðar hans, afls, notagildis eða þæginda.

**HELSTU STAÐREYNDIR**

| Ford Expedition Limited, 2008 | |
|---|---|
| Ásett verð: | 6.290.000 krónur |
| Ekinn: | 50.340 km |
| Lengd: | 523,2 cm |
| Breidd: | 200,6 cm |
| Litur: | Svartur |
| Sætafjöldi: | 8 |
| Þyngd: | 2.660 kg |
| Burðargeta: | 833 kg |
| Slagrými: | 5.400 cm3 |
| Afl: | 221,0 kW |
| Eldsneyti: | Bensín |

# Nissan Leaf er bíll ársins í Evrópu 2011

## Fyrsti rafmagnsbíllinn sem komst í úrslit vann.

Rafmagnsbíllinn Nissan Leaf hefur verið valinn bíll ársins í Evrópu 2011. Að valinu standa sjö evrópsk bílablöð frá jafnmörgum löndum.

Fram kemur á vef valsins að þetta séu nokkur tímamót því bíllinn er fyrsti rafmagnsbíllinn sem kemst í úrslit í valinu á bíl ársins og um leið sá fyrsti sinnar tegundar til að hljóta þennan eftirsótta titil.

Þetta er í annað sinn sem Nissan fær útnefninguna, en fyrir átján árum varð Nissan Micra fyrsti japanski bíllinn til að hljóta titilinn Bíll ársins í Evrópu.

„Þrátt fyrir skort á neti hleðslustöðva og takmörkuðu drægi er með Leaf veðjað á þróun í tækni og bílaviðskiptum sem annars gæti hugnast fjölda kaupenda, sérstaklega þar sem opinber hvatakerfi kunna að leiða til lækkunar á verði bílsins,“ segir í tilkynningu um úrslitin.



**NISSAN LEAF** Fyrir átján árum varð Nissan Micra Bíll ársins í Evrópu, fyrstur japanskra bíla. Leaf er fyrsti rafmagnsbíllinn til að hljóta titilinn. MYND/NISSAN MOTORS

Sjö bílar voru í úrslitum og var mjótt á mununum milli efstu sæta. Nissan Leaf fékk 257 stig en í öðru sæti varð Alfa Romeo Giulietta með 248 og Opel Meriva lenti í því þriðja með 244 stig.

Aðrir bílar sem komust í úrslit í valinu voru Dacia Duster frá Rúmeníu, Citroën C3/DS3, Ford C-Max/Grand C-Max og Volvo S60/V60.

Í dómnefnd áttu sæti 57 blaðamenn, frá 27 Evrópulöndum, sem sérhæfa sig í bílaumfjöllun. - óká

Marel semur um hagstæða endurfjármögnun á öllum skuldum sínum erlendis:

# Sparar sér 2,3 milljarða á ári

Marel samdi seint á fimmtudag við fimm alþjóðlega banka, auk Landsbankans, um endurfjármögnun á öllu lánasafni sínu næstu fimm árin. Þetta eru 350 milljónir evra, jafnvirði rúmra fimmtíu milljarða króna.

Meðalvaxtakjör miðast við millibankavexti auk 320 punkta vaxtaálags. Ráðgjafarfyrirtækið IFS Greining segir þetta viðunandi kjör. Gera má ráð fyrir að vaxtakostnaður Marels hafi verið 45 milljónir evra í fyrra og fari hann niður um 15 milljónir evra, jafnvirði 2,3 milljarða íslenskra króna, á ári. Þá er ótalinn hagnaður af samþættingu fyrirtækisins og annað hagræði í kjölfar fjármögnunar.

Þeir sem Fréttablaðið hefur rætt við segja þetta afar jákvæðar fréttir í skugga gjaldeyrishafta og stöðu efnahagsmála hér.

„Marel hefur aldrei staðið traustari fótum,“ segir Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels. Hann leggur áherslu á að um viðskiptabankalán sé að ræða keimlík þeim sem hafi verið í boði fyrir allt að áratug.

Árni bætir við að tvíhliða skráning Marels sé enn á dagskrá og sé fjármögnunin nú forsenda þess. Höfuðstöðvarnar verði eftir sem áður hér á landi. „Það hefur aldrei komið til umræðu að við flytjum höfuðstöðvarnar til útlanda,“ segir hann. - jab



**STJÓRNENDUR MARELS** Mikil gleði var í hópi Marel-manna í gær vegna fjármögnunar fyrirtækisins, sem gerir því kleift að endurfjármagna allar skuldir. Árni Oddur er lengst til vinstri á myndinni, við hlið Sigsteins P. Grétarssonar, forstjóra á Íslandi, og Eriks Kaman fjármálastjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**BRYNJÓLFUR** Eigendaskipti á Existu urðu til þess að forstjóri Skipta ákvað að stíga til hliðar. MARKAÐURINN/RÓBERT

## Brynjólfur kveður

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Skipta, sagði óvænt upp störfum í gær. Uppsögnina tilkynnti hann stjórn Skipta og nýrri stjórn Exista, móðurfélagi Skipta, í gær.

„Uppsögnin kom á óvart. Ekki var þrýst á hann,“ segir Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Exista. Ný stjórn tók við félaginu í nafni kröfuhafa fyrir mánuði. Helstu kröfuhafar Exista eru Arion banki, lífeyrissjóðir og tugir evrópskra banka.

Brynjólfur hafði í mörg ár unnið með þeim Ágústi og Lýð Guðmundssonum, fyrrum aðaleigendum Exista, og átti sjálfur frumkvæðið að uppsögninni. Haft er eftir honum í tilkynningu að ákvörðunin hafi verið tekin í kjölfar breytinga á eignarhaldi Existu.

Leit er ekki hafin að eftirmanni Brynjólfs og mun hann hafa orðið við ósk stjórnar Exista að stýra fyrirtækinu þar til ákvörðun verður tekin um framhaldið. - jab

## Ferðamenn skila tekjum

Gjaldeyristekjur Íslendinga af erlendum ferðamönnum voru 155 milljarðar króna í fyrra, samkvæmt nýjum tölum á vef Hagstofunnar.

Tekjur vegna erlendra ferðamanna innanlands námu 112 milljörðum króna en 43 milljarðar króna eru tekjur vegna ferðamanna utan Íslands.

Í tölunum kemur jafnframt fram að áætlað er að ríflega 9.200 manns hafi starfað við ferðaþjónustu á árinu 2008. Þetta er um 5,1 prósent af störfum alls. - jhh






**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**1,9** milljarðar er tap MP banka á fyrri hluta þessa árs.

**43%** Íslendinga eru andvíg almennri niðurfærslu skulda.

**29%** Íslendinga eru hlynnt almennri niðurfærslu skulda.

**BANKAHÓLFIÐ**

## Í skýjunum

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri fjárfestingarfélagsins Eyris Invest og stjórnarformaður Marels, var í skýjunum á föstudag og hafði í nógu að snúast þegar Marel kynnti samning um hagstæða endurfjármögnun á öllum lánum fyrirtækisins við sex alþjóðlega banka. Innistæða var fyrir kæti Árna Odds; auk helmingi lægri vaxta en áður var skilrúmið á milli lánasamninga Marels og Stork í Hollandi numið á brott og ýmislegt gert sem mun létta á rekstri fyrirtækisins.



## Litlu jól bankanna

Marel-liðar hafa ærið tilefni til að kætast yfir samningnum, enda eru flestir sammála um að annað eins hafi ekki sést hér á skerinu síðan löngu fyrir hrun. Þeir sem til þekkja segja endurfjármögnunina í raun afrek, enda sé niðurstaðan þvert á bölsýnisraus sem kveður á um að enginn láni íslensku fyrirtæki svo mikið sem fimmeyring fyrr en Icesave-deilan leysist, gjaldeyrishöft verði afnumin og þar fram eftir götunum.

Einn viðmælenda Fréttablaðsins sagði kynningafund Marel minna sig fremur á endurfund nemenda úr gagnfræðaskóla en fyrirtækjafund. Þarna þekkti hann nánast hvern kjaft, þar af fjölda fyrrverandi yfirmanna af markaðssviðum gamla Landsbankans og Kaupþings áður en bankarnir féllu ríkinu í skaut. Aðrir líktu fundinum við litlu jól bankamanna, bæði núverandi og fyrrverandi, enda er aðventan handan við hornið og jólaskraut fyllti sal Nordica.



## Samsærið …

Sumir sjá samsæri í hverju horni en aðrir hafa almennt gaman af slíku. Eitt slíkt tengist fjárfestinum Peter Thiel, fyrsta fjárfesti Facebook. Thiel þessi mætti nefnilega á síðasta fund Bilderberg-samtakanna á Spáni í júní. Samtök þessi hafa blásið til fundar árlega í tæp sextíu ár og efni þeirra verið sveipað leyndarhjúpi. Og hér kemur þá rúsínan í samsærispylsuendanum. Samstarfsmaður Thiels er Heiðar Már Guðjónsson, sem leiddi hóp fjárfesta sem vildu kaupa Sjóvá. Tengdafaðir Heiðars er Björn Bjarnason, fyrrverandi menntamálaráðherra, sem er einn fárra úr innsta hring Sjálfstæðisflokksins sem setið hafa marga fundi Bilderberg-samtakanna. Á vefsíðu samtakanna, já, leyndin er ekki meiri en það, kemur fram að einmitt var rætt um samfélagsvefi á borð við Facebook, sem stórfyrirtæki eru grunuð um að nota til að næla sér í persónuupplýsingar.







KÁTIR KRAKKAR



**Opið hús.**

Barnafataverslunin Kátir krakkar og hönnunarverkstæði Helgu Rúnar verða með opið hús fimmtudaginn 2. desember frá klukkan 19-23 að Suðurlandsbraut 52, í einu af bláu húsunum við Fákafen. 10-25% afsláttur þetta eina kvöld. Jólastemmning og tilvalið að kaupa barnaföt, og höfuðskart og aðra fylgihluti í jólapakkann. Nánari upplýsingar þegar nær dregur á Facebook og á www.prem.is.

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Erum við meira enn áður.**

SÍMAÞJÓNUSTUR



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vinsæll Veitingastaður í hjarta Reykjavíkur**
**Óskar eftir yfirkokki/kokki í fullt starf.**
**Þarf að geta hafið störf sem fyrst, vera stundvís, heiðarlegur með góða stjórnunarhæfileika og geta unnið vel undir álagi.**
**Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**
**Upplýsingar gefur Kolbrún í síma**
**861-4844 eða**
**kolbrunarna@simnet.is**

101 Hótel vantar manneskju til að sjá um morgunverð í eldhúsi. Vinnutími frá kl. 6-11, 15 daga í mánuði. C.a 45% vinna. Umsóknir sendist á eldhus@101hotel.is

Óska eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. 18 ára aldurstakmark. Umsóknir sendist á bjarndis@ruby.is. Ruby Tuesday Höfðabakka og Skipholti.

Emami auglýsir eftir verslunastjóra og starfsfólki vegna opnunar nýrrar verslunnar. Fullt starf og hlutastarf. emami@emami.is; s:511-1881

## Viðskiptatækifæri

Villt þú vinna mikið og hafa mikil laun eða vinna lítið og hafa lítil laun. Uppl í s. 773 2100

## Atvinna

Akraneskaupstaður

HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTURLANDS

### Akraneskaupstaður og Heilbrigðisstofnun Vesturlands auglýsa eftir forstöðumanni til afleysinga fyrir Endurhæfingarhúsið Hver

Leitað er eftir fagaðila með menntun á sviði félags- og / eða heilbrigðismála og æskilegt er að viðkomandi hafi stjórnunarreynslu. Forstöðumaðurinn mun m.a. sjá um daglega starfsemi, vinna að markmiðsáætlunum með notendum þjónustunnar og skipuleggja starfið.

Um er að ræða 100% starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf hið fyrsta. Nánari upplýsingar veitir Sveinborg Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri Akraneskaupstaðar í síma 433-1000.
**Umsóknarfrestur er til 8. desember n.k.** og skal skila umsóknum til Akraneskaupstaðar, c/o Sveinborg Kristjánsdóttir, Stillholti 16-18, 300 Akranesi.

***Akraneskaupstaður***
***Heilbrigðisstofnun Vesturlands***

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

## Uppboð

### Sýslumaðurinn á Húsavík

# UPPBOÐ

**Framhald uppboðs á eftirfarnandi eign verður háð á skrifstofu embættisins á Útgarði 1, Húsavík sem hér segir:**

Lagey ÞH-265, sknr. 2651, ásamt tilheyrandi réttindum, þingl. eig. A300 ehf, gerðarbeiðandi Arion banki hf, mánudaginn 6. desember 2010, kl. 13.00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
30. nóvember 2010

## Fasteignir

*Hákon Svavarsson, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali*

VALFELL
FASTEIGNAMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

### ASKALIND 6 TIL LEIGU/SÖLU



Til leigu alls 3 rými með stórum innkeyrsludyrum, legist allt saman eða sitt í hvoru lagi. Hvert rými um sig er frá 103 -105 fm. Hvort bil um sig, er stórt opið alrými með mikilli lofthæð, flísalögð snyrting á neðri hæð, milliloft ( 20 fm ) þar sem er eldhúskrókur og skrifstofu aðstaða. Malbikuð bílastæði og góð aðkoma.
**Allar nánari uppl. veitir Hákon í síma 898-9396 eða á tölvupósti hakon@valfell.is**

LANDMARK
FASTEIGNASALA

...styrkir Skógræktarfélag Reykjavíkur!

**Allir viðskiptavinir sem setja eign í sölu fram að jólum fá veglega gjöf fyrir alla fjölskylduna; Gjafabréf fyrir ógleymanlega stund í jólaskóginum í Heiðmörk, piparkökur, kakó, jólasveinar og ykkar eigið jólatré!**

***Hringdu núna í síma 512 4900!***



Skógræktarfélag Reykjavíkur



Rúnar Árnason
842 5886
runar@landmark.is



Sigurður Samúelsson
Löggiltur Fasteignasali
896 2312
sigurdur@landmark.is



Friðbert Bragason
820 6022
fridbert@landmark.is



Þórarinn Thorarensen
770 0309
th@landmark.is



Magnús Einarsson
Löggiltur Fasteignasali
897 8266
magnus@landmark.is

www.landmark.is - sími: 512 4900 - Bolholti 4

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** bera að garði, **6.** tveir eins, **8.** hlaup, **9.** starfsgrein, **11.** átt, **12.** frárennsli, **14.** fyrirmynd, **16.** guð, **17.** skrá, **18.** temja, **20.** gyltu, **21.** skjótur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hljóta arf, **3.** líka, **4.** frelsarinn, **5.** næra, **7.** rafstraumur, **10.** kvk nafn, **13.** stefna, **15.** skraut, **16.** flan, **19.** samtök.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** koma, **6.** rr, **8.** gel, **9.** fag, **11.** sa, **12.** afrás, **14.** mótíf, **16.** ra, **17.** tal, **18.** aga, **20.** sú, **21.** snar.
**LÓÐRÉTT: 1.** erfa, **3.** og, **4.** messías, **5.** ala, **7.** rafmagn, **10.** gró, **13.** átt, **15.** flúr, **16.** ras, **19.** aa.






# El clasico

**BAKÞANKAR** Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



Ég virðist ekkert hafa lært eftir allar þessar bandarísku bíómyndir sem ég hef séð í gegnum tíðina. Mér varð þetta ljóst síðasta mánudagskvöld þegar ég var að horfa á El Clásico með arabískum félögum mínum á krá nokkurri í bænum Priego de Córdoba á Suður-Spáni.

**FRÁ** því í ágúst hef ég verið að bölsótast yfir góðu gengi Real Madrid. Ég hef horft með fyrirlitningu á Ronaldo þegar hann baðar út höndum, mörkum fagnandi og sigri hrósandi. Alltaf með þennan grodda-svip, eins og hann hafi nýlega lokið við að reisa mann frá dauðum.

**ÞEGAR** leik konungsliðsins er lokið fylgist ég venjulega með viðtali við Mourinho, þjálfara liðsins, og mér verður innanbrjósts, ja, líklega eins og femínista sem fær einn stóran skammt af Gillz með útblásna vöðva og sjálfsálit í stíl.

**„FÓLKI** er illa við mig af því að mér gengur vel, ég vinn oft og fólk á erfitt með að taka slíkri velgengni nokkurs manns,“ segir þjálfarinn og ég veit vel upp á mig sökina. Innra með mér vex þráin að sjá þessa hrokagikki niðurlægða, sjá þá þjást. Helst biðjast velvirðingar á öllu sem þeir hafa sagt og gert. Sjá Marca og öll þessi Madrídarblöð kokgleypa allt galgopatalið um konungsliðið.

**ÞAÐ** er því ekkert auðvelt að fylgjast með El Clásico, það er að segja viðureign Barcelona og Real Madrid. Samkvæmt töflunni eru einungis þrjú stig í boði en í lífi sérhvers fótboltaunnanda á Spáni, og þótt víðar væri leitað, hangir mun meira á spýtunni.

**OG** það undarlega gerðist. Ég, sem hef frá blautu barnsbeini horft á bíómyndir þar sem byggð er upp andúð á vonda karlinum uns hann fær það óþvegið í lokinn, virðist vera of tregur fyrir þennan bandaríska boðskap. Hrokagikkirnir Ronaldo og Mourinho, sem og leiðindapjakkurinn Marcelo sem ég er búinn að vera að blóta í allan vetur fyrir góða frammistöðu, voru teknir í kennslustund. Það er að segja Auðmýkt 101. Konungsliðið tapaði á Camp Nou með fimm mörkum gegn engu.

**EN** það var sama hversu mikið ég reyndi, ég fann engan fögnuð yfir því að sjá Ronaldo niðurlútan og Mourinho niðurlægðan. Afleit frammistaða Marcelo vakti heldur ekki með mér neina kátínu.

**ÞAÐ** er alveg magnað hvað maður virðist þroskaður þegar gleði ríkir í hjarta.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
898
KR. kg
BÚRFELLS
HAMBORGARHRYGGUR
1498
KR. kg
KS LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
25% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ: 1998 KR.KG
2159
KR. kg
ÚRBEINAÐ BIRKIREYKT
LAMBALÆRI
SS
1708
KR. kg
ÚRBEINAÐUR BIRKIREYKTUR
LAMBAFRAMPARTUR
LOKSINS
KOMNAR AFTUR
598
KR. kg
KS FROSNAR SVIÐALAPPIR
269
KR. kg
KS FROSIN LAMBASVIÐ
698
KR. kg
KS FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAHAKK
898
KR. kg
FERSKT NAUTAHAKK
ÍSLANDS LAMB
FERSKAR LAMBALÆRISSNEIÐAR Í RASPI
1598
KR. kg
FERSKAR LAMBALÆRISSNEIÐAR Í RASPI
20% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ:1998 KR.KG
Sérskorið ferskt lambalæri þar sem efsti
hluti mjaðmabeins og rófubeinið er
skorið frá og því er meira kjöt
og minna bein á lærinu!
ÍSLANDS LAMB
1259
KR. kg
ÍSLANDSLAMB JURTAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
NAUTA Veisla
Nautaborgarar
4 stk. m/brauði
498
KR. 4 stk
FJÓRIR NAUTABORGARAR M/BRAUÐI
JÓLATERTA
JÓLATERTA
495
KR. 600g
MYLLU JÓLATERTUR 600g ÞRJÁR TEGUNDIR
Konfekt
1498
KR. 650g
NÓA KONFEKT 650g
Robin klementínur 2,3 kg
Toppurinn í
klementínunum
Robin
695
KR. 2.3kg
ELLEFU LÍTRAR
998 kr.
Coca-Cola
JÓLA BLANDA
VÍKING JÓLABLANDA Malt og appelsín - Fjórar dósir 500ml = 2 ltr.
COCA COLA KIPPA Coke eða Coke Light - Sex 1.5 ltr. þöskur = 9 ltr.
Konfekt
998
KR. 700g
BÓNUS KONFEKT 700g
JÓLA PIPAR KÖKUR
BÓNUS
359
KR. 500g
BÓNUS
PIPARKÖKUR
500g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is

**! LJÓÐ Á NÝJA SVIÐINU** Borgarleikhúsið efnir til ljóðaupplestrar á Nýja sviðinu klukkan 20 annað kvöld. Hjalti Rögnvaldsson leikari les þýðingar Sölva Björns Sigurðssonar á ljóðum John Keats og Arthurs Rimbaud, en Sölvi þýddi einmitt líka Óveðrið eftir Shakespeare, sem er jólasýning Borgarleikhússins í ár.



**CAMERARCTICA** Leikur við kertaljós fyrir jólin eins og undanfarin ár.

## Mozart við kertaljós

Kammerhópurinn Camerarctica heldur sína árlegu kertaljósatónleika í kirkjum rétt fyrir jólin. Hópurinn hefur leikið ljúfa tónlist eftir Mozart við kertaljós í átján ár og þykir mörgum ómissandi að koma úr miðri jólaösinni inn í kyrrðina og kertaljósin í rökkrinu. Fernir tónleikar verða haldnir að þessu sinni, í Kópavogskirkju 19. desember, í Hafnarfjarðarkirkju 20. desember, í Garðakirkju 21. desember og loks í Dómkirkjunni í Reykjavík 22. desember.

Camerarctica skipa nú þau Ármann Helgason klarinettuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir og Bryndís Pálsdóttir fiðluleikarar, Svava Bernharðsdóttir og Guðrún Þórarinsdóttir víóluleikarar og Sigurður Halldórsson sellóleikari. Leikin verða tvö verk, kvintett fyrir klarinettu og strengi eftir samtímatónskáld Mozarts, Franz Krommer, og strengjakvintett eftir Mozart. Að venju lýkur tónleikunum á því að Camerarctica leikur jólasálminn góða „Í dag er glatt í döprum hjörtum“ sem er úr Töfraflautunni eftir Mozart.

Tónleikarnir eru klukkustundarlangir og hefjast allir klukkan 21.00 nema tónleikarnir í Kópavogskirkju en þeir hefjast kl. 22.30.

Aðgangseyrir er kr. 2.000 og kr. 1.000 fyrir nemendur og eldri borgara. Frítt er inn fyrir börn.

## Tónleikar í tilefni 25 ára orgelafmælis

Kári Þormar dómorganisti heldur orgeltónleika í kvöld í tilefni af 25 ára afmæli Schuke-orgels Dómkirkjunnar í Reykjavík.

Fyrsta Dómkirkjuorgelið var vígt 14. júní 1840, fyrir rúmum 170 árum. Nokkur orgel voru brúkuð þar til það sem nú prýðir kirkjuna var keypt fyrir aldarfjórðungi. Útlit þess teiknaði Þorsteinn Gunnarsson arkitekt. Orgelið var vígt sunnudaginn 1. desember 1985.

Á tónleikunum ætlar Kári Þormar meðal annars að leika Tokkata eftir Jón Nordal sem samin var í tilefni af vígslu orgelsins árið 1985 og skrifuð í minningu Páls Ísólfssonar. Þá á Páll Ísólfsson síðasta verkið á efnisskránni, Introduktion og passakaglia í f-moll. Á tónleikunum verður einnig frumflutt orgelverk eftir 25 ára gamalt tónskáld, Högna Egilsson.



**DÓMKIRKJAN** Að loknum tónleikum geta gestir skoðað orgelið á kirkjuloftinu.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og er aðgangur ókeypis. Eftir tónleika er gestum boðið að skoða fyrsta Dómkirkjuorgelið á kirkjuloftinu.


Aðventuleikur blaðbera



Pósthúsið, dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga, hefur sett í gang skemmtilegan aðventuleik fyrir blaðbera sína.

Einu sinni í viku út aðventuna verða nöfn duglegra blaðbera dregin út og fá þeir í verðlaun nýju DVD myndina með Audda og Sveppa eða PS3 leik frá Elko.

Tilkynnt verður um vinningshafa alla þriðjudaga fram að jólum á heimasíðu Pósthússins www.posthusid.is

Póst húsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is





**SIGRÍÐUR SIGURJÓNSDÓTTIR** Bendir á að gjafamenning eigi sér margar forvitnilegar hliðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Hvað máttu gefa hverjum

**Gjafamenning er útgangspunktur sýningarinnar Gjöf sem stendur yfir í galleríinu SPARK design space. Sigríður Sigurjónsdóttir sýningarstjóri komst að ýmsu forvitnilegu þegar hún undirbjó sýninguna.**

„Þegar ég fór að skoða fyrirbærið gjafamenningu komst ég að ýmsu forvitnilegu, enda hefur margt verið skrifað og skoðað í sambandi við hana,“ segir Sigríður Sigurjónsdóttir, sýningarstjóri og framkvæmdastjóri gallerísins SPARK design space á Klapparstíg 33.

„Mannfræðingar á borð við Marcel Mauss hafa rannsakað það ferli að gefa og þiggja, gjafir segja ýmislegt um vinasamband og geta líka búið til ójafnvægi í því ef gjafir hæfa ekki tengslum fólks.“

Ástralski hönnuðurinn Megan Herbert hannaði gjafapappír fyrir sýninguna. Útgangspunktur hans er gjafamenning en Megan leggur áherslu á að gjöf sé einlæg og vel ígrunduð og hannaði hún því arkir af pappír og korti sem hafa nánd, tíma, leiðsögn, hagsýni, samskipti og áskorun að leiðarljósi.

„Við Megan veltum líka gjafamenningu í Japan mikið fyrir okkur. Japanar leggja mjög mikið upp úr innpökkun gjafa, gefa kannski hversdagslega hluti, en pakka þeim afar fallega inn og þannig verður til viðurkennd gjöf,“ segir Sigríður og bendir á að hægt sé að gefa óáþreifanlegum gjöfum á borð við samveru og tiltekt vægi og merkingu með innpökkun.

Auk verka Megan eru á sýningunni tíu hlutir sem valdir eru með gjafahugtakið að leiðarljósi. „Hlutirnir fela meðal annars í sér spariskap, jafnvægi, hlýju, ilm, bragð, notalegheit, fegurð, tíma, sögur og þekkingu svo eitthvað sé nefnt,“ segir í fréttatilkynningu. Verkin eru eftir hönnuðina Andreu Maack, Auði Ösp Guðmundsdóttur, Birnu Geirfinnsdóttur, Brynhildi Pálsdóttur, Bylgju Svansdóttur, Egil Kalevi, Emblu Vigfúsdóttur, Guðfinnu Mjöll Magnúsdóttur, Guðrúnu Rögnu Sigurjónsdóttur, Hildigunni Gunnarsdóttur, Hrafnkel Birgisson, Lindu Björg Árnadóttur, Þuríður Rós Sigurþórsdóttur, Snæfríð Þorsteins, Sigríði Erlu Guðmundsdóttur, Tinnu Gunnarsdóttur og Sruli Recht.

Sýningin, sem er sölusýning, er opin alla daga nema sunnudag frá 10 til 18. Hún stendur til 15. janúar.

sigridur@frettabladid.is



**UMBÚÐIRNAR SKIPTA MÁLI** Ástralski hönnuðurinn Megan Herbert hannaði gjafapappír fyrir sýninguna Gjöf sem hefur gjafamenningu að leiðarljósi.

### GJÖFIN EKKI AÐSKILIN FRÁ GJAFASKIPTUM

Eitt helsta rit um gjafamenningu er bókin The Gift eða Gjöfin eftir franska félgsfræðinginn Marcel Mauss. Bókin kom fyrst út árið 1950. Mauss kemst meðal annars að þeirri niðurstöðu að hluturinn (gjöfin) verði aldrei aðskilinn frá þeim aðilum sem komi að gjafaskiptunum. Við gjafaskipti myndist félagsleg tengsl og um leið sé ætlast til að gjalda gjöf með gjöf. Mauss talar um þrjú skref í gjafaferlinu. Að gefa, sem er fyrsta skrefið í að stofna til eða viðhalda ákveðnum tengslum. Að þiggja er þá annað skrefið, að þiggja ekki jafngildir því að hafna tengslum við gefandann. Síðasta skrefið er að endurgjalda. Á fyrstu blaðsíðu bókar Mauss er vitnað í Hávamál en þar má einmitt finna mikla speki um vináttu og gjafir. Til að mynda í 42. erindi:

*Vin sínum*
*skal maðr vinr vera*
*ok gjalda gjöf við gjöf;*
*hlátr við hlátri*
*skyli höldar taka*
*en lausung við lygi.*

netto
gleðjumst saman um jólin

# Sendu jólakortin tímanlega í ár.



10 stk. vönduð jólakort með íslenskri jólakveðju
**598kr/pk**




25 stk. vönduð jólakort með íslenskri jólakveðju
**1.398kr/pk**




**GJAFAKORT NETTÓ**
GÓÐ GJÖF FYRIR ALLA

## Mikið úrval af gjafapokum og pappír






markhonnun.is



**THOR VILHJÁLMSSON** Gerður heiðursdoktor við HÍ ásamt Álfrúnu Gunnlaugsdóttur og Matthíasi Johannessen.

## Þrír sæmdir heiðursdoktorsnafnbót

**Þrír íslenskir rithöfundar, þau Álfrún Gunnlaugsdóttir, Matthías Johannessen og Thor Vilhjálmsson, verða sæmdir heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands í dag.**

**Þremenningarnir hljóta þessa nafnbót fyrir sköpunarstarf sitt „en um leið sendir skólinn með þessum gjörningi skilaboð um mikilvægi orðsins listar og annarar frjórrar menningarstarfsemi í íslensku samfélagi,“ segir í tilkynningu frá Háskóla Íslands.**

**Aðeins fjórir rithöfundar hafa áður hlotið þessa nafnbót fyrir afrek á sviði fagurbókmennta: Halldór Laxness árið 1972, Gunnar Gunnarsson og Þórbergur Þórðarson árið 1974 og Snorri Hjartarson árið 1986.**

**Álfrún, Matthías og Thor verða sæmd nafnbótinni við athöfn í Hátíðarsal Háskóla klukkan 13.30 í dag. Aðgangur er öllum heimill meðan húsrúm leyfir.**

# Bókajól án sterkra drátta

**Reyfarar og sögulegur skáldskapur blífa í jólabókaflóðinu í ár en kreppubækur eru fjarri góðu gamni. Karlar skrifa talsvert fleiri bækur en konur en samtímalýsingarnar eru þó aðallega á höndum kvenna í ár. Fréttablaðið rýndi í bókaflóðið.**

Samkvæmt gróflegri talningu úr Bókatíðindum koma út 72 skáldverk fyrir þessi jól, það er að segja skáldsögur, smásögur og ljóð. Af þeim voru 50 eftir karla og 22 eftir konur. Í flokki skáldsagna virðist engin ein bókmenntahefð hafa afgerandi yfirburði fram yfir aðra hvað fjölda titla áhrærir; krimmarnir fara yfir tuginn. Að minnsta kosti sex til átta bækur innihalda endurlit fortíðar eða hreinan sögulegan skáldskap, til dæmis Svar við bréfi Helgu eftir Bergsvein Birgisson, Ljósa Kristínar Steinsdóttur, Jón eftir Ófeig Sigurðsson, Heimanfylgja eftir Steinunni Jóhannesdóttur og Útlagar Sigurjóns Magnússonar.



**JÓN YNGVI JÓHANNSSON**



**KRISTJÁN B. JÓNASSON**

Kreppubækurnar, sem settu sterkan svip á bókmenntaárið í fyrra, virðast við fyrstu sýn víðs fjarri í ár. Hrunið og kreppan kemur að vísu við sögu í reyfurunum, sem draga oftar en ekki dám af atburðum líðandi stundar, en þeir eru ekki beint viðbragð við þeim eins og allar hrunbækurnar sem komu út í fyrra og skáldsögur á borð við Bankster Guðmundar Óskarssonar og Gæsku Eiríks Arnar Norðdahl.

„Það virðist ekki vera nein afgerandi tilhneiging í ár,“ segir Kristján B. Jónasson, formaður Félags bókaútgefenda. „Ljóðabækur fá að vísu meiri umfjöllun en oft áður, en að öðru leyti er ekkert sem hægt er að segja að hafi orðið ofan á. Ef hægt er að tala um eitthvert einkenni á útgáfunni er það kannski fjarvera kreppubókanna meðan sögulegar skáldsögur virðast eiga meira upp á pallborðið. Kannski má lesa eitthvað í það. Konurnar sjá hins vegar um nútímann. Það eru ungar konur á borð við Kristínu Eiríksdóttur, Yrsu Þöll Gylfadóttir, Tobbu Marinós og Hugrúnu Hrönn Kristjánsdóttur, sem skrifa sína útgáfuna hver af samtímanum.“

Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur tekur undir að fjarvera kreppubóka sæti athygli en vill ekki lesa mikið í útgáfu sögulegra skáldsagna í ár.

„Sögulegar skáldsögur og bækur sem kallast á við fortíðina hafa verið vinsælt form hér á landi í mörg ár og erfitt að meta hvort það sé að verða einhver breyting á því í ár.“

Jón Yngvi segir karlhöfunda löngum hafa verið fleiri en kvenhöfunda hér á landi, en það stangist á við það sem tíðkist víða.



**JÓLABÆKUR** Af um rúmlega 70 skáldsögum, smásagnasöfnum og ljóðabókum sem koma út fyrir þessi jól eru rúmlega tuttugu bækur eftir konur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Það er að minnsta kosti mín tilfinning að þessu sé öfugt farið til dæmis í Danmörku og Svíþjóð. Hér eru krimmahöfundarnir til dæmis aðallega karlar en á Norðurlöndum skrifa mjög margar konur reyfara. Því er ekki að heilsa hér.“

bergsteinn@frettabladid.is




# Umskorin hjörtu

Bækur ★★

**Runukrossar**
Helgi Ingólfsson



**Ormstunga**

Það búa fjörutíu þúsund manns á Íslandi árið 2141. Múslimar eru allsráðandi, enda Ísland hluti af Evrópubandalagi múslima, EMÍR. Reykjavík er horfin og Hella orðin höfuðborg landsins. Blómleg borg sem byggð er undir hvolfþaki þar sem sólin er banvæn vegna gatsins í ósonlaginu. Í þessu framtíðarsamfélagi eru það trúin og tæknin sem stýra lífi fólks, allir ganga með staðsetningartæki um úlnliðinn og dagskipanin helgast af lögbundnum bænatímum.

Þannig er sögusviðið í nýjustu bók Helga Ingólfssonar, Runukrossum. Söguhetjunni, Umari ibn-Yusef, berast þau tíðindi að bróðir hans hafi látist með óhuggulegum hætti í virkjun til fjalla og heldur þangað ásamt rannsóknarlögreglumanninum Hasan Rahman til að kanna málið. Fljótlega kemur í ljós að dauði bróðurins var ekkert slys og að samstarfsmenn hans í virkjuninni eru ekki allir þar sem þeir eru séðir. Rannsókn morðgátu er hafin og leikar æsast.

Runukrossar er um margt sérstæð sakamálasaga. Hin óvenjulega framtíðarsýn höfundar setur sögunni nýstárlegar skorður og ítarlegar lýsingar á trúarathöfnum múslima, tilvitnanir í spámanninn og lýsingar á tækniundrum framtíðarinnar gera hana forvitnilega og framandi. Á einkennilegan hátt blandast hinar fornu trúarathafnir saman við tæknivætt framtíðarlífið og úr verður kokkteill sem dálítið erfitt er að kyngja. Höfundi liggur mikið á hjarta og augljóst er að hann hefur áhyggjur af því hvert samtíðin stefnir. Velt er upp fjölmörgum áhugaverðum umhugsunarefnum og vísanir í heimsbókmenntirnar notaðar sem dæmisögur um ýmislegt sem aflaga hefur farið. En það sem gerir söguna áhugaverða lesningu er um leið hennar veikasti hlekkur sem sakamálasögu. Rannsókn glæpsins hverfur í skuggann af fræðslu höfundar um áhrif umhverfisspjalla okkar tíma á framtíðina og ítarlegar lýsingarnar á trúarsiðum og heimspeki íslam stangast dálítið óþægilega á við allar tæknilýsingarnar. Hvað eftir annað missir lesandinn þráðinn og það er ekki fyrr en rétt undir lokin sem sagan verður spennandi. Morðgátan er aukaatriði og á eiginlega heima í einhverri allt annarri sögu.

Stíllinn er dálítið þunglamalegur og ítrekaðar tilvitnanirnar sem skotið er inn í frásögnina virka oft dálítið á skjön við textann. Aðrar persónur en söguhetjan Umar eru dregnar fáum dráttum og lesandinn kynnist þeim lítið, meira eins og persónugalleríið sé ill nauðsyn til þess að hafa fleiri en einn grunaðan um morðið. Lausn gátunnar er þó óvænt og síðustu fimmtíu síðurnar hörkuspennandi.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Frumleg framtíðarsýn sem veltir upp áleitnum umhugsunarefnum en morðgátan fellur í skuggann.



ATHUGIÐ! TILBOÐ GILDA AÐEINS 1. OG 2. DES
NÚ ER TÍMINN TIL AÐ VERSLA!
-35%
5.790
Fullt verð: 8.990
5.599
Fullt verð: 6.490
25%
afsláttur af öllum púsluspilum
30%
afsláttur af öllum jólakortum
Kynning!
4.472
Fullt verð: 5.590
1.290
Fullt verð: 1.995
20%
afsláttur af öllum ljósmyndapappír
-55%
179
Fullt verð: 399
5 metrar
25% AUKAAFSLÁTTUR Á KASSA AF ÖLLU Á LAGERSÖLU
29
Verð með auka-afslætti
19
Verð með auka-afslætti
Verð frá:
15
Verð með auka-afslætti
399
Verð með auka-afslætti
299
Verð með auka-afslætti
499
Verð með auka-afslætti
799
Verð með auka-afslætti
OPIÐ FRÁ 10-20
SKEIFUNNI 11
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
Auglýsingin gildir til og með 02.12.10. eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# Jólasýning í Aðalstræti

Allir fá þá eitthvað fallegt, jólasýning Handverks og hönnunar, verður opnuð í elsta húsi Reykjavíkur, Aðalstræti 10, í dag klukkan 17.

Alls sýna 24 aðilar og selja íslenskt handverk, listiðnað og hönnun á sýningunni, en allir munirnir eru nýir og sérvaldir á sýninguna af dómnefnd.

Meðal sýnenda eru Bjargey Ingólfsdóttir, Íris Rós Söring, Ingiríður Óðinsdóttir, Guðrún Indriðadóttir, Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir, Sigríður Ásta Árnadóttir og Þuríður Steinþórsdóttir.

Sýningin er opin eins og verslanir í miðborginni til 23. desember og er aðgangur ókeypis. Þær vörur sem seldar verða á sýningunni verða afhentar í sýningarlok. - rat



**SNJÓBOLTI** Allir munirnir á sýningunni eru nýir og valdir sérstaklega af dómnefnd.









**SOFI OKSANEN** Sló í gegn þegar frumraun hennar, Kýr Stalíns, kom út í Finnlandi 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fyrsta bók Oksanen væntanleg á íslensku

Kýr Stalíns, fyrsta skáldsaga finnsk-eistnesku skáldkonunnar Sofi Oksanen, er væntanleg í íslenskri þýðingu næsta haust á vegum Máls og menningar. Oksanen hlaut sem kunnugt er bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs á dögunum fyrir bókina Hreinsun og veitti þeim viðtöku hér á landi.

Kýr Stalíns kom út í Finnlandi árið 2003 og sló rækilega í gegn. Bókin fjallar um unga stúlku sem á eistneska móður og finnskan föður. Hinn blandaði uppruni veldur stúlkunni sálrænum og félagslegum erfiðleikum, sér í lagi þar sem móðir hennar reynir að afmá hinn eistneska uppruna úr lífi hennar.

Aðalpersónan er jafnaldri Oksanen, sem á líka eistneska móður og finnskan föður, og hafa ýmsir gert því skóna að bókin sé að einhverju leyti sjálfsævisöguleg. Silja Aðalsteinsdóttir, útgáfustjóri Máls og menningar, segir að minnsta kosti meiri ástæðu til að ætla það en í tilfelli Hreinsunar. Báðar bækurnar eru hluti af fjórleik sem Oksanen vinnur að um Eistland.

Oksanen hlaut Finlandia-verðlaunin fyrir Kýr Stalíns, yngst allra höfunda. Sigurður Karlsson þýðir en hann þýddi líka Hreinsun. - bs

# Rólegir tónar á aðventu

Kammerkór Hafnarfjarðar heldur aðventu- og jólatónleika sína í kvöld klukkan 20 í Hásölum, sal Tónlistarskóla Hafnarfjarðar við Strandgötu.

Kórinn syngur bæði klassísk jólalög og önnur falleg lög í bland. Jón Svavar Jósefsson barítón syngur með kórnum í nokkrum lögum og Ástríður Alda Sigurðardóttir spilar á píanó. Meðal laga má nefna Jólabæn einstæðingsins, Þorláksmessukvöld og Vögguvísu á jólum.

Skemmtileg kaffihúsastemning er á tónleikunum, þar sem boðið er upp á kaffi og með því í hléi. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.



**TÓNLISTARSKÓLI HAFNARFJARÐAR** Kammerkór Hafnarfjarðar heldur tónleika klukkan 20 í kvöld.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 01. desember**

### ➜ Tónleikar

**21.00** Tónleikar undir yfirskriftinni **Helvítis fokking funk** eftir samnefndri plötu Samúel Jón Samúelsson Big Band verða haldnir í Slippsalnum (Nema forum) í kvöld kl. 21.

**21.00** Hljómsveitirnar **Hvar er Mjallhvít?** og **Valdimar** verða með tónleika á Café Rósenberg, á Klapparstíg 25, í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 21 og er aðgangseyrir 1000 krónur.

**21.30** Tónlistarmennirnir **Tom Brosseau** og **Gregory & the Hawk** verða með tónleika á Faktorý í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 21.30 og kostar 1000 krónur inn. Forsala fer fram í Havarí.

**22.00** Jazzklúbburinn Múlinn efnir til tónleika í kvöld þar sem hljómsveitin **Woody VI** spilar. Tónleikarnir eru haldnir í Risinu, að Tryggvagötu 20 og hefjast kl. 22. Aðgangseyrir er 1000 krónur, 500 krónur fyrir nema.

### ➜ Fundir

**12.00** Lagadeild Háskólans í Reykjavík stendur fyrir hádegisfundi í dag kl. 12 í stofu V. 1.01 (Antares) í húsnæði skólans að Menntavegi 1. Yfirskrift fundarins er **Ég vildi að stjórnarskrá væri...** og taka fimm fræðimenn til máls. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

### ➜ Sýningar

**20.00** Listamannahópurinn Sagan og fólkið sýnir leik- söngdagskrána **Ekki skamma mig séra Tumi** í Þjóðmenningarhúsinu í kvöld kl. 20. Miðaverð er 1500 krónur og fást miðar við inngang.

**Jólasýning** Handverks og hönnunar **Allir fá þá eitthvað fallegt...** verður opnuð í Aðalstræti 10 í dag. Sýningin er opin eins og verslanir miðborgarinnar til 23. desember. Aðgangur ókeypis.

### ➜ Bókmenntir

**13.30** Íslensku- og menningardeild og Hugvísindasvið Háskóla Íslands efna til bókmenntafagnaðar þar sem þrír rithöfundar verða sæmdir heiðursdoktorsnafnbót við Háskólann. Dagskrá hefst kl. 13.30 í **Hátíðarsal Háskóla Íslands** (Aðalbyggingu). Aðgangur er öllum heimill meðan húsrúm leyfir.

**20.00** **Bókasafnið í Hveragerði** og **Listasafn Árnesinga** bjóða til samveru í Listasafninu þar sem höfundar lesa úr verkum sínum frá kl. 20 í kvöld. Aðgangur er ókeypis og boðið verður upp á kaffi og piparkökur.

### ➜ Samkoma

**20.00** Í Gerðubergi verður handverkskaffi í kvöld. **Kristín Arngrímsdóttir** kynnir jólalega klippimyndagerð fyrir gestum. Handverkskaffið hefst kl. 20 og stendur til 22. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# HORFÐU Á ÞÁTTINN
# 3. DES
## Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2

DAGUR RAUÐA NEFSINS 2010

unicef

Einvala lið grínara og listamanna kemur fram og leggur bágstöddum börnum lið í stórskemmtilegri hátíðardagskrá í beinni útsendingu:

- Ari Eldjárn
- Edda Björgvins
- Guðlaug Elísabet
- Halldóra Geirharðsdóttir
- Helga Braga Jónsdóttir
- Hugleikur Dagsson
- Ilmur Kristjánsdóttir
- Jóhannes Haukur
- Memfismafían
- Ný dönsk
- Sigtið
- Sirkus Íslands
- Spaugstofan
- Steindi jr.
- Uppistöðufélagið
- Þorsteinn Bachmann
- Þorsteinn Guðmundsson
- Og fleiri og fleiri og fleiri ...

www.baddydesign.com



GEFÐU LANGT NEF!

**Rauðu nefin** fást í verslunum Hagkaups og Bónuss og í útibúum Íslandsbanka

www.rauttnef.is

2 skemmtilegri



**30.971** voru dagarnir leikarinn Leslie Nielsen lifði. Hann fæddist 11. febrúar 1926 en lést 28. nóvember síðastliðinn.







# Fjölbreytt flóra á frumsýningu

**Kvikmyndin Burlesque var frumsýnd í Los Angeles um miðjan mánuðinn og var margt um manninn á rauða dreglinum að venju. Söngkonurnar Cher og Christina Aguilera fara með aðalhlutverkin í kvikmyndinni, sem hefur fengið hræðilega dóma meðal gagnrýnenda. Aguilera mætti ein síns liðs á frumsýninguna en sonur Cher mætti ásamt kærustu sinni til að hvetja móður sína áfram.**



**PARTÍPINNI** Leikkonan Annalynne McCord virðist aldrei neita veisluboði. Hún var á meðal gesta á frumsýningu myndarinnar.



**MIKILFENGLEG** Christina Aguilera mætti í þessum græna kjól á frumsýninguna. Mörgum þótti sniðið minna einum of á óléttukjól og veltu því fyrir sér hvort söngkonan væri þunguð.



**ELDIST EKKERT** Cher mætti í þessum stutta og flegna kjól á sýninguna, en hún fer með annað aðalhlutverkanna í myndinni.



**SÁ HRESSASTI** Will Ferrell var glaður í bragði er hann lét mynda sig fyrir sýninguna.



**HJÓNAKORNIN** Grey's Anatomy-leikarinn Eric Dane mætti ásamt spúsu sinni, Rebeccu Gayheart, á Burlesque. NORDICPHOTOS/GETTY



**SONUR CHER** Chaz Bono, sonur söngkonunnar Cher, mætti ásamt unnustu sinni til að styðja við bakið á móður sinni.



**DAÐRAÐ VIÐ MYNDAVÉLINA** Raunveruleikastjarnan Khloe Kardashian fylgdi systrum sínum, Kendall og Kylie, á frumsýninguna.






**BIRGIR ÖRN STEINARSSON** Hljómsveitin Króna hefur gefið út lagið Jólin koma of seint.

# Glaðvær jólablús

Hljómsveitin Króna gefur í dag út lagið Jólin koma of seint. Lagið samdi forsprakkinn Birgir Örn Steinarsson fyrir jólin 2003. „Þetta voru blúsuð jól hjá mér. Þá þurfti ég mótvægi við því hvernig mér leið og samdi eitt glaðlegasta lag sem ég hef nokkurn tímann samið," segir Biggi. „Þegar ég tók það upp var það heimademó og ég dreif mig í að henda því út í staðinn fyrir að vinna meira með það. Ég sá dálítið eftir því og þetta er mín leið til að biðja lagið afsökunar," segir hann. „Eftir að Króna var beðin um að taka þátt í X-mas tónleikunum í fyrra ákváðum við að taka lagið upp aftur. Það var tekið upp og fullunnið á þremur tímum í Hljóðrita og þetta gerði sig eiginlega bara sjálft."

Hann segist sjálfur verða meira jólabarn með hverju árinu sem líður. „Maður er orðinn svo meyr þegar maður er kominn með fjölskyldu og fer að mynda eigin jólahefðir. Ég hef aldrei náð að njóta jólanna almennilega fyrr en núna."

Biggi hefur starfað sem plötusnúður undanfarin ár og er einnig að skrifa poppsögu Páls Óskars sem kemur út um þarnæstu jól. Rétt eins og Palli er Biggi bókaður langt fram í tímann við skemmtanahald, á börum, í brúðkaupum og árshátíðum. „Ég er bókaður allar helgar fram í mars. Þetta er rosalega skemmtilegt og þarna fæ ég mikla útrás fyrir tónlistarnördinn í mér."

Fyrsta plata Krónu er síðan væntanleg næsta vor. - fb

# Mandy hætt í megrun

Söng- og leikkonan Mandy Moore segist ekki spá of mikið í kalóríum og borðar þess í stað allt það sem hana langar til.

„Ef mig langar í hamborgara og franskar kartöflur, þá fæ ég mér svoleiðis og mér finnst það í góðu lagi," segir Moore sem viðurkennir þó að hún hafi ekki alltaf verið svo kærulaus þegar kemur að mat. „Einu sinni hugsaði ég ekki um annað en mat. Ég passaði mig á því að borða ekki of mikið, hreyfa mig nóg og halda mér grannri. En nú hef ég áttað mig á því að hamingjan er ekki tengd vaxtalagi," segir söngkonan.



**HÆTT Í MEGRUN** Söngkonan Mandy Moore er hætt í megrun og er hamingjusamari fyrir vikið.

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

# LESTRARHESTAFÓÐUR*

## PRINSESSA Í FRAMBOÐI

**Sprenghlægileg saga um Míu prinsessu af Genóvíu.**

**„Mía sýnir enn og aftur að það verður leikur einn að stjórna landi eftir að hafa lifað af skólaárin.“**

Teenreads.com




## KOSS

**Ný bók eftir gríðar-vinsælan höfund.**

**„Sannar tilfinningar, hugrekki og húmor.“**

The Times




## ARTEMIS FOWL - ATLANTISDULDIN

**Gríðarlega spennandi bók um glæpadrenginn Artemis Fowl.**

**„Besta Artemisbókin ... margslungin og mjög skemmtileg.“**

The Irish Independent




## ÞOKAN

**Ný bók eftir Þorgrím Þráinsson, sjálfstætt framhald metsölubókarinnar NÚLL NÚLL 9.**

**„... hér er hvergi dauður punktur.“**

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið
(Um Núll núll 9)




## MYRKVUN

**Þriðja bókin í Twilight-bókaflokknum, svo miklu miklu meira en myndin!**

**„Ég gat ekki hætt að lesa ... hrikalega spennandi.“**

Kolbrún Ósk Skaftadóttir / midjan.is




## TÖFRAMAÐURINN

**Hröð og æsispennandi saga fyrir alla sem höfðu gaman af Harry Potter.**

**„Konungur ævintýra-bókanna.“**

The Irish Times







Fimmtán mínútna lestur á dag styrkir barnið þitt í námi.

GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL

* Á þessu mikilvæga þroskaskeiði þurfa lestrarhestar mikið og fjölbreytt fóður. Sjáið hestinum fyrir góðu næði á meðan hann innbyrðir næringuna og vinnur úr henni.

# Reese vill fleiri börn

**Reese Witherspoon segist vera svo mikil fjölskyldumanneskja að hún vill ólm eignast fleiri börn. Leikkonan góðkunna á tvö börn af fyrra hjónabandi sínu með Ryan Phillippe. Dóttirin Ava er ellefu ára og sonurinn Deacon er orðinn sjö ára en Reese segist hvergi nærri hætt.**

**„Börnin eru það besta í lífi mínu. Ég vakna ekki til að búa til kvikmyndir, ég vakna til að vera með fjölskyldunni minni," segir hin 34 ára Witherspoon. Hún er sem kunnugt er á föstu með umboðsmanninum Jim Toth.**



**REESE WITHERSPOON** Ástfangin og opin fyrir frekari barneignum.

# Henrik Biering hendir út hittara

**Henrik Biering sendir frá sér fyrsta lag sitt og er viss um að það slái í gegn. Hann segir að lagið passi bæði fyrir djammið og rólegheit heima fyrir.**

„Fólk á ekkert að heyra lagið og hugsa með sér að þetta sé bara einhver FM-viðbjóður," segir tónlistarmaðurinn Henrik Biering, en á næstu dögum gefur hann út lagið „Geri allt sem ég vil".

Það kannast eflaust margir við Henrik en hann söng með þeim Friðriki Dór og Blaz-Roca í laginu „Keyrum-ettígang" sem hefur fengið gríðarlega spilun á útvarpsrásunum. Henrik ætlar hins vegar ekki að þiggja neina hjálp í nýja laginu. „Ég er alveg einn í þessu lagi. Ég ætla að fá alla athyglina og baða mig upp úr henni," segir Henrik í léttum dúr.

Hann segir að lagið eigi mjög líklega eftir að slá í gegn. „Það fjallar um að gera það sem maður vill, fara yfir strikið og vera alveg sama hvað fólki finnst." Hann segir jafnframt að lagið eigi að vera í „drum and bass" stíl í bland við poppað rapp. Spurður að því hvort hann sé að byggja á eigin reynslu í textagerðinni segir Henrik það ekki vera. „Þetta er bara mest bull sko, en það er fílingurinn í þessu."

Það eru strákarnir í StopWaitGo sem sjá um útsetninguna á laginu. Henrik er mikill félagi þeirra og var meðal annars með tveimur þeirra í hljómsveitinni Kicks! sem gaf út lagið „Party department" árið 2008 en það var spilað á FM57 og naut nokkurra vinsælda.

Það er því ljóst að vináttan hangir á bláþræði verði ekki vandað til verksins. „Allt sem þeir gera er mjög gott. Ég hendi bara mínu bulli í þá og þeir mixa það einhvern veginn," segir Henrik og hlær, og bætir við að strákarnir verði lúbarðir ef þeir klúðri laginu. Henrik segir að þeir ætli að reyna að fá lagið frumflutt hjá Svala og félögum á FM 957 þegar það er tilbúið. „Þetta verður svona lag sem þú átt að vilja heyra hvort sem þú ert að djamma eða ert rólegur heima," segir Henrik.

kristjana@frettabladid.is



**RAPPAR OG SYNGUR** Henrik Biering þiggur enga hjálp í laginu „Geri allt sem ég vil" sem frumflutt verður á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


PLAYERS
K Ó P A V O G U R

*Stærsta konukvöld ársins á Players þann 3. des!*



***Sigga Kling verður veislustjóri í partýinu.***
*Beggi og Pacas töfra fram frábæra rétti og slá á létta strengi.*

*Léttur kvöldverður í boði Pataks. Suðrænn drykkur í boði.*

*Það verður glamúrþema og verður glamúrstúlkan valin.*
*Einnig verðlaun að andvirði 30 þúsund krónur.*

*Spákonur og heilarar á svæðinu.*

*Bjarni Töframaður, snjallasti skífuþeytir landsins lætur diskóið duna fram á nótt!*

*Brynja Valdís leikkona verður með uppistand*
*og jólasveinar fækka fötum og ganga um gólf.*

*Húlahoppkeppni og verður húlahoppdrottning Íslands valin.*
*Glæsileg verðlaun að upphæð 30 þúsund krónur.*

*Já það verður stuð stuð á Players!*
*Forsala hefst 25. nóvember á Players.*
*Skemmtun og suðrænir kokktelar í boði hússins við inngang á einungis 2000 krónur.*
*Ath! húsið opnar fyrir karlmenn á miðnætti.*


# Eðlilegt fólk er það skrítnasta af öllu

Stórleikarinn Johnny Depp er á forsíðu nýjasta heftis tímaritsins Vanity Fair og fjallar þar meðal annars um hlutverk sitt í kvikmyndinni The Tourist, en þar leikur hann stærðfræðing sem lendir í ýmsum ævintýrum.

„Ég hef alltaf heillast af fólki sem þykir alveg eðlilegt, því mér finnst það fólk skrítnast af öllum," sagði leikarinn, sem hingað til hefur verið þekktastur fyrir að leika ýmsa kynlega kvisti.

Depp segist halda mikið upp á persónuna Jack Sparrow, úr kvikmyndinni Pirates of the Caribbean, en segir yfirmenn Disney-samsteypunnar ekki hafa deilt þeirri hrifningu með honum. „Þau þoldu hann ekki. Einfaldlega þoldu hann ekki. Einn yfirmannanna taldi að Jack myndi eyðileggja myndina. „Hvað er að honum, er hann svona einfaldur? Er hann drukkinn? Er hann samkynhneigður?" spurði hún mig og ég svaraði henni: „Vissirðu ekki að allir karakterar mínir eru samkynhneigðir?" Þetta svar gerði hana bara taugaóstyrkari," sagði Depp.



**LEIKUR FURÐUFUGLA** Leikarinn Johnny Depp hefur leikið ýmsa furðufugla á ferli sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Komin með nýjan

Söngkonan Christina Aguilera skildi við eiginmann sinn, Jordan Bratman, fyrir stuttu og er strax komin með nýjan mann upp á arminn, Matt Rutler að nafni. Hefur parið verið að hittast undanfarinn mánuð og kynnti hann hana nýverið fyrir foreldrum sínum.

Rutler og Aguilera kynntust við tökur á kvikmyndinni Burlesque, þar sem hann vann sem aðstoðarmaður sviðsmanns. Þau eyddu þakkargjörðarhátíðinni saman á meðan sonur Aguilera dvaldi hjá föður sínum. „Þetta er í fyrsta sinn sem Christina er fjarri Max yfir hátíðina. Hún var mjög sorgmædd og ákvað þess vegna að eyða hátíðinni með Matt í New York. Fjölskylda hans býr mjög nærri og þau ákváðu að kíkja í stutta heimsókn þangað," var haft eftir heimildarmanni.



**KOMIN MEÐ KÆRASTA** Christina Aguilera er nýskilin en komin með nýjan mann upp á arminn.

# Nikon D3100

## FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYNDAVÉL

– auðveld í notkun með Guide mode, tekur frábærar myndir og kvikmyndir í háskerpuupplausn

Nikon

At the heart of the image

Nú fylgir með D3100 aukahlutapakki sem inniheldur vandaða ljósmyndabók, 4 GB minniskort og Acme Made tösku að verðmæti 14.995.-

**D3100 18-55VR kit Verð 129.995.-**




Nikon SCHOOL INTRO

**Nýjung á Íslandi!**

**Nikon skólinn**

Innifalið í kaupum er 2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR (verðmæti: 12.000 kr.)

# I AM YOUR BEST WINTER DEAL

## MEÐ COOLPIX S3000 TEKUR ÞÚ BETRI MYNDIR




Nú fylgir með Nikon COOLPIX S3000 aukahlutapakki sem inniheldur 4 GB minniskort og Golla tösku að verðmæti 8.995.-

**S3000 Verð 26.995.-**

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

# Allt í einu best klædd

Breska leikkonan Helena Bonham Carter var á lista tímaritsins Vanity Fair yfir best klæddu einstaklinga ársins 2010. Tilnefningin kom leikkonunni mjög á óvart enda hefur hún oftar verið á lista yfir þá verst klæddu.

„Þetta var mikill sigur. Það kom mér til að hlæja því ég hélt að þetta væri brandari fyrst þegar ég heyrði af þessu. En þegar ég sá greinina hugsaði ég með mér: „Myndirnar sem þau völdu eru jafn slæmar og þær sem þau birta þegar ég er illa klædd,“ sagði leikkonan. Fatastíll Bonham Carter hefur löngum þótt svolítið undarlegur en leikkonan má eiga það að hún hefur ávalt haldið sínu striki sama hvernig tískan þróast og breytist. Það hefur nú skilað sér því hún er nú komin í hóp velklæddra manna og kvenna á borð við Jake Gyllenhaal, Carey Mulligan og David Beckham.



**HISSA** Helena Bonham Carter varð hissa þegar hún komst á lista yfir best klædda fólk ársins. NORDICPHOTOS/GETTY

# Erfið nöfn stjarnanna í Hollywood

**Það er misauðvelt að bera fram nöfn stjarnanna og sum nöfnin geta verið hálfgerður tungubrjótur. Ekki eru allir jafn lukkulegir og Brad Pitt sem hlaut í vöggugjöf nafn sem er bæði auðvelt að muna og bera fram. Eftirnafn gamanleikarans Zach Galifianakis er aftur á móti ekki jafn þjált, né heldur raunverulegt nafn söngkonunnar Cher, sem er Cherilyn Sarkisian. Önnur erfið eftirnöfn eru til dæmis eftirnöfn leikaranna Matthew McConaughey, Mariska Hargitay og Gabourey Sidibe.**



MARISKA HARGITAY



ZACH GALIFIANAKIS

GABOUREY SIDIBE

MATTHEW MCCONAUGHEY

CHER SARKISIAN





BYLGJAN KYNNIR:

ÁRLEGIR ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR BUBBA MORTHENS VERÐA Í HÁSKÓLABÍÓI ÞANN **23. DESEMBER** OG HEFJAST **KL. 22.00.**
SÉRSTAKUR GESTUR BUBBA ER JÓNAS SIGURÐSSON.

MIÐASALA ER HAFIN Á **MIDI.IS.**
MIÐAVERÐ **3.500 KR.**

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á **PRIME.IS.**

prime UMBOÐSSKRIFSTOFA
BYLGJAN 989





Tónlist ★★★★

**Skot**

Benni Hemm Hemm

## Skothelt hjá Benna




Skot er fjórða plata Benna Hemm Hemm í fullri lengd. Benni sló í gegn með fyrstu plötunni sinni, sem hét í höfuðið á honum, árið 2006. Á henni var indípopp með lúðrum. Hann festi sig í sessi með annarri plötunni Kajak ári seinna og kláraði svo lúðrasveitarpakkann með Murta St. Calunga sumarið 2008. Þá var ljóst að Benni þyrfti að hugsa málið upp á nýtt. Og það hefur hann gert.

Í vor sendi hann frá sér fimm laga EP-plötu á ensku sem heitir Retaliate. Á henni var hann búinn að berstrípa tónlistina og kassagítarinn var orðinn mest áberandi hljóðfærið. Á Skot er Benni farinn að byggja meira ofan á grunnana sína aftur, en nú eru það ýmiss konar hljómborð sem setja mestan svip á útkomuna, auk rafmagnsgítars og víólu á stöku stað. Blásturshljóðfærin eru komin í frí.

Lagasmíðarnar á Skotinu eru margar vel gerðar og grípandi. Melódíurnar setjast að í heilanum og maður hummar þær langt fram eftir degi. Samt hefur platan afslappað yfirbragð, eins og Benni hafi ekki verið að rembast mikið, heldur leyft lögunum að koma til sín. Það er Retro Stefson sem flytur tónlistina með höfundinum og greinilegt er að samstarfið hefur gengið vel. Flutningurinn er góður og útsetningarnar bæði lifandi og fjölbreyttar. Textarnir eru skemmtilegir sem fyrr, fullir af skrítnum sögum og orðaleikjum.

Benni hefur dvalið í Skotlandi síðustu ár – nafnið Skot er kannski einhver tilvísun í það? Það er sennilega heldur ekki tilviljun að skoska sveitin Belle & Sebastian kemur helst upp í hugann þegar maður hlustar á plötuna.

Á heildina litið skotheld plata frá listamanni sem er löngu búinn að sanna sig.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Benni segir bless við lúðrana á fínni poppplötu.

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

# LESTRARHESTAFÓÐUR*

## Nornin og dularfulla gauksklukkan

Týnda ævintýrið um Rósalind og Ástrós úr Stundinni okkar. Fjörug og falleg bók.






5+

## Upp í sveit

Fræðandi bók um íslensku húsdýrin og lífið í sveitinni fyrir yngstu kynslóðina.

„Þessi bók er þarfaþing í íslenska barnabókaflóru og gefur innsýn í sveitalífið eins og það er í dag.“

Ingveldur Geirsdóttir / Morgunblaðið




2+

## Fíasól og litla ljónaránið

Æsispennandi saga um Fíusól með litríkum myndum.

★ ★ ★ ★

Birta Björnsdóttir / Morgunblaðið




4+

## Forngripasafnið

Æsispennandi saga um draslaralegt safn, dularfull hljóð og drauga úr fortíðinni.

„Forngripasafnið hittir því áreiðanlega í mark meðal fróðleiksfúsra krakka.“

Sigurður Ólafsson / bokmenntir.is

„... heldur lesandanum við efnið, það er alltaf nóg að gerast.“

Helgi Snær Sigurðsson / Morgunblaðið




8+

## Skrímsli á toppnum

Ný bók um vinsæl og vingjarnleg skrímsli – en kunna þau að klifra í trjám?

„Skrímslin eru svo sannarlega á toppnum.“

Birta Björnsdóttir / Morgunblaðið






2+

## Flateyjarbréfin

Sprenghlægileg saga um fjörugt sumar í Flatey og tilraun til endurmenntunar í 5. bekk.

„... stútfull af skemmtilegum hlutum, ég mæli með þessari bók fyrir alla krakka á aldrinum 7 til 12 ára.“

Kolfinna Þöll Þórðardóttir, 11 ára / Skorningar, RÚV

„... hvet sem flesta til að lesa þessa frábæru bók.“

Katrín Sigríður Steingríms dóttir / Krakkarýni Fréttablaðsins




7+




Fimmtán mínútna lestur á dag styrkir barnið þitt í námi.

**GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL**



* Miklu skiptir að fóðra lestrarhesta vel frá unga aldri. Ungir hestar kjósa helst nýja sögu daglega fyrir svefninn og örlítið eldri hestar þurfa gott næði á meðan þeir matast.



**SAMMÁLA UM NAFN** Pink og Carey Hart eiga von á sínu fyrsta barni eftir hálft ár. Ef barnið er drengur vilja þau skíra hann Jameson. NORDICPHOTOS/GETTY

# Skírir barnið eftir viskíi

Söngkonan Pink og eiginmaður hennar, Carey Hart, eiga von á sínu fyrsta barni. Söngkonan er komin rúma þrjá mánuði á leið og segist þegar vera búin að ákveða nafn á barnið verði það drengur.

„Pabbi minn heitir James og bróðir minn heitir Jason. Ég og Carey erum bæði hrifin af viskíi og þess vegna ákváðum við að ef barnið yrði drengur myndi hann heita Jameson. Mjög auðvelt,“ sagði söngkonan í viðtali við Access Hollywood.

Hjónin eru þó ekki jafn ákveðin þegar kemur að stúlkunöfnum. „Ég vil nafn sem hefur einhverja merkingu, en Carey finnst sem nafnið hans hafi verið of stelpulegt og vill ekki að barnið heiti skrítnu nafni. Ég verð því að mýkja hann svolítið upp ef ég vil fá frumlegt nafn á barnið.“

# Friðurinn úti með tilkomu Facebook

**Sjónvarpsstjörnurnar Shawn Pyfrom og Penn Badgley skemmtu sér í Reykjavík um helgina. Fréttir af komu þeirra spurðust hratt út í gegnum Facebook. Eigandi Vegamóta segir lítinn frið fyrir erlenda gesti með nýjustu tækninni.**



**ALLT BRJÁLAÐ Á VEGAMÓTUM** Jónas Óli Jónasson, plötusnúður á Vegamótum, segir að vera erlendu stjarnanna hafi spurst fljótt út í gegnum Facebook. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það kom fullt af stelpum hingað sem vildu láta taka myndir af sér með þeim,“ segir Andri Björnsson, eigandi veitingastaðarins Vegamóta.

Fréttablaðið sagði í gær frá því að sjónvarpsstjörnurnar Shawn Pyfrom og Penn Badgley hefðu skemmt sér í miðborg Reykjavíkur um helgina. Þeir félagar snæddu nokkrum sinnum á Vegamótum á meðan á dvöl þeirra stóð, en samkvæmt heimildum blaðsins er Pyfrom ennþá á landinu.

Sá fjöldi ungra stúlkna sem lagði leið sína á Vegamót um helgina vakti athygli en skýringin á því kann að vera einföld. „Það voru einhverjir sem sáu þá hér og sögðu frá því á Facebook. Í dag er fólk einfaldlega með netið í símanum, svo þetta spyrst hratt út,“ segir Andri. Í kjölfarið myndaðist mikil spenna meðal ungra stúlkna og Vegamót varð skyndilega vinsælasti áfangastaður þeirra. Þeir Pyfrom og Badgley fengu því ekki mikinn frið frá æstum aðdáendum meðan á Íslandsdvölinni stóð. Andri segir þetta ekki hafa verið svona slæmt áður en Facebook kom til sögunnar. „Þá kannski hringdu einhverjir sín á milli eða sendu SMS. En nýjasta tæknin flýtir fyrir fréttunum, enda nýtur Facebook gríðarlegra vinsælda hjá ungu fólki.“ Hann segir að fjölmargir þekktir einstaklingar hafi í gegnum tíðina komið á Vegamót og verið tiltölulega óáreittir. Andri telur samt ekki að þeim Pyfrom og Badgley hafi þótt athyglin slæm. „Þeir væru ábyggilega



**VINSÆLIR** Þeir Shawn Pyfrom úr Desperate Housewives og Penn Badgley úr Gossip Girl skemmtu sér vel á Íslandi um liðna helgi.

með sólgleraugu og derhúfu ef þeir vildu fá að vera í friði,“ segir Andri og hlær.

Jónas Óli Jónasson, plötusnúður á Vegamótum, er sammála Andra. „Það komu svona sextíu stelpur á meðan þeir voru hérna og það er klárlega bara út af Facebook.“ Jónas spjallaði lítillega við þá Pyfrom og Badgley á laugardaginn. „Þeir sögðust ætla að kíkja út um kvöldið og að þeir kæmu örugglega til okkar. Þeir enduðu svo bara á Austur og voru þar eiginlega allan tímann,“ segir Jónas, svekktur yfir því að hafa ekki verið að spila á Austur eins og hann hefur oft gert. Fyrir daga Facebook hefðu þeir félagar án efa getað skroppið til Íslands og fengið að vera í friði. Svo er það kannski ekki besta leiðin fyrir fræga fólkið að tilkynna það á netinu hvert förinni er heitið, að minnsta kosti ekki ef menn ætla að fá að vera í friði fyrir aðdáendum. kristjana@frettabladid.is


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu að- gengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. vísir.is


# Vildi hætta í leiklistinni tvítug

Leikkonan Mila Kunis, sem sló í gegn í sjónvarpsþáttunum That '70s Show, íhugaði að segja skilið við leiklistina þegar hún var aðeins tvítug að aldri.

Kunis hafði árið 2003 þénað nóg til að geta lifað góðu lífi það sem eftir var án þess að þurfa að vinna framar. Hún hafði þá unnið sem fyrirsæta og leikkona í ellefu ár og íhugaði að segja endanlega skilið við leiklistina. „Margir átta sig ekki á því að maður verður mun ríkari af því að leika í sjónvarpsþáttum en af því að leika í kvikmyndum. Þar eru fastar tekjur í boði fyrir auðvelt starf. Ég var tvítug og summan inni á bankareikningnum mínum var nógu stór til að endast mér út ævina. Ég íhugaði að hætta í leiklist og snúa mér að öðrum hlutum,“ sagði leikkonan í viðtali við tímaritið Nylon.

„Þetta er erfiður bransi og lítið um öryggi í honum og ég var ekki viss um að ég gæti þolað það til lengdar.“ Kunis hætti þó við því hún sagðist ekki geta hugsað sér að vinna við nokkuð annað. Kunis fer með aukahlutverk í kvikmyndinni The Black Swan og þótti frammistaða hennar í myndinni svo góð að hún gæti átt von á óskarstilnefningu á næsta ári.



**VILDI HÆTTA** Mila Kunis var orðin svo rík þegar hún var tvítug að hún íhugaði að hætta í leiklist. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sér eftir aðgerðunum

Bandaríska raunveruleikastjarnan Heidi Montag sem komst í heimsfréttirnar þegar hún lét gera tíu fegrunaraðgerðir í einu, sér eftir öllu saman í dag. Montag, sem varð þekkt andlit eftir þátttöku sína í þættinum The Hills sem sýndir eru á MTV sjónvarpstöðinni, vill nú nýta sína reynslu til að vara ungar stúlkur við að leggjast undir hnífinn. Montag segist sjálf gjarna vilja fá sitt gamla útlit aftur en getur ekki hugsað sér að fara í fleiri aðgerðir svo hún ætlar að láta sér lynda að vera í brjóstastærð DDD.



**VARAR STÚLKUR VIÐ** Raunveruleikastjarnan Heidi Montag sér eftir tíu lýtaaðgerðunum sem hún fór í á einum degi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Jólaboð

## Kæri viðskiptavinur! Þér er boðið til afsláttarveislu í Eymundsson frá kl. 17-21 í dag!

***Kakó og piparkökur***

**20%** afsláttur af öllum vörum*



TOPModel teiknivörurnar
Það vinsælasta hjá okkur í dag!

Allt að **40%** afsláttur af Disney bókum.



**Jólabækurnar fást hjá okkur**

Eigum árituð eintök af ***Furðuströndum*** bók Arnaldar Indriðasonar og fleiri titlum.




**Aukið gildi í áritaðri bók!**




**Opið til kl. 21.00 í eftirfarandi verslunum:**
Penninn/Eymundsson Hallarmúla 2.
Eymundsson Skólavörðustíg
Eymundsson Austurstræti
Eymundsson Hafnarfirði, Strandgötu 31
Eymundsson Akranesi, Dalbraut 1
Eymundsson Akureyri, Hafnarstræti 91-93
Eymundsson Reykjanesbæ, Sólvallagötu 2
Eymundsson Ísafirði, Hafnarstræti 2
Eymundsson Vestmannaeyjum, Bárustíg 2



Kynningar og uppákomur í Hallarmúla og á Akureyri

* Gildir ekki með öðrum tilboðum og ekki af prenturum og öðrum tækjum.

Eymundsson.is

Skiptimiðinn

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

# Íslandsvinir með tónleika

Bandarísku tónlistarmennirnir Tom Brosseau og Gregory & the Hawk spila á Faktorý í kvöld ásamt Mr. Sillu.

Brosseau og Gregory hafa leikið á tónleikum með múm, Amiinu, Ólöfu Arnalds og Lay Low á erlendum vettvangi. Þau eru bæði á mála hjá breska útgáfufyrirtækinu Fat Cat, því hinu sama og gaf út plötur Sigur Rósar og múm á mótunarárum þeirra. Gregory & the Hawk er listamannsnafn tónlistarkonunnar Meredith Godreau, en hún og Tom Brosseau koma hingað til lands beint af sameiginlegu ferðalagi um Evrópu.

„Ég var að túra með múm fyrir tveimur árum. Þá var Brosseau að túra með okkur og við höfum verið að reyna að koma honum til landsins síðan. Hann var að klára Evróputúr og við náðum að grípa hann,“ segir Sigurður Magnús Finnsson, sem lofar skemmtilegum tónleikum í kvöld. „Þau spila bæði lágstemmda tónlist með kassagíturum og eru alveg æðisleg í þessum geira. Þegar maður var að túra með Brosseau sá ég hann spila 28 kvöld í röð og var svekktur þegar síðasta kvöldinu var lokið.“

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21.30 og aðgangseyrir er 1.000 krónur. **- fb**



**MIKILL FENGUR** Sigurður Finnsson skipuleggur tónleika Brosseau í kvöld.



**TOM BROSSEAU** Tom Brosseau og Gregory & the Hawk stíga á svið á Faktorý í kvöld.

# Vel þegin upprifjun

Tónlist ★★★★

**< 1980**

Melchior



**MELCHIOR** Heil 37 ár eru liðin síðan Melchior var stofnuð af nemendum í Menntaskólanum í Reykjavík. Á dögunum kom út pakki með öllum plötum sveitarinnar og er útgáfan vel heppnuð.

Hljómsveitin Melchior var stofnuð af nemendum í Menntaskólanum í Reykjavík árið 1973. Hún sendi frá sér smáskífuna „Björgólfur-Benóný-Grímúlfur-Melkjör-Emanúel-Egilsson-Leir-Fæt-Bíleigandi-Bergrisi-Hermaníus-Þengill-Trefill“ síðla árs 1974. Mannaskipan tók nokkrum breytingum fyrstu árin, en þegar stóra platan Silfurgrænt Ilmvatn kom út árið 1978 voru í Melchior þau Gunnar Hrafnsson, Hilmar Oddsson, Hróðmar Sigurbjörnsson, Karl Roth, Kristín Jóhannsdóttir og Ólafur Flosason. Sú skipan hélst óbreytt á seinni breiðskífunni Balapopp sem kom út 1980, en á báðum plötunum komu fjölmargir gestaspilarar við sögu. Melchior var endurvakin og gaf út sína þriðju stóru plötu í fyrra, en < 1980 sem er tvöföld hefur að geyma efni frá fyrra skeiði sveitarinnar.





Tónlist Melchior er fjölbreytileg og einkennist bæði af ólíkum lagahöfundum og opnum og leitandi hug hljómsveitarmeðlima. Hróðmar, Hilmar og Karl sömdu flest lögin. Silfurgrænt ilmvatn var tekin upp í Hljóðrita og gefin út af Iðunni. Á henni er melódískt þjóðlagapopp af svipuðum toga og Spilverk þjóðanna var þekkt fyrir. Mörg góð lög og textar. Platan er nokkuð fjölbreytt, en hápunktur hennar er smellurinn Alan eftir Hilmar við texta Hallgríms Helgasonar. Algjör perla!

Balapopp er allt öðru vísi. Þar ræður ríkjum andi uppátækja og undarlegheita. Það eru 22 lög á henni og sum þeirra ekki nema nokkrar sekúndur. Lagasmíðarnar eru samt margar ágætar og það er gaman að þessari plötu. Eins og nafnið bendir til var Balapopp hljóðritað að Bala í Mosfellssveit þar sem Dieter Roth og fjölskylda áttu athvarf. Bali er sérkapítuli í íslenskri poppsögu. Þar voru teknar upp nokkrar furðulegar plötur, t.d. hin stórskemmtilega plata Freddy & The Fighters sem kom út 1977. Andi upptökustaðarins svífur yfir vötnum á Balapoppi, en platan hljómar samt ekki jafn flippuð í dag og fyrir 30 árum þegar hún kom út.

< 1980 er mikill fengur og vel þegin upprifjun. Umslagið prýðir sama frábæra teikningin og var á gömlu smáskífunni og hönnun og vinnsla þessarar útgáfu er að mestu leyti til fyrirmyndar. Það er að vísu tvennt sem að mínu mati hefði mátt gera betur. Í fyrsta lagi eru tvö laganna endurhljóðrituð og sett inn í stað gömlu útgáfanna. Það er algjört undirstöðuatriði þegar það er verið að endurútgefa plötur að láta þær halda sér í heild sinni. Ég skil vel að meðlimirnir hafi viljað gera nýja útgáfu af snilldarlaginu Alan, en það hefði einfaldlega mátt bæta henni aftan við, en ekki þurrka gömlu upptökuna út. Mér finnst líka undarlegt að öðru laginu á fyrstu smáskífunni, A Song of Long Forgotten Fame, hafi verið sleppt. Hvaða sérviska var það?

Fyrir flesta eru þetta samt eflaust smáatriði. Á heildina litið er < 1980 flott útgáfa og góð heimild um Melchior og ákveðið tímabil í íslenskri poppsögu.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Gömlu Melchior-plöturnar aftur fáanlegar í flottri yfirlitsútgáfu.


BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN

THE JONESES

★★★★ BOXOFFICE MAGAZINE ★★★★ ORLANDO SENTINEL ★★★★ TIME OUT NEW YORK

Harry Potter, Hermione Granger, Ron Weasley og Voldemort eru komin aftur í magnaðasta ævintýri allra tíma

GNARR

ROBERT DOWNEY JR. ZACH GALIFIANAKIS

FROM THE DIRECTOR OF OLD SCHOOL AND THE HANGOVER DUE DATE LEAVE YOUR COMFORT ZONE COMING SOON

RED

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 5 - 6:30 - 7 - 8 - 10 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 5 - 8 | |
| DUE DATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| RED | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ÓRÓI | kl. 10 | 10 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 6 - 9 | 10 |
| DUE DATE | kl. 6 - 8 | 10 |
| RED | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 5, 6, 8, 9, 10:10 | 10 |
| DUE DATE | kl. 5.50, 8, og 10.20 | 10 |
| GNARR | kl. 5.40 | L |
| RED | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE JONESES | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 | 10 |
| THE SWITCH | kl. 5:50 | 10 |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | 10 |

MIÐASALA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!

RUSSELL CROWE THE NEXT THREE DAYS 12 LÚXUS

FRÁBÆR TEIKNIMYND MEÐ ÍSLENSKU TALI Niko L ÍSL. TAL

EPÍSK STÓRMYND EFTIR LEIKSTJÓRA THE OTHERS AGORA 14 ★★★ -S.V., MBL

DRAUMURINN UM VEGINN L

jackass 3D 12

MISSIÐ EKKI AF ÞESSUM MAGNAÐA VÍSINDASKÁLDSÖGUTRYLLI Í BÍÓ! SKYLINE 12

ARTÚR 3 L ÍSL. TAL

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| THE NEXT THREE DAYS | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THE NEXT THREE DAYS LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 3.40 - 6 | L |
| SKYLINE | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| JACKASS 3D ÓTEXTAÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| UNSTOPPABLE | KL. 10.10 | L |
| EASY A | KL. 5.50 - 8 | L |
| ARTHÚR 3 | KL. 3.40 | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | KL. 3.40 | L |
| AULINN ÉG 3D ÍSL. TAL | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| AGORA | kl. 6 - 9 | 14 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 6 | L |
| DRAUMURINN UM VEGINN | KL. 6 | L |
| SKYLINE | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| UNSTOPPABLE | KL. 8 - 10.10 | L |
| BRIM | KL. 6 | 12 |
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | KL. 8 - 10.15 | L |

BORGARBÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| THE NEXT THREE DAYS | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 6 | L |
| ARTÚR 3 | KL. 6 | L |
| JACKASS 3D | KL. 8 | 12 |
| SKYLINE | KL. 10 | 12 |

5% facebook /smarabio • Sími 564 0000
Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

RUSSELL CROWE THE NEXT THREE DAYS

Niko

jackass 3D

UNSTOPPABLE

ARTÚR 3

Úti er Ævintýri 2

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE NEXT THREE DAYS | 8 og 10.30 | 12 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | 6 - ISL TAL | L |
| JACKASS – ÓTEXTUÐ | 8 og 10.15 | 12 |
| UNSTOPPABLE | 8 og 10.15 | L |
| ARTÚR 3: TVEGGJA HEIMA STRÍÐ | 6 - ISL TAL | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | 6 - ISL TAL | L |

BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| THE SOCIAL NETWORK(L) | 20:00 |
| INHALE(16) | 18:00 |
| ÓRÓI(L) | 20:20 |
| BRIM(12) | 18:20 |
| FEATHERED COCAINE(L) | 18:10, 20:30 |
| INSIDE JOB(L) | 20:10 |
| ARMADILLO(14) | 18:30 |

CAFÉ

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur

YOU DON'T GET TO 500 MILLION FRIENDS WITHOUT MAKING A FEW ENEMIES

SÝNINGATÍMAR MIÐVIKUDAG

INHALE

BÍÓDAGAR HAUST 2010 SÍÐASTA SÝNINGARVIKA Á SJÖ HEITUSTU HEIMILDARMYNDUM ÁRSINS!

BRIM

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS


RAFVÖRU MARKAÐURINN
LJÓSADAGAR
LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK
KASTARAR
3995
5995
2495
HALOGEN KASTARAR, STÁL
5990
5990
3990
1990
HALOGEN KASTARAR, GULL
3495
1495
VIÐAR KASTARAR
2495
4995
1495
VIÐAR KASTARAR
3995
1995
1495
HALOGEN KASTARAR
7990
3990
7990
HALOGEN KASTARAR
HANGANDI LJÓS
2995
DRAGLJÓS
4995
DRAGLJÓS
19.995
NÍU ARMA LJÓSAKRÓNA
4995
HALOGENLJÓS
9995
7990
5995
7495
KÚPLAR
3995
STÓR KÚPULL, 2 x 60W. EIK OG FURA
2495
GULL, STÁL & HVÍTT
4995
VEGGLJÓS. STÁL & GYLLT
4495
28W
3795
16W
MEÐ SPARPERU, KRÓM & HVÍTT
1495
VEGGLJÓS. KRÓM, STÁL & GYLLT
3490
STÓR KÚPULL, 2 x 60W
BORÐLAMPAR
2995
4995
6995
2495
3995
MEÐ KLUKKU
2995
HESTAR
MÓTORHJÓL
2995
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# sport

sport@frettabladid.is



**LOGI GUNNARSSON** hjá Solna Vikings hefur skorað flestar þriggja stiga körfur til þessa í sænsku úrvalsdeildinni í körfubolta til þessa. Logi hefur sett niður 39 þrista í 12 leikjum eða 3,3 að meðaltali í leik. Logi hefur hitt úr 43,8 prósent þriggja stiga skota sinna og er í sjötta sætinu yfir bestu nýtinguna. Logi hefur hitt úr 10 af 18 þriggja stiga skotum í síðustu tveimur leikjum.



**METHAFINN** Hrafnhildur Skúladóttir hefur verið í landsliðinu í 13 ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hrafnhildur með 500 mörk:

## Bætir metin sín í hverjum leik

**HANDBOLTI** Hrafnhildur Skúladóttir bætir landsleikjametið með hverjum leik og landsliðsmarkametið með hverju marki. Um helgina varð Hrafnhildur fyrsta landsliðskonan til þess að skora 500 mörk fyrir A-landsliðið.

„Ég ætla ekki að hætta að skora núna fyrst ég er komin með fimm hundraðasta markið, Ég þarf að bæta við þetta," sagði Hrafnhildur en Knútur G. Hauksson, formaður HSÍ, ýjaði að því að hún fengi gullúr þegar hún skoraði þúsundasta markið. Hrafnhildur hló bara að því.

„Ég held að Knútur hafi aðeins gleymt því að reikna út hvað ég væri gömul. Ég er samt ekkert að fara að hætta strax og eigum við ekki að segja að ég ætli allavega að ná sex hundruð mörkum," sagði Hrafnhildur. **- óój**

### EM-hópur Íslands

| Markverðir: | landsleikir |
|---|---|
| Berglind Íris Hansd., Fredrikstad | 102 |
| Íris Björk Símonardóttir, Fram | 54 |
| **Aðrir leikmenn:** | **landsleikir** |
| Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, Val | 59 |
| Arna Sif Pálsdóttir, Team Esbjerg | 49 |
| Ásta Birna Gunnardóttir, Fram | 36 |
| Hanna G. Stefánsdóttir, Stjörnunni | 95 |
| Harpa Sif Eyjólfsd., Sparvagen HF | 27 |
| Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, Val | 124 |
| Karen Knútsdóttir, Fram | 19 |
| Rakel Dögg Bragadóttir, Levanger | 72 |
| Rebekka Rut Skúladóttir, Val | 16 |
| Rut Arnfjörð Jónsd., Tvis Holstebro | 33 |
| Solveig Lára Kjærnested, Stjörn. | 46 |
| Stella Sigurðardóttir, Fram | 26 |
| Sunna Jónsdóttir, Fylki | 16 |
| Þorgerður Anna Atlad., Stjörnunni | 7 |

# Ánægð með flottan undirbúning

**Júlíus Jónasson, landsliðsþjálfari kvenna í handbolta, tilkynnti í gær EM-hópinn sinn en fyrsti leikur stelpnanna okkar er eftir sex daga. Júlíus og fyrirliðinn Rakel Dögg Bragadóttir eru sátt við stöðuna á liðinu.**

**HANDBOLTI** EM-hópur kvennalandsliðsins í handbolta var gefinn út í gær en þar eru á ferðinni sextán leikmenn sem koma til með að stíga söguleg skref í íslenskri handboltasögu eftir sex daga því hér er á ferðinni fyrsta stórmót íslenska kvennalandsliðsins. Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari kom ekki mikið á óvart með vali sínu og valdi þær stelpur sem hann hefur notað mest í æfingaleikjunum í vetur.

„Þetta er búið að ganga vel. Hópurinn er búinn að vera saman í tíu daga og við fórum á mótið í Noregi um helgina. Framhaldið er bara æfingar fram á laugardag og svo eigum við þennan æfingaleik á móti Spáni á sunnudaginn úti. Við notum síðustu dagana til þess að fínpússa hluti, bæði úti á gólfi sem og að vinna í sálfræðihlutanum til þess að undirbúa þær eins vel og hægt er. Sú vinna er byrjuð og kemur til með að halda áfram," segir Júlíus. Evrópumótið fer fram í Danmörku og Noregi og er íslenski riðillinn spilaður í Árósum í Danmörku.

„Það var erfitt að skera niður hópinn en ég er sannfærður um að þetta sé besti hópurinn sem ég gat valið. Það er kjarni þarna sem er búinn að vera lengi hjá mér en svo eru líka þarna ný nöfn sem hafa verið að koma upp í síðustu mótum. Hópurinn er góður og hann sýndi það um helgina með því að koma til baka eftir áfallið í fyrsta leiknum. Það þarf góðan hóp til að koma til baka eftir svoleiðis leik," sagði Júlíus og vísaði þar í 21 marks tap á móti ólympíu- og Evrópumeisturum Noregs.

### Fengu smá nasaþef um helgina

Rakel Dögg Bragadóttir, fyrirliði íslenska liðsins, er líka sátt við gang mála í undirbúningi liðsins.

„Við fengum smá nasaþef af þessu um helgina og ég áttaði mig þar á því að þetta væri að bresta á því það er bara vika í fyrsta leik. Við vorum að spila þrjá leiki um helgina og töpuðum þeim reyndar öllum en þrátt fyrir þessi töp held ég að við höfum fengið helling út úr þessu. Við græddum mikið á því að fara þangað og það er mikil og góð stemning í hópnum," segir Rakel. Hún segir liðið sé að undirbúa sig bæði líkamlega og andlega.

„Við erum búnar að undirbúa okkur frá öllum hliðum, bæði handboltalega og fyrir allt sem fylgir því að fara á stórmót. Undirbúningurinn er búinn að vera flottur og ég er mjög ánægð með allt saman, HSÍ, umgjörðina, æfingarnar, liðið sjálft og hvernig við stelpurnar erum búnar að mæta á æfingarnar," segir Rakel.

Fyrirliðinn viðurkennir þó að það hafi reynt mikið á hópinn eftir skellinn á móti Noregi á föstudaginn. „Það var mikið sjokk að tapa svona illa á móti Noregi. Noregur er með frábært lið og klárlega meistaraefni. Að sama skapi var þetta mikið sjokk því þetta var hræðilegur leikur hjá okkur. Það voru margir þættir sem spiluðu inn í af hverju við spiluðum svona illa en við sýndum mikinn styrk að koma til baka eftir þennan skell og ég er mjög ánægð með það," segir Rakel og bætir við: „Við áttum tvo góða leiki í framhaldinu og hefðum getað unnið báða þessa leiki á móti Dönum og Serbum. Ég var ánægð með það hvernig liðið kom til baka og að allir leikmenn risu upp eftir þetta stóra áfall á föstudaginn," segir Rakel.

### Fyrsti leikurinn eftir aðeins sex daga

Fyrsti leikur íslensku stelpnanna á mótinu er á móti Króatíu eftir aðeins sex daga. Rakel lítur á þennan leik sem úrslitaleik fyrir liðið og er ánægð með að mæta Króatíu í fyrsta leik en Svartfjallaland og Rússland eru einnig með íslenska liðinu í riðli.

„Ég býst við því að þær vanmeti okkur því ég hef verið að lesa viðtöl við þær þar sem þær tala um að Ísland sé engin fyrirstaða. Ég vona að þær haldi að þær geti mætt með vinstri. Við þurfum að vera á tánum í þeim leik því það er klárlega mikill úrslitaleikur fyrir okkur. Sigur þar getur fleytt okkur áfram. Það eina jákvæða við tapið á móti Noregi um helgina er að það gefur króatísku stelpunum ennþá meiri ástæðu til þess að vanmeta okkur," segir Rakel í léttum tón.

Landsliðsþjálfarinn segir liðið þó ekki mega setja allar sínar væntingar á þann eina leik.

„Króatíuleikurinn er okkar tækifæri til þess að koma svolítið á óvart og auðvitað þarf allt að ganga upp hjá okkur til þess að við náum góðum úrslitum. Þó að það gerist ekki í fyrsta leik er alltaf möguleiki í öðrum leik en markmiðið okkar er að horfa svolítið á þennan fyrsta leik án þess að gleyma því að sá leikur er ekki eini möguleikinn okkar í mótinu," segir Júlíus, sem segir liðið ætla að ná árangri á mótinu.

„Markmiðið er að komast í milliriðilinn sem er háleitt markmið en reynslan hefur sýnt okkur að það er ágætt að hafa markmiðin háleit. Stelpurnar og við í þjálfarateyminu höfum fulla trú á að það sé hægt," segir Júlíus að lokum. **ooj@frettabladid.is**



**SEX DAGAR Í FYRSTA LEIK** Rakel Dögg Bragadóttir, fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins, brosti út að eyrum á blaðamannafundi í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Fótboltalandsliðið hjálpaði stelpunum

Rakel Dögg Bragadóttir, fyrirliði kvennalandsliðsins, var ánægð með heimsókn sem stelpurnar fengu á dögunum en þá komu fulltrúar kvennalandsliðsins í fótbolta til þeirra og lýstu sinni reynslu af því þegar liðið fór á sitt fyrsta stórmót á EM í Finnlandi fyrir rúmu ári.

„Við fengum að heyra frá Sigurði Ragnari Eyjólfssyni, landsliðsþjálfara í fótbolta, og Hólmfríði Magnúsdóttur, leikmanni kvennalandsliðsins, en þau sögðu okkur frá sinni reynslu og hvernig þetta var þegar fótboltalandsliðið fór í fyrsta sinn á EM. Þetta var frábært og hjálpaði okkur mikið. Við þurfum að vita út í hvað við erum að fara til þess að halda einbeitingu á aðalatriðinu, handboltanum. Við megum ekki láta einhverja aðra hluti trufla okkur," segir Rakel Dögg.



**HJÖRTUR LOGI** Hefur vakið athygli víða í Skandinavíu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hjörtur Logi og Elfar Freyr:

## Á leið til IFK Göteborg

**FÓTBOLTI** Unglingalandsliðsmennirnir Hjörtur Logi Valgarðsson úr FH og Elfar Freyr Helgason hafa vakið verðskuldaða athygli erlendra liða.

Þeir hafa verið á ferð og flugi síðustu vikur og 7. desember halda þeir til Svíþjóðar þar sem þeir verða á reynslu hjá sænska úrvalsdeildarliðinu IFK Göteborg. Með liðinu leika Íslendingarnir Ragnar Sigurðsson, Theodór Elmar Bjarnason og Hjálmar Jónsson.

Þeir Hjörtur og Elfar munu mæta á tvær æfingar með liðinu áður en þeir ferðast með því yfir til Danmerkur þar sem þeir munu taka þátt í æfingaleik gegn Rúrik Gíslasyni og félögum í OB sem eru að halda sér í formi vegna Evrópudeildarinnar. **- hbg**

Íslandsmeistarinn Birgir Leifur Hafþórsson endaði í 2.-3. sæti á úrtökumóti og er kominn á lokaúrtökumótið:

# Birgir Leifur skrefi nær Evrópumótaröðinni

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson endaði í 2.-3. sæti á úrtökumóti fyrir Evrópumótaröðina í golfi sem fram fór á Arcos Garden vellinum á Spáni. Íslandsmeistarinn lék lokahringinn á fjórum höggum undir pari, eða 68 höggum, og samtals lék hann hringina fjóra á 6 höggum undir pari.

Birgir var tveimur höggum á eftir sigurvegaranum en alls komust 23 kylfingar áfram af þessum velli á lokaúrtökumótið sem hefst á laugardag í Katalóníu.

Ekki var hægt að ljúka leik á mánudaginn vegna hvassviðris og úrkomu og náði Birgir að leika 8 holur áður en keppni var frestað. Hann var þá á einu höggi undir pari en hann lék síðustu 10 holurnar í gær á þremur höggum undir pari. Birgir, sem leikur fyrir GKG, hefur nú þegar öðlast takmarkaðan keppnisrétt á Áskorendamótaröð Evrópu á næsta tímabili, sem er í raun og veru næstefsta deild í Evrópumótaröðinni.

Alls var keppt á fjórum stöðum á 2. stigi úrtökumótsins þar sem 320 kylfingar reyndu fyrir sér. Á lokamótinu mæta 160 kylfingar til leiks og í þann hóp bætast þeir sem náðu ekki að halda keppnisrétti sínum á Evrópumótaröðinni á þessu tímabili. Gríðarlega hörð barátta einkennir úrtökumótið fyrir Evrópumótaröðina en um 700 kylfingar reyndu fyrir sér á 1. stigi úrtökumótsins og aðeins 175 þeirra komust áfram á 2. stigið. Þar bættust 145 kylfingar í hópinn og var Birgir Leifur þar á meðal.

Aðeins 115 efstu á peningalista Evrópumótaraðarinnar halda keppnisrétti sínum á hverju ári og munu rúmlega 1.000 kylfingar berjast um 30 laus sæti á hverju einasta hausti á úrtökumótunum. **- seþ**



**GENGUR VEL** Skagamaðurinn Birgir Leifur Hafþórsson stendur sig vel á golfvellinum þessa dagana og nálgast Evrópumótaröðina.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

„Ég nota Herbalife-vörurnar innan vallar og utan til að halda einbeitingu og öðlast nægilega orku. Þannig get ég spilað minn besta leik.“

**HERBALIFE ER OPINBER NÆRINGARBAKHJARL**
**LIONEL MESSI**

22 ára gamla fótboltaundrið Lionel Messi spilar fyrir FC Barcelona og er einn fremsti fótboltamaður heims. Hann var fenginn til liðsins aðeins 11 ára gamall og reyndi sína frumraun í nóvember 2003 þá 16 ára gamall. Í aðeins 244 leikjum hefur hann skorað 127 mörk og átt 52 stoðsendingar. Hann leikur einnig í landsliði Argentínu.

**AFREK:**
2005 La Liga, Supercopa de España – Leikmaður ársins í Argentínu
2006 La Liga, Supercopa de España – Meistarakeppni
2007 Leikmaður ársins í Argentínu
2008 Leikmaður ársins í Argentínu
2009 Fékk FIFA Club World Cup Golden Ball

**UPPÁHALDS VÖRUR:**
Formúla 1 sjeik og próteinbar.




***Skynsamleg næring***

Casa Herbalife á Íslandi er styrkt af HFF

Herbalife er skráð á NYSE

HERBALIFE
sjálfstæðir dreifingaraðilar



**RAUTT Á XABI** Jose Mourinho gefur hér skilaboð í leiknum umdeilda. MYND/AP

Jose Mourinho, þjálfari Real:

# Fékk leikbann

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, þjálfari Real Madrid, var í gær dæmdur í eins leiks bann hjá UEFA fyrir að skipa tveimur leikmönnum sínum að fá viljandi rautt spjald í 4-0 sigri Real Madrid á Ajax í Meistaradeildinni á dögunum.

Þeir Xabi Alonso og Sergio Ramos fengu báðir sitt annað gula spjald í leiknum fyrir að tefja leikinn. Auk leikbannsins fékk Mourinho 40 þúsund evrur í sekt, sem gera um sex milljónir íslenskra króna. Mourinho er einnig á skilorði næstu þrjú árin.

Mourinho var ekki sá eini í Real Madrid sem fékk peningasekt. Xabi Alonso og Sergio Ramos þurfa báðir að greiða 20 þúsund evrur, Iker Casillas þarf að borga 10 þúsund evrur í sekt fyrir að koma skilaboðunum áfram og Jerzy Dudek fékk fimm þúsund evra sekt fyrir að bera skilaboðin frá Mourinho til Casillas. - óój



**TVÖ MÖRK** Jonathan Spector fagnar öðru marka sinna. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Enski deildarbikarinn í gær:

# United fékk stóran skell

**FÓTBOLTI** Botnlið West Ham í ensku úrvalsdeildinni vann 4-0 stórsigur á toppliði Manchester United í átta liða úrslitum enska deildarbikarsins á Upton Park í gærkvöldi. Manchester United hafði ekki tapað leik á tímabilinu og hafði unnið þessa keppni undanfarin tvö tímabil.

Jonathan Spector skoraði tvö fyrstu mörkin á móti sínum gömlu félögum og Carlton Cole innsiglaði sigurinn með tveimur mörkum í seinni hálfleik. Nígeríumaðurinn Victor Obinna lagði upp þrjú markanna og átti þátt í því fjórða.

West Ham er komið í undanúrslitin ásamt Arsenal sem vann 2-0 sigur á Wigan. Fyrra mark Arsenal var sjálfsmark Antolins Alcaraz en Nicklas Bendtner innsiglaði síðan sigurinn á 65. mínútu með marki af stuttu færi eftir fyrirgjöf frá Carlos Vela. - óój

## FH-Haukar 16-25 (8-13)

**Mörk FH (Skot):** Ólafur Andrés Guðmundsson 4 (12), Ásbjörn Friðriksson 4/1 (9/4), Ólafur Gústafsson 3 (10), Hjörtur Hinriksson 2 (2), Baldvin Þorsteinsson 2 (5),Benedikt Kristinsson 1 (1). **Varin skot:** Pálmar Pétursson 13/1 (38/4,34%).

**Hraðaupphlaup:** 3 (Baldvin 2, Hjörtur)

**Fiskuð víti:** 4 (Ásbjörn, Örn Ingi, Logi, Hjörtur)

**Brottvísanir:** 8 mínútur.

**Mörk Hauka (skot):** Þórður Rafn Guðmundsson 8/1 (12/1), Guðmundur Árni Ólafsson 5/1 (7/2), Freyr Brynjarsson 5 (8), Heimir Óli Heimisson 4 (5), Stefán Sigurmannsson 1/1 (1/1), Björgvin Hólmgeirsson 1 (4), Tjörvi Þorgeirsson 1 (6).

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 21/2 (37/3, 57%).

**Hraðaupphlaup:** 4 (Guðmundur 2, Heimir, Freyr)

**Fiskuð víti:** 4 (Heimir 2, Tjörvi, Freyr)

**Brottvísanir:** 10 mínútur.



**HETJA HAUKANNA Í GÆR** Birkir Ívar Guðmundsson, markvörður Hauka, átti stórleik í gær og hér fagnar hann einu af fjölmörgu vörðu skotum sínum með stuðningsmönnum Haukanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# HAUKARNIR HEFNDU MEÐ STÆL

**Haukar voru í ham í Kaplakrikanum í gær og unnu níu marka sigur á heimamönnum fyrir framan margmenni. Þegar liðin mættust í byrjun tímabils voru það FH-ingar sem unnu með sama mun.**

**HANDBOLTI** Frábær varnarleikur og markvarslan var lykillinn að því að Haukar unnu 25-16 útisigur gegn FH í gær. Hörmulegur kafli FH-inga þar sem þeir skoruðu ekki mark í tæpar tuttugu mínútur en fengu á sig sjö gerði útslagið.

„Þeir unnu bara sanngjarnan sigur," sagði Kristján Arason, þjálfari FH, eftir leikinn og hrósaði Birki Ívari Guðmundssyni, markverði Hauka. „Birkir var að verja stórkostlega og varði mikilvæg skot þegar við vorum að ná að komast aftur inn í leikinn. Þetta var orðinn algjör eltingaleikur og menn flýttu sér of mikið." Kristján var þó sáttur við varnarleik sinna manna. „Við erum að ná að þétta vörnina en sóknin gekk ekki. Sérstaklega þar sem Birkir Ívar var í þessum gír. Það kom hörmungarkafli þar sem menn voru yfirspenntir. Það kom þó smá ferskur vindur inn í hraðaupphlaupin með innkomu Loga [Geirssonar]."

Þegar lítið var eftir af leiknum tóku Haukamenn leikhlé þegar þeir voru níu mörkum yfir og fór það mjög í taugarnar á FH-ingum. „Ég skildi ekki þessa ákvörðun. Við ákváðum í sömu stöðu á Ásvöllum að taka ekki leikhlé en þeir vildu greinilega svekkja okkur. Leikurinn var búinn. Þó að þetta hafi verið baráttuleikur þá var þetta óþarfi. Þeir segjast hafa þurft á einu marki að halda en ég held að það sé fyrirsláttur," sagði Kristján.

Umgjörðin í kringum leikinn var eins og best verður á kosið. Langar raðir voru við hamborgarasöluna fyrir leik þar sem Heimir Guðjónsson, þjálfari fótboltaliðs FH, var meðal þeirra sem sáu um að grilla



**MARKAHÆSTUR** Þórður Rafn Guðmundsson lék vel með Haukum í Krikanum í gær.

ofan í mannskapinn og þá fluttu Erpur Eyvindarson og Friðrik Dór tónlistaratriði fyrir leik.

FH-ingar unnu níu marka sigur þegar liðin áttust við á Ásvöllum í upphafi leiktíðar og þeir skoruðu fyrstu tvö mörkin í gær. En Haukar voru ekki lengi í gang og tóku forystuna í fyrsta sinn 4-5 með þremur mörkum í röð. Birkir Ívar Guðmundsson var heitur strax frá byrjun og var kominn með tíu skot varin eftir rúmlega tuttugu mínútna leik.

Þórður Rafn Guðmundsson skoraði nokkur lagleg mörk með stórglæsilegum skotum og undir lok fyrri hálfleiksins keyrðu Haukar gjörsamlega yfir heimamenn. Þeir skoruðu fimm síðustu mörkin fyrir hlé og breyttu stöðunni úr 8-8 í 8-13 en þannig stóð í hálfleik.



**Í FRÍ MEÐ STÓRT TAP Á BAKINU** Logi Geirsson lék sinn síðasta leik með FH á þessu ári í gær og hann komst lítið áleiðis á móti sterkri vörn Hauka.

Gestirnir héldu uppteknum hætti eftir hlé og skoruðu tvö fyrstu mörk síðari hálfleiks áður en Hjörtur Hinriksson náði að skora ansi langþráð mark fyrir Fimleikafélagið. Logi Geirsson kom inn í seinni hálfleiknum eftir að hafa vermt varamannabekkinn allan þann fyrri.

Betri taktur komst á FH sem skoraði þrjú mörk í röð og hleypti meiri spennu í leikinn.

En Haukarnir voru með leikinn í öruggum höndum og hleyptu FH-ingum aldrei of nálægt sér. Úrslitin voru ráðin undir lokin og níu marka sigur Hauka staðreynd. Þeir náðu því að snúa blaðinu algjörlega við frá því þegar liðin áttust við í upphafi tímabils og eru nú komnir að hlið FH.

„Þeir fögnuðu eins og þeir væru heimsmeistarar eftir fyrri leikinn og það kom ekki til greina að láta þá vinna aftur. Þegar við spilum þessa vörn þá eiga lið í erfiðleikum með okkur," sagði Freyr Brynjarsson sem átti flottan leik fyrir Hauka.

„Við vinnum þetta í vörn og markvörslu. Birkir Ívar varði dauðafæri eftir dauðafæri auk þess að taka skyldu boltana. Þetta er ljúft en ég hefði þó viljað sjá fleiri Haukamenn á pöllunum, kannski eru bara einhverjir sem vilja alls ekki koma hingað."

elvargeir@frettabladid.is

## Skutu FH-ingar Birki inn í landsliðið?

„Ætli við höfum ekki skotið hann inn í landsliðið," sagði Kristján Arason, þjálfari FH, um frammistöðu Birkis Ívars Guðmundssonar í gær. Birkir var heldur betur í stuði og var að vonum glaður eftir leik.

„Já, þetta var ágætt hjá mér er það ekki?" sagði Birkir sem segist vera til í að hjálpa til hjá landsliðinu. „Við höfum rætt það ég og Gummi [Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari] að ef ég verð valinn þá er það með þeim formerkjum að ég sé að hjálpa hinum til."

Birkir var annars mjög ánægður með sigurinn örugga í gær. „Þetta er alvöru grannaslagur, sá stærsti á Íslandi. Það er virkilega gott að ná svona stórum sigri, sérstaklega í ljósi þess að FH hefur virkilega öflugt lið. Við náðum að stíga yfir þennan þröskuld í kvöld og verðum að stíga áfram eftir þessum vegi," sagði Birkir.

„Ég held að allt hafi gengið upp hjá okkur. Menn voru áræðnir og tóku alltaf frumkvæðið hvort sem það var í vörn eða sókn. Það skildi á milli í dag."





**UNITED-MAÐUR** Beckham mun bara spila með Man. Utd á Englandi. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

David Beckham:

# Ætlar ekki að fara til Everton

**FÓTBOLTI** David Beckham hefur verið orðaður við enska úrvalsdeildarfélagið Everton síðustu daga eftir að stjóri liðsins, David Moyes, sagðist vera mjög spenntur fyrir því að fá Beckham í sínar raðir.

Beckham fór í tvígang í lán hjá AC Milan á Ítalíu og fjölmörg félög hafa verið spennt fyrir því að nýta krafta Beckhams þó svo að það yrði til skemmri tíma.

Beckham hefur sagt áður að hann gæti ekki spilað fyrir annað lið á Englandi en Manchester United og hann hefur ítrekað það núna.

„Það er alltaf ánægjulegt að vera eftirsóttur. Ég ber mikla virðingu fyrir David Moyes og hef gert síðan við spiluðum saman hjá Preston. Hann hefur staðið sig frábærlega með Everton en ég er stuðningsmaður Man. Utd og því myndi þetta dæmi aldrei ganga upp,“ sagði Beckham. - hbg



**LEBRON** Fær vafalaust óblíðar móttökur í Cleveland. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Styttist í „heimkomu“ LeBron:

# Öryggisgæsla hert í Cleveland

**KÖRFUBOLTI** Margir NBA-aðdáendur eru farnir að telja niður fyrir næstu viku því þá snýr LeBron James aftur til Cleveland, en eins og frægt er orðið yfirgaf hann herbúðir félagsins síðasta sumar og gekk í raðir Miami Heat. Forráðamenn Cleveland eru þegar farnir að undirbúa „heimkomuna“ og verður öryggisgæsla hert verulega á leiknum.

„Auðvitað sættum við okkur ekki við of mikinn dónaskap, það eru börn líka á staðnum. Við ætlum samt ekki að vera eins og Gestapó,“ sagði hinn skrautlegi eigandi Cleveland, Dan Gilbert.

James getur ekki neitað því að hann sé þegar farinn að hugsa um leikinn.

„Hvernig er annað hægt? Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að ég er að fara í óvinveitt umhverfi. Það verður hátt spennustigið og mikil læti þarna,“ sagði James og bætti við: „Ég hef engar áhyggjur af öryggisgæslunni. Þetta er góð deild og það er alltaf passað upp á að bæði leikmönnum og áhorfendum líði vel.“

Á þeim sjö árum sem James lék með Cleveland voru vinir hans og fjölskylda dugleg að mæta á völlinn. Þar á meðal eru synir hans tveir sem nú búa í nágrannaborginni Akron með unnustu James. Leikmaðurinn hefur ekki ákveðið hvort hann taki þá með á völlinn.

„Það væri líklega skynsamlegt að biðja vini og ættingja að halda sig fjarri. Það gæti samt verið erfitt því allir vilja sjá leikinn. Við sjáum hvað setur,“ sagði James. - hbg

Jamie Carragher þarf að taka sér veglegt jólafrí:

# Frá í þrjá mánuði

**FÓTBOLTI** Varnarjaxlinn hjá Liverpool mun ekki spila aftur fótbolta fyrr en í lok febrúar eða byrjun mars á næsta ári. Carragher fór úr axlarlið í leiknum gegn Tottenham um helgina og verður af þeim sökum lengi frá.

„Ég mun fara í aðgerð í lok vikunnar. Venjan er að það taki menn tólf vikur að jafna sig eftir slíka aðgerð. Ég vildi gjarna koma fyrr til baka en ég verð að vera þolinmóður og leyfa öxlinni að jafna sig,“ sagði Carragher svekktur að vonum.

„Ég kem því vart til baka fyrr en seint í febrúar eða snemma í mars. Mér finnst alltaf mjög erfitt að vera meiddur og ég hef verið heppinn á mínum ferli því ég hef sjaldan meiðst. Nú fékk ég það aðeins í bakið. Eina skiptið sem ég meiddist alvarlega var þegar ég fótbrotnaði,“ sagði Carragher, sem ætlar að snúa aftur með stæl.

„Þetta er ekki auðvelt en það þýðir ekki að væla yfir þessu. Maður verður að vera ákveðinn og ég mun koma sterkur til baka. Þegar aðrir fara að þreytast mæti ég ferskur.“ - hbg



**VONT** Carragher var nokkuð þjáður er hann fór úr axlarlið en bar sig vel. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES




# Geri allt sem ég get til að komast á HM

**Guðjón Valur Sigurðsson mun í kvöld leika sinn fyrsta handboltaleik síðan Ísland vann bronsverðlaun á EM í Austurríki. Guðjón hefur á þessum tíma farið í tvær aðgerðir á hné. „Það verður gott að komast aftur í treyjuna," segir Guðjón Valur en hann segist ætla að lifa af nokkra leiki með Rhein-Neckar Löwen áður en hann fer að hugsa of mikið um HM sem fram fer í janúar.**

**HANDBOLTI** Hornamaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson mun í kvöld klæðast handboltabúningi í fyrsta skipti í tíu mánuði. Hann verður í leikmannahópi Rhein-Neckar Löwen í kvöld er liðið tekur á móti Þýskalandsmeisturum Kiel í mikilvægum leik sem sýndur verður beint á Stöð 2 Sport.

Hann fór í aðgerð á hné strax eftir Evrópumótið og þurfti svo aftur að leggjast undir hnífinn í maí. Biðin eftir því að komast aftur út á völlinn hefur því verið löng fyrir Guðjón. „Ég hef getað æft ágætlega í nokkurn tíma en það er ekki hægt að æfa allt sem maður þarf að gera í leikjum. Munurinn á æfingum og leikjum er eins og hlaupaskór og spariskór. Ég hef getað beitt mér af fullu afli í 3-4 vikur. Auðvitað finn ég aðeins fyrir meiðslunum en minna en fyrir aðgerðirnar," segir Guðjón Valur, sem bíður spenntur eftir því að fá.

„Það verður mjög góð tilfinning að fara aftur í treyjuna. Ég er samt ekki að fara að spila mikið í þessum leik. Ég er að koma mér af stað og ætla að reyna að vera skynsamur með því að fara rólega og varlega af stað," segir Guðjón, sem engu að síður byrjar í stórleik sem mun endanlega skera úr um hvort Löwen á einhvern möguleika á að berjast um titilinn..

„Ég ákvað að velja þægilegan leik til að byrja með. Þetta er fín upphitun fyrir Celje á laugardaginn," segir Guðjón léttur. „Það er annars mjög mikið undir. Við sýndum gegn Kiel og Hamburg í síðustu leikjum að við getum unnið þau. Vorum yfir lengstum í leiknum en vorum of fljótir að tapa niður forskotinu og leikjunum. Við erum að færast nær þessum liðum sem hafa verið saman lengur en við. Það er jákvætt."

Guðjón Valur viðurkennir fúslega að tíminn utan vallar hafi á tíðum verið erfiður en hann veltir sér ekki upp úr því enda kominn af stað og þá fylgja vonandi skemmtilegri tímar. Íslenskir handknattleiksunnendur gleðjast mikið yfir þessum tíðindum enda gæti farið svo að Guðjón Valur nái að spila með landsliðinu á HM í janúar.

„Ég ætla að byrja á því að lifa af nokkra leiki áður en ég fer að hugsa mikið um HM. Ég held að margir geri sér ekki grein fyrir því hversu erfið svona stórmót eru. Auðvitað geri ég mér samt vonir um að komast með á HM og mun gera allt sem ég get til þess að komast þangað," segir Guðjón.



**TÍU MÁNAÐA BIÐ Á ENDA** Guðjón Valur segir að það verði góð tilfinning að klæðast aftur búningi Rhein-Neckar Löwen í kvöld. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Félag hans er eflaust ekki of spennt fyrir því að hann fari á HM. Þjálfarinn hans hjá Löwen er eflaust ekki hrifinn af því að hann spilaði þar en landsliðsþjálfari Íslands vill örugglega að hann spili á HM. Vandamálið þar er að þjálfarinn er sá sami – Guðmundur Guðmundsson.

„Ég þarf að ná báðum þessum þjálfurum saman á fund og fara yfir þetta með þeim. Það gæti reynst erfitt," segir Guðjón léttur og hlær við. henry@frettabladid.is

## Vonlaust að sitja á bekknum

Guðjón Valur hefur í meiðslunum setið mikið á bekknum hjá Guðmundi þjálfara. Hann segir ekkert hjálpa til að sitja þar og fá að láta í sér heyra.

„Það er alveg vonlaust að sitja á bekknum. Ég ber mikla virðingu fyrir þjálfurum og aðstoðarþjálfurum eftir að hafa fylgst með af bekknum. Ég hef fengið að upplifa Gumma í nýju ljósi. Ég segi stundum eitthvað við Guðmund sem mér finnst skipta máli en þar sem ég er leikmaður get ég ekki sagt honum að taka þennan eða hinn af velli. Hann kvartar stundum yfir því að ég sé of rólegur á bekknum," sagði Guðjón.



„Ég get ekki komist upp með það og síðan farið að spila með viðkomandi aðilum stuttu síðar. Þeir munu ekkert gefa á mig," sagði Guðjón sem ætlaði sér ekkert að sitja á bekknum en lét tilleiðast þegar Guðmundur óskaði eftir aðstoð.

„Ég þarf líka að sinna ýmsum verkefnum. Fara á tæknifundi fyrir leiki sem eru oftast drepleiðinlegir. Ég hef samt kynnst dómurum og eftirlitsmönnum frá öðrum hliðum og það er jákvætt. Ég vil samt endilega fara að spila núna frekar en að standa í þessu."





Síminn ICELANDAIR 1011 ...alltaf opið! OPIN KERFI 25 ára

50 HELGILEIKIR Í JÓLAMÁNUÐINUM

Stöð 2 Sport 2 boðar ykkur mikinn fögnuð í desember. 50 leikir í enska boltanum, þar af fjórar heilar umferðir um jólin. Gerast kraftaverkin hjá Liverpool? Verða stuðningsmenn Arsenal og Chelsea bænheyrðir eða ná Rooney og félagar að halda hásætinu í deildinni? **Fáðu þér áskrift, sjáðu æsispennandi helgileiki og haltu heilaga hátíð í desember.**

**Fjöldi stórleikja:**
Chelsea – Everton
Liverpool – Aston Villa
Man. Utd. – Arsenal
Newcastle – Liverpool
Tottenham – Chelsea
Chelsea – Man. Utd.
Arsenal – Chelsea




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR 2 SPORT 2 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 2 SPORT 6

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# LG VIKA Í HÁTÆKNI

## Ný upplifun og frábær tilboð

## Ný tækni frá LG




PIPAR\TBWA • SÍA • 102762

# OLED

15" skjár til sýnis í Hátækni.

Sjáðu hvernig sjónvörpin líta út í náinni framtíð



**Verð 399.995 kr.**

## Sjáðu þrívídd í LG

### 50" 3D INFINIA LG sjónvarp

- Stórglæsilegt 3D Full HD 1920x1080 600Hz Plasma sjónvarp frá LG
- Frábær myndgæði með TrueBlack filter
- Fyrsta sjónvarpið í heiminum sem fær staðfestingu á THX® hljóðkerfi
- INFINA rammalaus hönnun
- Sjón er sögu ríkari
- LG BX580 Blu-Ray spilari fylgir með

Blu-Ray spilari fylgir

Tilboðsverð **599.995 kr.**




### 47" LG LED 3D Full HD

- Stórglæsilegt 3D Full HD 1920x1080 200Hz LED sjónvarp frá LG
- DivX HD afspilun af í gegnum USB 2.0.
- DLNA tenging
- Sjón er sögu ríkari

100.000 afsláttur

Tilboðsverð **499.995 kr.**

Verð áður 599.995 kr.

## Frábær tilboð frá LG




30.000 afsláttur

Tilboðsverð **229.995 kr.**

Verð áður 279.995 kr.

### 42" LG LCD FHD 200Hz TV

- Glæsilegt 42 tommu Full HD LCD sjónvarp • 200Hz
- 1920x1080 punkta upplausn • 3 x HDMI • LAN
- 2 x USB 2.0 • WiFi • DLNA og DivX HD stuðningur




20.000 afsláttur

Tilboðsverð **179.995 kr.**

Verð áður 199.995 kr.

### 42" LG Plasma HD R 600Hz

- 42" HD-Ready Plasma sjónvarp • 1366x768 punkta upplausn • 600 Hz • Stafrænn móttakari • USB tengi
- DivX HD stuðningur • 2 x HDMI




30.000 afsláttur

Tilboðsverð **219.995 kr.**

Verð áður 249.995 kr.

### 42" LG LED Full HD 100Hz TV

- Full HD LED sjónvarp frá LG með 1920x1080 punkta upplausn • Intelligent Sensor 2 myndstýring • 100 Hz
- Fjögur HDMI • USB 2.0 • DivX HD stuðningur.

ÁRA 25 VÖRUR 25% AFSL.

**25 vörur á 25% afmælisafslætti.**

vara 9



Hreinsissett
3.995 25% 2.996 kr.

vara 1



Veggfesting 30-50" fixed
16.995 25% 12.746 kr.

vara 13



Belkin HDMI kapall 1mtr
2.495 25% 1.871 kr.

25 ára
Hátækni
1985 - 2010

**Opið:** virka daga 9.30–18 | laugardaga 12–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

## > Ed Westwick

„Ég er alltaf að læra eitthvað nýtt á hverjum degi, í hverri viku, í hverjum einasta þætti. Og allt leikaraliðið hefur þróað með sér ótrúleg vinabönd. Við erum eins og fjölskylda."

***Ed Westwick kann vel við meðleikara sína í hinum sívinsæla Gossip Girl, sem er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR HEILLAST AF FORTÍÐINNI

# Þegar rokkarnir gátu ekki þagnað

Ríkissjónvarpið hefur undanfarna mánudaga skemmt landsmönnum með þáttunum Á meðan ég man. Ég hafði afar gaman af þætti mánudagskvöldsins þar sem síðari hluti níunda áratugarins var í brennidepli. Brotin úr þættinum Á líðandi stundu voru til að mynda stórkostleg, Agnes Bragadóttir, Ómar Ragnarsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson áttu góða spretti í þáttastjórnun þar sem allt gat gerst í beinni. Svo var alls kyns skemmtilegur hryllingur dreginn fram í dagsljósið, hljómsveitin Módel og Einar Vilhjálmsson að spila á gítar svo dæmi séu tekin.



Jón Gústafsson hitti einnig í mark í upphafsatriði unglingaþáttanna Rokkarnir geta ekki þagnað. Og Jón að útskýra í framhaldinu að þar sé ekki átt við rokka heldur rokkara var sömuleiðis gott. Þessir endurfundir við Jón vöktu mig reyndar til umhugsunar um þá staðreynd að viðlíka þáttur, þar sem hljómsveitir fá að spila og ungt fólk er í aðalhlutverki, er ekki á dagskrá Ríkissjónvarpsins og hefur ekki verið lengi. Það er slæmt, umfjöllun um menningu ungs fólks hlýtur að eiga að vera á dagskrá Ríkisútvarpsins. Það verður að minnsta kosti einsleitara úrval af efni fyrir þáttagerðarfólk framtíðar þegar það mun leita fanga í sjónvarpsefni RÚV frá fyrstu árum 21. aldarinnar þar sem ungt fólk er í aðalhlutverki.

Gamlar upptökur fengu nýtt líf með allt öðrum hætti í afar góðri heimildarmynd um Birgi Andrésson sem sýnd var hjá RÚV á dögunum. Uppistaða myndefnis var viðtöl sem höfundur þáttarins, Jón Axel Egilsson, tók við Birgi með fimm ára millibili. Úr þeim var vel unnið og viðmælendur aðrir góð viðbót. Eftir þáttinn fannst mér ég margs vísari um list Birgis og væri til í að sjá fleiri sambærilega þætti um íslenska myndlistarmenn.

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Íslendingarnir í Dakóta** Í þessari heimildamynd er sagt frá Þorfinni blinda sem flutti í Íslendingabyggðir Norður-Dakóta í Bandaríkjunum upp úr 1870 ásamt konu sinni og sjö börnum. (e)
**16.45 Návígi** (e)
**17.15 Táknmálsfréttir**
**17.25 Disneystundin**
**17.26 Snillingarnir** (10:28)
**17.49 Sígildar teiknimyndir** (10:42)
**17.57 Gló magnaða** (10:19)
**18.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal** (Jul i Svingen) Jóladagatalið í ár er norskt og segir frá Hlyni og vinum hans.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Læknamiðstöðin** (32:53) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**21.05 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Síðasta lest heim** (Last Train Home) Kanadísk heimildarmynd frá 2009.
**00.00 Landinn** (e)
**00.30 Kastljós** (e)
**01.10 Fréttir** (e)
**01.20 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Stormbreaker**
**10.00 An American Girl: Chrissa Stands Strong**
**12.00 School for Scoundrels**
**14.00 Stormbreaker**
**16.00 An American Girl: Chrissa Stands Strong**
**18.00 School for Scoundrels**
**20.00 My Fake Fiance**
**22.00 The Groomsmen**
**00.00 Half Nelson**
**02.00 Arrivederci amore, ciao**
**04.00 Yes**
**06.00 Naked Gun 2 ½: The Smell of Fear**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.40 Galdrabókin** (1:24)
**07.50 Maularinn**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (14:21)
**11.45 Grey's Anatomy** (5:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Pretty Little Liars** (1:22)
**13.50 Gossip Girl** (14:22)
**14.40 E.R.** (5:22)
**15.30 iCarly** (15:25)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Daffi önd og félagar, Ofurhundurinn Krypto
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (8:23)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Two and a Half Men** (12:24)
**19.50 How I Met Your Mother** (5:20)
**20.20 Gossip Girl** (4:22)
**21.10 Hawthorne** (1:10) Dramatísk þáttaröð sem fjallar um hjúkrunarfræðinga á Richmond Trinity spítalanum í Virginíu.
**22.00 Medium** (10:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois.
**22.45 Nip/Tuck** (9:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar.
**23.30 Sex and the City** (9:18)
**00.05 NCIS: Los Angeles** (15:24)
**00.50 Human Target** (6:12)
**01.35 Life on Mars** (2:17)
**02.20 Sjáðu**
**02.50 The Baxter**
**04.25 Gossip Girl** (4:22)
**05.10 The Simpsons** (8:23)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Enski deildabikarinn: West Ham - Man. Utd.**
**17.55 Enski deildabikarinn: West Ham - Man. Utd.**
**19.40 RN Löwen - Kiel**
**21.25 Enski deildabikarinn: Birmingham - Aston Villa**
**23.10 Man. City - Salzburg**
**00.55 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker þar sem mæta til leiks margir af færustu spilurum Evrópu í dag. Pokerstars Caribbean mótið er að þessu sinni haldið í Kíev í Úkraínu.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 West Ham - Wigan**
**18.15 Bolton - Blackpool**
**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.25 Football Legends** Næstur í röðinni er hinn magnaði Raul, leikmaður Real Madrid á Spáni, en í þessum þætti verða afrek þessa frábæra leikmanns skoðuð og skyggnst verður á bak við tjöldin.
**22.20 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
**23.20 Aston Villa - Arsenal**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 The Marriage Ref** (12:12) (e)
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 Nýtt útlit** (11:12) (e)
**19.00 Judging Amy** (12:23)
**19.45 Matarklúbburinn** (4:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran galdrar fram gómsæta rétti sem kitla bragðlaukana.
**20.10 Spjallið með Sölva** (11:13) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti.
**20.50 Parenthood** (9:13) Ný þáttaröð sem er í senn fyndin, hjartnæm og dramatísk. Kristina fer aftur út á vinnumarkaðinn og Adam þarf að sjá um börnin.
**21.35 America's Next Top Model** (9:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**22.25 Secret Diary of a Call Girl** (8:8) Skemmtileg og ögrandi þáttaröð um unga konu sem lifir tvöföldu lífi.
**22.55 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum.
**23.40 CSI: Miami** (9:24) (e)
**00.30 The Cleaner** (4:13) (e)
**01.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**11.30 Golfing World** (e)
**12.20 Golfing World** (e)
**13.10 Dubai World Championship** (4:4) (e)
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour Yearbooks** (9:10) (e)
**19.45 LPGA Highlights** (4:10) (e)
**21.05 European Tour - Highlights 2010** (9:10) (e)
**21.55 Golfing World** (e)
**22.45 Ryder Cup Official Film 1995** (e)
**23.40 Golfing World** (e)
**00.30 ESPN America**

## EXTRA

**19.00 American Dad** (1:20) Fimmta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy.
**19.25 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**20.05 Falcon Crest** (3:28) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum lítast af stöðugum erjum milli þeirra.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (1:22) Modern Family fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna.
**22.15 Chuck** (3:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum.
**23.00 The Shield** (12:13) Sjöunda spennuþáttaröðin um lögregluliði í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt.
**23.45 Talk Show With Spike Feresten** (4:22) Spjallþáttur með Spike Feresten sem var einn af aðalhöfundum Seinfeld-þáttanna.
**00.10 The Doctors**
**00.50 Falcon Crest** (3:28)
**01.35 Fréttir Stöðvar 2**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarna** Gunnar Eyjólfsson síungur og yndislegur.
**20.30 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og félagar um markaðsmálin.
**21.00 Segðu okkur frá bókinni** Sigurður G. tekur á móti íslenskum höfundum.
**21.30 Segðu okkur frá bókinni** Sigurður G. tekur á móti íslenskum höfundum.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.10**
**Hawthorne**



Nú er framleiðsluhlé á Grey's Anatomy í Bandaríkjunum fram yfir áramót og á meðan fá áhorfendur Stöðvar 2 að sjá nýja þáttaröð sem skartar Jödu Pinkett Smith í aðalhlutverki. Hún fjallar um hjúkrunarfræðinga á spítala í Virginíu. Jada leikur yfirhjúkrunarfræðing á spítalanum og helgar sig starfinu, þrátt fyrir annir í einkalífinu.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Hvað felst í fullveldinu? **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Útvarpsraddir: Margrét E. Jónsdóttir **14.03** Einar Kristjánsson - Aldarminning **15.03** Útvarpssagan: Himnaríki og helvíti **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Bókaþing **21.10** Út um græna grundu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.35** The Weakest Link **13.20** Deal or No Deal **13.55** Monarch of the Glen **14.45** ‚Allo ‚Allo! **15.20** ‚Allo ‚Allo! **15.50** Only Fools and Horses **16.20** Hotel Babylon **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Fawlty Towers **19.30** Wrong Door **20.00** Whose Line Is It Anyway? **20.30** Whitechapel **21.20** Fawlty Towers **21.50** Wrong Door **22.20** Whose Line Is It Anyway? **22.45** Come Dine With Me **23.10** Come Dine With Me **23.35** EastEnders

### DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.55** En Ford med format **13.00** Koste hvad det vil **13.30** Hammerslag **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Svampebob Firkant **15.50** Nik & Jan **16.00** Walter og Trofast: De gale bukser **16.30** Sebastians jul **16.40** Garfield **16.55** Fup og Svindel **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Absalons Hemmelighed **19.00** Kender du typen **19.30** Det søde liv **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Lewis **22.35** Onsdags Lotto **22.40** OBS **22.45** Mission Ledelse **23.15** Naruto Uncut **23.40** Boogie Mix

### NRK 1

**12.40** Glimt av Norge **12.50** Førkveld **13.30** Fredag i hagen **14.00** NRK nyheter **14.10** Poirot **15.05** V-cup skiskyting **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Filmavisen 1960 **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Solgt! **19.15** Folk **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Joanna Lumley: Draumen om Nilen **23.00** Filmbonanza **23.30** Trekant **00.00** The Norwegian Solution

### SVT 1

**12.05** Skavlan **13.20** Cimarron Strip **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.10** Skidskytte **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Woody Allen och Skavlan **20.30** Vicky Cristina Barcelona **22.00** Min jul **22.05** Våra vänners liv **23.05** Vem tror du att du är?





Norræna húsið • Sturlugata 5 • 101 Reykjavík • Sími 551 7030 • norraenahusid.is



FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

# FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

## Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.



m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og í iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér jarðarberja AB mjólk með Kellogg's Special K. Annars er hafragrauturinn í skólanum alltaf góður.“*

Andrea Röfn Jónasdóttir, nemi og fyrirsæta.

# Sunnudagaskólinn slær í gegn

„Það er mjög ánægjulegt hvað við höfum fengið góð viðbrögð,“ segir Þorleifur Einarsson, sem leikstýrði nýjum þáttum sem eru byggðir á sunnudagaskólanum og eru að koma út á mynddiski.

Tæplega eitt þúsund eintök hafa verið seld í forsölu af disknum, sem er gefinn út af Skálholtsútgáfunni. Ákveðið hefur verið að framleiða fjögur þúsund eintök til viðbótar, sem er um það bil tvöföldun á því sem var upphaflega stefnt á.

„Við vissum í rauninni ekkert hvað við vorum að fara út í. Svo stækkaði þetta og stækkaði og varð miklu meira en við bjuggumst við,“ segir Þorleifur. „Mér skilst að foreldrar vilji miðla þessum boðskap og þeir hafa kannski ekki tíma eða annað til að mæta í sunnudagaskólann. Þar af leiðandi er svona DVD-diskur mjög góð lausn á því. Við höfum heyrt frá foreldrum og öðrum að það hafi löngu verið kominn tími á þetta.“

Í aðalhlutverkum eru þau Hafdís og Klemmi, sem lenda í ýmsum skemmtilegum ævintýrum áður en þau fara í sunnudagaskólann. Leikarinn Jóel Sæmundsson og Hafdís Matsdóttir, sunnudagaskólakennari í Lindakirkju, fara með hlutverk þeirra. - fb



**HAFDÍS OG KLEMMI** Hafdís og Klemmi lenda í ýmsum skemmtilegum ævintýrum á nýja mynddisknum.






ÞORVALDUR ÞORVALDSSON: FÉKK ÖRYGGISFYLGD Á KLÓSETTIÐ

# Lífverðir fylgdu hljómsveit Jónsa eftir í Suður-Kóreu

„Það var engin lögreglufylgd en það voru öryggisverðir sem pössuðu upp á okkur,“ segir Þorvaldur Þór Þorvaldsson, trommari í hljómsveit Jónsa úr Sigur Rós.

Sveitin hélt tónleika í Suður-Kóreu á mánudagskvöld. Ástandið í landinu hefur verið ótryggt upp á síðkastið vegna átaka á milli Suður- og Norður-Kóreu en Þorvaldur vissi ekki hvort öryggisverðirnir hefðu verið fengnir vegna þess. „Þegar við fórum á hótelbarinn löbbuðu þeir með okkur og biðu eftir okkur og þegar ég fór á klósettið beið öryggisvörður mín þegar ég kom til baka. Ég hef aldrei lent í þessu áður,“ segir Þorvaldur. „Það var engin ástæða til að hafa þá þarna. Ég veit ekki hvaðan þetta kom. Við hefðum aldrei farið út ef það hefði verið hætta á ferðinni og ég fann ekkert fyrir þessum titringi í Seúl.“

Trommarinn segir tónleikana í borginni eina þá bestu á tónleikaferðinni, sem hófst í London í apríl. „Þetta voru frábærir tónleikar og frábærir áhorfendur, hugsanlega þeir bestu á þessum túr. Þeir voru búnir að stilla saman strengi sína og fylltu sviðið af skutlum í einu laginu. Það er gaman fyrir okkur þegar áhorfendur eru búnir að undirbúa sig og gera eitthvað fyrir okkur. Þeir voru líka með snjósprey í öðru lagi.“

Hann segir tónleikaferðina hafa verið draumi líkasta. Það kemur ekki á óvart því áður en lokatónleikarnir í Laugardalshöll 29. desember hefjast hefur sveitin spilað á 99 tónleikum um víða veröld, fyrir framan um 200 þúsund manns, til að kynna fyrstu sólóplötu Jónsa, Go. „Þetta er búið að vera stórkostlegt ævintýri og ógleymanleg reynsla. Það eru yndislegir strákar í hljómsveitinni og við erum allir rosalega heppnir finnst mér að hafa hver annan.“

Þorvaldur gaf út sína fyrstu sólóplötu í fyrra eftir að hafa dvalið í sjö ár í Bandaríkjunum við nám og störf. „Ég er mjög þakklátur fyrir að hafa fengið þetta tækifæri og það er frábært að vinna með Jónsa. Hann er einn allra besti söngvari sem ég hef á ævinni unnið með.“

Spurður hvort hann hafi hitt einhverja fræga á tónleikaferðinni er fátt um svör. Reyndar hitti Þorvaldur kollega sinn í The Roots, Questlove, í upptökuveri sjónvarpsstöðvarinnar NBC í New York, en tókst ekki að hitta rapparann Jay-Z og goðsögnina Stevie Wonder eins og hann hafði vonast eftir. „Ég er búinn að missa þrisvar af Jay-Z. Ég væri alveg til í að taka í höndina á honum og segja að mér finnist hann frábær.“ freyr@frettabladid.is





**VEL HEPPNUÐ TÓNLEIKAFERÐ**

Hljómsveit Jónsa sem hefur verið á tónleikaferð um heiminn á þessu ári. Frá vinstri að ofan eru Óli Björn, Alex, Jónsi og Þorvaldur og Úlfur situr fyrir framan. Þorvaldur hitti Questlove, trommara The Roots, og fór vel á með þeim félögum.






# Með kórónu á sænskri sýningu

Söngkonan Jóhanna Guðrún er stödd í Svíþjóð, þar sem hún tekur þátt í stórri jólasýningu ásamt mörgum af þekktustu söngvurum Svíþjóðar.

„Það er þvílík mæting á þetta. Það eru tvær sýningar í gangi sem berjast um vinsældirnar og þessi er greinilega að vinna þá keppni,“ segir María Björk Sverrisdóttir, samstarfskona Jóhönnu Guðrúnar.

Þema sýningarinnar er sænska konungsfjölskyldan og er um nokkurs konar söngleik að ræða. Skemmtunin, sem felur í sér þriggja rétta kvöldverð, er haldin fjórum sinnum í stórum höllum í Svíþjóð og munu um sextán þúsund manns hafa barið Jóhönnu og félaga augum þegar yfir lýkur á föstudagskvöld. Á meðal þeirra sem stíga á svið með henni eru Andreas Johnson, Jessica Andersson, Brolle og Eric Saade, sem er ungur og upprennandi söngvari og tekur þátt í sænsku Eurovision-undankeppninni í ár. Sýningin hefur fengið góðar viðtökur gagnrýnenda, þar á meðal fimm stjörnur á sænsku tónlistarsíðunni Poplight.zitiz.se.

Jóhanna er sjálf í hlutverki Svíaprinsessu og ber kórónu á höfði. Á meðal laga sem hún syngur eru Respect sem Aretha Franklin gerði vinsælt og að sjálfsögðu Eurovision-slagarinn Is it True?

María Björk hætti sem umboðsmaður Jóhönnu Guðrúnar í sumar eftir tíu ára samstarf og við starfinu tók norski umbinn Eyvind Brydøy. María starfar þó enn fyrir Jóhönnu og stóð meðal annars á bak við þátttöku hennar í Svíþjóðar-gigginu. „Við erum að vinna saman og munum gera það í framtíðinni. Ég ætla að leggja mitt af mörkum til að ferill hennar haldi áfram en við ætlum að sjá hvernig hlutirnir þróast,“ segir María. - fb



**JÓHANNA OG SAADE** Jóhanna Guðrún ásamt Eric Saade sem er einn af vinsælustu ungu söngvurunum í Svíþjóð.


N1 kynnir tónlistarviðburð án hliðstæðu á Íslandi.
Jólagestir
Björgvins
3
DAGAR Í TÓNLEIKA ÁRSINS!
Örfáir miðar í boði!
ANNAÐ TÆKIFÆRI!
Ósóttar pantanir á alla tónleika til sölu frá kl. 10:00 í dag á Miði.is.
Við óskum 12 þúsund gestum góðrar skemmtunar um helgina.
N1
www.Jolagestir.is
www.Facebook.com/jolagestir
sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Íslandsvinurinn Claudia



Dagur rauða nefsins er á föstudaginn og af því tilefni verður fimm klukkustunda löng útsending á Stöð 2 í opinni dagskrá. Fjölmargir þjóðþekktir skemmtikraftar koma fram þetta kvöld en erlendar stórstjörnur munu líka birtast á skjánum. Þannig munu velgjörðarsendiherrar Unicef í Bretlandi, fólk á borð við Gwyneth Paltrow og Robbie Williams, koma fram í innslögum þar sem þeir hvetja fólk til að taka þátt í starfi Unicef. Auk þess hefur ofurfyrirsætan og Íslandsvinurinn **Claudia Schiffer** lesið inn skilaboð á myndband sérstaklega fyrir umrædda útsendingu þar sem hún hvetur Íslendinga til að gerast heimsforeldrar.

### Boltastrákur



**Gunnleifur Gunnleifsson**, landsliðsmarkvörður í fótbolta, eignaðist á dögunum dreng með eiginkonu sinni Hildi Einarsdóttur. Skírnin fór fram um síðustu helgi og til að tryggja að erfinginn verði með fótboltagenin í stórum skömmtun fékk hann nafnið Arnar Bjarki, sem er auðvitað sameiginlegt nafn þeirra fótboltatvíbura, Arnars og Bjarka Gunnlaugssona

### Mest lesið vísir.is

1. Ólafur kominn af gjörgæsludeild
2. Jónína: Maður drepinn fyrir framan augu okkar
3. Þrjár konur til viðbótar ásaka Gunnar
4. Hlín Einars fór úr axlarlið Í bítinu í morgun
5. Hlín Einars: „Þetta var rosalegt sjokk


22.00

Opið til 10 öll kvöld frá 1. des. til jóla.

byggtogbúið
TIGER
KRINGLUNNI


